allt

Inga María Valdimarsdóttir:

*Féll fyrir dönskum stígvélum*

• tíska • ferðir • heimili

Í MIÐJU BLAÐSINS ▶





Kvikmyndaframleiðandinn Kisi:

*Gerir íslenskan vestra*

• ýmislegt í farvatninu

SÍÐA 38 ▶








# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

14. apríl 2005 – 99. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 vísir


**FIMMTUDAGUR**



**TRÚNAÐARUPPLÝSINGAR Í RANGAR HENDUR** Frá árinu 2001 hafa viðkvæmar trúnaðarupplýsingar ætlaðar utanríkisráðuneytinu oft borist í hendur óviðkomandi. Dæmi eru um að erindin hafi varðað þjóðaröryggi. **Sjá síðu 2**

**EIGNARHALDSTAKMARKANIR** Ekki er útilokað að tillögur fjölmiðlanefndarinnar um eignarhaldstakmarkanir á fjölmiðlum taki breytingum áður en samið verður frumvarp. **Sjá síðu 4**

**BLAIR KYNNIR STEFNUSKRÁ** Skoðanakannanir sýna að breski Verkamannaflokkurinn muni sigra auðveldlega í kosningunum 5. maí. Tony Blair kynnti stefnuskrá flokks síns í gær. **Sjá síðu 6**

**ÁTAKAFUNDUR Í SKAGAFIRÐI** Búast má við átakafundi í sveitarsjórn Skagafjarðar í dag og ekki loku fyrir það skotið að meirihlutinn falli. Líkur eru á að vantraust á forseta sveitarstjórnar verði samþykkt. **Sjá síðu 8**

**VEÐRIÐ Í DAG**




**BJARTVIÐRI** austan til á landinu annars skýjað með köflum og úrkomulítið. Hægt hlýnandi veður, fyrst suðvestan til. **Sjá síðu 4**

**DAGURINN Í DAG**



**STJARNAN MÆTIR ÍBV** Tveir leikir verða í úrslitakeppni kvenna í handbolta klukkan 19.40. Stjarnan tekur á móti ÍBV og Haukar sækja Val heim.


| | | | |
|---|---|---|---|
| Kvikmyndir | 34 | Myndlist | 32 |
| Tónlist | 30 | Íþróttir | 24 |
| Leikhús | 32 | Sjónvarp | 36 |



**73%**

20-49 ára fólks á sv-horninu lesa Fréttablaðið á laugardögum.*

Hver vill ekki fá þetta fólk í heimsókn í sína verslun?

*Gallup febrúar 2005

FRÉTTABLAÐIÐ


# Greiðslur fyrir kynlífssýningar á netinu

**Íslenskar stúlkur hafa hagnast á því að senda út myndir af sér við kynferðislegar athafnir á netinu, segir rannsóknarlögreglumaður í Reykjavík. Hann segir barnaníðinga eiga msn-netföng hjá fjölda barna.**

**LÖGREGLUMÁL** „Við vitum um íslenskar stúlkur sem hafa hagnast á því að bera sig fyrir framan myndavélar í svokallaðri beinni útsendingu á netinu,“ sagði Kristján Ingi Kristjánsson, rannsóknarlögreglumaður hjá ofbeldisbrotadeild Lögreglunnar í Reykjavík.

Kristján fjallaði um ofbeldismál tengd netinu á ráðstefnu um heimilis- og kynferðisofbeldi gegn börnum og unglingum sem haldin var í Kennaraháskóla Íslands.

Um þá aðferð stúlkna að hagnast á svokölluðum „beinum útsendingum“ sagði hann að við þær væru notaðar svokallaðar vefmyndavélar. „Þar eru sýndar kynferðislegar athafnir. Menn fá að sjá meira ef þeir gefa upp greiðslukortanúmerið,“ bætti hann við.



**KRISTJÁN INGI KRISTJÁNSSON**
Fjallaði um klámvæðinguna á netinu og greindi frá hinum mörgu birtingarmyndum hennar.

„Við höfum fengið svona mál til rannsóknar,“ sagði Gunnleifur Kjartansson, yfirmaður ofbeldisbrotadeildar Lögreglunnar.

Kristján Ingi fjallaði einnig um aðferðir barnaníðinga við að tæla ung börn.

„Tæling og blekking eru helstu aðferðir við kynferðisbrot gagnvart börnum,“ sagði hann. „Ég hef séð stúlkur og drengi verða fyrir barðinu á barnaníðingum með þessum hætti. Um 70 til 80 prósent barnaníðinga hafa sótt barnaklám á netinu og um 70 til 80 prósent þeirra hafa framið kynferðisbrot gegn börnum. Lögreglan vinnur með hliðsjón af þessum staðreyndum í dag.“

Kristján Ingi sagði að líkja mætti barnaníðingum við fíkla. Þeir gerðu hvað sem er til þess að nálgast börn. Ef þeir næðu barni til sín væru allar líkur á að þeir kæmust eins langt með það og þeir ætluðu sér. Hann sagði að enginn gæti verið óhultur fyrir barnaníðingum. Algengur misskilningur foreldra væri sá, að þau héldu að börnin væru óhult fyrir ofbeldismönnunum ef þau væru látin fylgja útivistarreglum.

„Barnaníðingar aðlaga sig að útivistarreglum barna. Þeir hanga á einkamálarásum og opnum spjallrásum á netinu, þeir eiga msn-netföng hjá fjölda barna. Þeir bíða og þeir vinna að því að fá börnin til að hitta sig. Þeir gera það markvisst, öllum stundum, allan sólarhringinn.“

jss@frettabladid.is



**ELDUR Á ATHAFNASVÆÐI BJÖRGUNAR** Eldur kviknaði í svokallaðri sjóhörpu á athafnasvæði Björgunar við Sævarhöfða síðdegis í gær. Eldurinn kviknaði út frá gasloga en verið var að brenna í sundur málm í turninum. Allmikinn svartan reyk lagði frá færibandinu en sjóharpan þjónar þeim tilgangi að sigta jarðefni sem skip dæla úr sjó. Slökkviliðið náði fljótt tökum á eldinum og tókst að slökkva hann á stuttum tíma. Helsta hættan stafaði af gaskútum sem stóðu nálægt. Ekki er ljóst hversu mikið tjón varð af brunanum.

Lúðvík Bergvinsson:

## Víttur á þingi

**ALÞINGI** Halldór Blöndal, forseti Alþingis, vítti Lúðvík Bergvinsson, þingmann Samfylkingarinnar, í umræðum um störf þingsins.

Lúðvík var að gagnýna það hvers vegna ekki fengist utandagskrárumræða um störf einkavæðingarnefndar í tengslum við sölu Símans. Þegar svo var komið sló Halldór Blöndal í bjölluna og óskaði eftir því að Lúðvík tæki skýringar forseta Alþingis gildar. Lúðvík lét ekki segjast og sagði: „Forseti, ég hef orðið.“ Fyrir þau ummæli vítti Halldór Lúðvík.

Þetta er í annað skiptið sem Halldór vítir Lúðvík. Þá vítti hann Ögmund Jónasson, þingmann Vinstri-grænna, fyrir þremur árum. Fyrir þann tíma hafði þingmaður ekki verið víttur í rúm 40 ár.

- th

Íslensk hjón í skíðaferð á Ítalíu:

## Hundruð þúsunda hurfu af reikningum

**KORTAFALS** Tæplega 600 þúsund krónum var stolið af tveimur debetkortareikningum íslenskra hjóna þegar þau voru á skíðaferðalagi á Norður-Ítalíu í mars.

Fyrir nokkrum dögum tóku Kristmann Kristmannsson og eiginkona hans eftir því að töluvert vantaði á debetreikninga þeirra beggja. Töluverðar upphæðir höfðu þá verið teknar út af kortunum á Ítalíu eftir að þau komu heim. Alls voru sextán færslur á hvoru korti sem hver um sig var 300 evrur. Stundum hafði verið tekið út af kortunum nokkrum sinnum á dag.

Kristmann telur að kortin hljóti að hafa verið afrituð í hraðbanka sem þau hjónin reyndu bæði að nota án árangurs. Að öllum líkindum hafi þessi hraðbanki verið til þess ætlaður að ná strikamerkjum og leyninúmerum.

Kristmann segir nauðsynlegt að vara fólk við en töluvert af Íslendingum var statt í bænum á sama tíma.

Þórður Jónsson, sviðsstjóri kortaútgáfu Vísa, segir fá slík mál koma upp á hverju ári. Samt hljótist af þeim tugmilljóna króna tap, en það lendir á kortafyrirtækjum að borga. Þórður segir slíkt kortafals hafa færst í aukana undanfarin ár erlendis en ekki sé vitað til þess að slíkt eigi sér stað á Íslandi.

- sgi



Dómur féll Rafiðnaðarsambandinu í vil í máli gegn Varnarliðinu:

# Einhliða uppsögn samnings ólögmæt

**KJARAMÁL** „Þetta sýnir og sannar að við höfðum enn einu sinni rétt fyrir okkur og dómurinn hefur tvímælalaust fordæmisgildi fyrir aðra,“ segir Guðmundur Gunnarsson, formaður Rafiðnaðarsambands Íslands. Héraðsdómur Reykjavíkur komst að þeirri niðurstöðu í gær að uppsagnir Varnarliðsins bandaríska á hluta starfstengdra kjara félagsmanna Rafiðnaðarsambandsins væru ólögmætar.

Rafiðnaðarsambandið stefndi utanríkisráðherra, sem fer með málefni Varnarliðsins, eftir að tilkynnt var um uppsagnir á greiðslu almenns rútugjalds og sérstakri greiðslu vegna ferðatíma þeirra starfsmanna sem ekki eru búsettir í næsta nágrenni við athafnasvæði Varnarliðsins. Var það mat Rafiðnaðarsambandsins, sem og annarra verkalýðsfélaga, að ekki væri hægt að segja upp þessum samningum einhliða og tók dómurinn undir þau sjónarmið.


FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

**ATHAFNASVÆÐI VARNARLIÐSINS** Starfsmenn sem ekki búa í nánasta nágrenni eiga rétt á ferðagreiðslum.

Þó að aðeins Rafiðnaðarsambandið hafi sótt málið fyrir rúmlega tug sinna félagsmanna telur Kristján Gunnarsson, formaður Verkalýðs- og sjómannasambands Keflavíkur og nágrennis, að úrskurðurinn muni einnig gilda fyrir aðra sem svipað er ástatt um. Er í heildina um 120 manns að ræða. „Þessi mál eru öll að vinnast enda lögin okkar megin og nú þarf að bíða og sjá hvort þessum úrskurði verði áfrýjað.“ - aöe

Rán í Kópavogi:

# Hótaði með skrúfjárni

**LÖGREGLA** Rán var framið í verslun 10-11 í verslunarmiðstöðinni við Engihjalla í Kópavogi síðdegis í gær.

Að sögn sjónarvotta voru tveir menn um tvítugt að verki, en þeir komust undan. Að sögn lögreglu huldu mennirnir andlit sín. Annar ræninginn kvað hafa rekið skrúfjárn í maga afgreiðslustúlku og hótað að stinga hana ef hún afhenti ekki peninga úr afgreiðslukassa. Tvímenningarnir náðu peningum úr kassanum og tóku með sér eitthvað af tóbaki. Þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöld voru ræningjarnir ófundnir. - aa



## SPURNING DAGSINS

*Lúlli, er þú vitakóngur Alþingis?*

**„Ég var vítaskytta í fótboltanum í gamla daga og eðlilegt að ég haldi því áfram á Alþingi.“**

Forseti Alþingis, Halldór Blöndal, ávítti Lúðvík Bergvinsson, þingmann Samfylkingar, fyrir að segja „forseti, ég hef orðið,“ í þingstól á Alþingi í gær. Þetta er í annað sinn sem Lúðvík fær slíkar ákúrur á Alþingi.

# Trúnaðargögn í röngum höndum

**Frá árinu 2001 hafa viðkvæmar trúnaðarupplýsingar, ætlaðar utanríkisráðuneytinu, oft verið sendar á röng netföng. Dæmi eru um að erindin hafi varðað þjóðaröryggi. Ráðuneytið greip í taumana í gær.**

**TÖLVUSAMSKIPTI** Fyrirtæki í eigu Láru Stefánsdóttur, varaþingmanns Samfylkingarinnar í Norðausturkjördæmi, á lénið utn.is en það tengist starfi hennar við upplýsingatækni í framhaldsskólum. Netföng starfsfólks utanríkisráðuneytisins enda á @utn.stjr.is en lénið utn.is er stillt þannig að allur póstur sem sendur er á póstföng sem enda á @utn.is endar í pósthólfi Láru. Þannig berst til dæmis póstur á david.oddsson@utn.is og illugi.gunnarsson@utn.is ekki í hendur ráðherra eða aðstoðarmanns hans heldur beint í hendur varaþingmanns stjórnarandstöðunnar.

Lára vill ekki upplýsa um innihald póstsendinganna en segir þær hafa borist bæði á meðan Halldór Ásgrímsson var utanríkisráðherra og eins eftir að Davíð Oddsson tók við. „Í sumum tilfellum hefur verið um að ræða afar viðkvæm mál og jafnvel mál sem snúa beint að öryggi Íslands, samskipti sendiráða við utanríkisráðuneytið og eins tölvupóstsendingar á milli starfsmanna ráðuneytisins,“ segir Lára.

Undanfarin fjögur ár hefur Lára ítrekað látið ráðuneytið vita að henni hafi borist póstur sem ráðuneytinu var ætlaður og hún segist hafa boðið ráðuneytinu lénið utn.is til kaups gegn því að kostnaður við að flytja vefinn og kynna hann á nýjum stað yrði greiddur. „Ég nefndi enga upphæð heldur bauð ráðuneytinu að koma með einhverja tölu en ég hafði aðeins í huga nokkra tugi þúsunda. Ráðuneytið vildi einungis greiða fyrir stofnun á nýju léni sem er 12 þúsund krónur og láta mig sitja uppi með vinnuna og kostnaðinn við flutning og kynningu. Ég var ekki tilbúin til þess og því hefur ekkert verið gert í þessu máli,“ segir Lára.


FRÉTTABLAÐIÐ/KK

**LÁRA STEFÁNSDÓTTIR**
„Þegar Halldór Ásgrímsson var utanríkisráðherra barst mér mjög viðkvæmt mál og þá skrifaði ég Halldóri og aðstoðarmanni hans bréf og lét vita af þessum netfangaruglingi en hvorugur þeirra hirti um að svara mér,“ segir Lára.

Illugi Gunnarsson, aðstoðarmaður Davíðs Oddssonar utanríkisráðherra, sagðist sleginn yfir að ekki skyldi vera búið að ganga frá þessu máli þegar Fréttablaðið bar fréttina undir hann í gær. Hafði hann strax samband við Láru og var gengið frá samkomulagi þess efnis að ráðuneytið eignaðist lénið utn.is.

kk@frettabladid.is



**UNDIRSKRIFTIR AFHENTAR**
Hjónin Einar Árnason og Karen Hilmarsdóttir afhentu Jóni Kristjánssyni undirskriftalista tæplega 5.000 íbúa Suðurnesja.

Skorað á ráðherra:

# Skurðstofa verði opin

**SJÚKRAHÚS** Hjónin Einar Árnason og Karen Hilmarsdóttir, sem misstu dóttur sína í lok janúar, afhentu Jóni Kristjánssyni heilbrigðisráðherra undirskriftalista tæplega fimm þúsund íbúa Suðurnesja í gær.

Í áskoruninni er farið fram á að skurðstofan við Heilbrigðisstofnun Suðurnesja verði opin allan sólarhringinn svo ekki þurfi að koma upp mál eins og þegar þau misstu dóttur sína 21. janúar síðastliðinn. „Þegar lífið liggur við er ansi langt að fara Reykjanesbrautina til að þurfa að sækja bráðaþjónustu,“ segir í áskoruninni. - ss

## DÓMSMÁL

**GERT AÐ GREIÐA VANGOLDIN LAUN** Íslensku fyrirtæki var gert að greiða erlendum starfsmanni sínum tæpar 800 þúsund krónur vegna vangoldinna launa samkvæmt ákvörðun Héraðsdóms Reykjavíkur. Var fyrirtækinu enn fremur gert að greiða allan málskostnað.


MYND AP

**BAÐST VÆGÐAR**
Talið er að gíslinn heiti Jeffrey Ake en ekki er vitað hverjir rændu honum.

Vargöld í Írak:

# Myndband birt af gísl

**BAGDAD, AP** Fimm Írakar fórust í bílsprengjuárás í Bagdad í gær og fjórir Bandaríkjamenn særðust alvarlega. Íraksarmur al-Kaída hefur lýst yfir ábyrgð á verknaðinum.

Talið er að heimsókn Donalds Rumsfeld, varnarmálaráðherra Bandaríkjanna, og Roberts Zoellick, aðstoðarutanríkisráðherra, hafi eggjað árásarmennina til gjörða sinna.

Þá dóu tólf íraskir lögreglumenn þegar þeir reyndu að aftengja heimatilbúna sprengju nærri Kirkuk.

Á Al-Jazeera sjónvarpsstöðinni var sýnt myndskeið af Bandaríkjamanni sem var rænt í Bagdad fyrr í vikunni, þar sem hann sárbændi bandarísk yfirvöld um að draga herlið sitt frá landinu. ■

## LÖGREGLUMÁL

**BÍLVELTA Í MÖÐRUDAL** Kona og barn hennar björguðust giftusamlega þegar bifreið þeirra lenti út af veginum um Möðrudalsöræfi á móts við Langadal og valt. Kviknaði í bifreiðinni við veltuna og brann hún til kaldra kola. Konuna og barn hennar sakaði ekki og komust þau klakklaust til Egilsstaða.




Kristín Gísladóttir sjúkraþjálfari aðstoðar við val á réttri dýnu alla fimmtudaga á milli kl. 16 og 18

LYSTADÚN Marco

Opið virka daga: 10–18
laugardaga: 11–15
Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500


Ástarvikan í Bolungarvík ber ávöxt:

# Von er á barni í næsta mánuði

**ÁSTARVIKA** Ávöxtur ástarviku í Bolungarvík í fyrra er eitt barn sem fæðist í maí. Soffía Vagnsdóttir, bæjarfulltrúi og forsprakki ástarvikunnar, segir að blásið verði til fagnaðar „með einhverjum hætti“ þegar barnið fæðist og því færðar gjafir frá Bjarnabúð. Barnið er af alþjóðlegu þjóðerni, móðirin pólsk og faðirinn íslenskur.

Þrátt fyrir lélega uppskeru eftir síðustu ástarviku eru Bolvíkingar ekki af baki dottnir. Þeir eru nú að undirbúa nýja ástarviku í ágúst og segir Soffía að verið sé að leggja drög að ýmsu. „Við vinnum að því að fá fleira ungt fólk í bæinn,“ segir hún.

Sjálf er Soffía að verða amma en það er ekki fyrr en í júlí og telst barnið því ekki ávöxtur ástarvikunnar síðasta haust.



**BLÁSIÐ TIL FAGNAÐAR**
Soffía Vagnsdóttir, forsprakki ástarvikunnar í Bolungarvík, og sonur hennar, Vagn Margeir Smelt. Blásið verður til fagnaðar þegar ávöxtur ástarvikunnar í Bolungarvík fæðist í vor.

Akrahreppur í Skagafirði stóð fyrir ástarviku fyrir nokkrum árum og gaf hverju barni 100 þúsund krónur í verðlaun. Agnar H. Gunnarsson oddviti segir að hætt hafi staðið með ástarvikuna þegar skatturinn leit á gjöfina sem tekjur og innheimti skatt af henni. Börnunum hafi þó fjölgað á tímabili. -ghs




# Sumardagar

## í Kringlunni alla helgina

Sýning á því nýjasta í tjaldvögnum, fellihýsum, hjólhýsum og húsbílum. Kynning á gasvörum og sólarrafhlöðum.

**Nýtt kortatímabil**

Kringlan
MEÐ ALLT Á EINUM STAÐ

www.kringlan.is upplýsingasími 588 7788 skrifstofusími 568 9200

| | Mán. til mið. | Fimmtudagur | Föstudagur | Laugardagur | Sunnudagur |
|---|---|---|---|---|---|
| Verslanir | 10.00 til 18.30 | 10.00 til 21.00 | 10.00 til 19.00 | 10.00 til 18.00 | 13.00 til 17.00 |
| Ævintýraland | 14.00 til 18.30 | 14.00 til 19.00 | 14.00 til 19.00 | 11.00 til 18.00 | 13.00 til 17.00 |

**Veitingastaðir** og **Kringlubíó** eru með opið lengur á kvöldin.

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS KRI 28038 04/2005

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 13.04.2005

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 62,91 | 63,21 |
| Sterlingspund | GBP | 119,03 | 119,61 |
| Evra | EUR | 81,35 | 81,81 |
| Dönsk króna | DKK | 10,92 | 10,98 |
| Norsk króna | NOK | 9,93 | 9,99 |
| Sænsk króna | SEK | 8,89 | 8,94 |
| Japanskt jen | JPY | 0,59 | 0,59 |
| SDR | XDR | 94,95 | 95,51 |

*Gengisvísitala krónunnar*

112,17 +2,14%

Heimild: Seðlabanki Íslands

Yfirmaður alþjóðadeildar Ríkislögreglustjóra:

# Mafíustarfsemi hérlendis könnuð

**LÖGREGLAN** Mafíustarfsemi frá Eystrasaltslöndunum teygir anga sína til Íslands. Smári Sigurðsson, yfirmaður alþjóðadeildar Ríkislögreglustjóra, segir að lögreglan hafi séð Litháa hér í brotastarfsemi, dæmi séu um innflutning fíkniefna og eftirlýstur maður bíði framsals.

Ólöglegt vinnuafl flæðir inn frá Eystrasaltslöndunum. Smári segir að einhverjir hljóti að hagnast þegar fólk fái greitt langt undir kjarasamningum.

„Hvort það er mafían í heimalandinu, það veit ég ekki. Við erum að reyna að gera okkur grein fyrir því,“ segir hann.

Íslenska lögreglan er á varðbergi gagnvart ólöglegri starfsemi og fylgist náið með því sem er að gerast, hvort sem það er fíkniefnainnflutningur eða ólöglegur innflutningur á erlendu vinnuafli.

„Það er auðvitað spurning hvort nóg er að gert. Það vill oft verða þannig að við erum skrefi á eftir,“ segir Smári. „Fíkniefnainnflutningurinn er betur skipulagður en áður. Við sjáum að þeir sem bera hingað fíkniefni eru einstaklingar sem eru til þess ráðnir.“

- ghs



**EMBÆTTI RÍKISLÖGREGLUSTJÓRA**
Smári segir að einhverjir hljóti að hagnast þegar fólk fái greitt langt undir kjarasamningum.

Rúmenía og Búlgaría:

# Fái aðild árið 2007

**EVRÓPUÞINGIÐ, AP** Evrópuþingið samþykkti í gær fyrir sitt leyti að Rúmenía og Búlgaría fái aðild að sambandinu á árinu 2007. Samþykktin var þó gerð með þeim fyrirvara að í báðum löndum verði ýmsum umbótum hrint í framkvæmd áður en aðildarsamningarnir ganga í gildi.

Til stendur að utanríkisráðherrar allra Evrópusambandslandanna 25 og starfsbræður þeirra frá Rúmeníu og Búlgaríu undirriti aðildarsamninga landanna tveggja hinn 25. apríl næstkomandi. ■



**ELDFIM SAGA**
Kínverskur námsmaður hrópar andjapönsk slagorð á mótmælafundi í Peking.

Japan-Kína:

# Gasborun sem olía á eld

**JAPAN, AP** Japönsk stjórnvöld greindu frá því í gær að þau hefðu tekið til afgreiðslu umsóknir japanskra fyrirtækja um tilraunaboranir eftir jarðgasi undir sjávarbotni á svæði í A-Kínahafi sem Kínverjar gera einnig tilkall til. Líklegt er að þessi ákvörðun verði sem olía á eldinn í alvarlegustu milliríkjadeilu Japans og Kína sem upp hefur komið síðustu áratugi.

Deilan hófst um síðustu helgi þegar fjöldamótmæli fóru fram í Peking, þar sem Kínverjar létu í ljós reiði sína yfir því sem þeir álíta vera sögufalsanir í nýrri japanski kennslubók. ■

Öfgamaður:

# Hugði á eiturárás

**BRETLAND** Sakadómur Lundúnaborgar hefur dæmt alsírskan flóttamann fyrir samsæri um að fremja eiturefnaárás gegn almenningi. Hann er sagður útsendari al-Kaída og hafa hlotið þjálfun í búðum þeirra í Afganistan. Kamel Bourgass hefur þegar hlotið lífstíðardóm fyrir að bana lögreglumanni þegar reynt var að handtaka hann fyrir rúmum tveimur árum.

Að sögn BBC fann lögregla mikið magn kristpálmafræja í íbúð mannsins, en úr þeim er eiturefnið rísín unnið. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**FJÖLMIÐLANEFNDIN LEGGUR TIL AÐ EIGNARHALDSTAKMARKANIR VERÐI SETTAR Á ÁKVEÐNA FJÖLMIÐLA**
Þingmenn stjórnarflokkanna skoða nú tillögur fjölmiðlanefndarinnar en útiloka ekki að þær taki breytingum áður en þær verði að frumvarpi í haust eins og menntamálaráðherra hefur boðað.

# Tillögur fjölmiðlanefndar ekki lög

**Ekki er útilokað að tillögur fjölmiðlanefndarinnar um eignarhaldstakmarkanir á fjölmiðlum taki breytingum áður en samið verður frumvarp sem byggt verður á skýrslunni. Samfylkingin vill rýmri mörk og stjórnarflokkarnir skoða málið.**

**FJÖLMIÐLASKÝRSLA** Stjórnarþingmenn sem Fréttablaðið ræddi við eru sammála um að tillögur fjölmiðlanefndarinnar geti tekið breytingum áður en samið verður frumvarp sem byggist á þeim. Mörður Árnason, þingmaður Samfylkingarinnar, hefur sagt að nú þegar sé komið í ljós að þær 25 prósenta eignarhaldstakmarkanir sem fjölmiðlanefndin lagði til séu of stífar.

Magnús Stefánsson, þingmaður Framsóknarflokksins, segir skýrsluna vera góðan grunn fyrir lagasetningu um fjölmiðla. „Hún er innlegg í umræðuna og þegar farið verður að vinna að frumvarpinu verða tillögur nefndarinnar hafðar til hliðsjónar,“ segir Magnús.

Spurður hvort hann sé sammála Samfylkingunni um að tillögur nefndarinnar um eignarhald séu of stífar segir Magnús: „Niðurstöðurnar eru auðvitað bara tillögur sem menn hljóta að taka mið af við lagasmíð. Þau eru hins vegar ekki lög og eftir er að fjalla heilmikið um tillögurnar. Það má vel vera að þær taki breytingum í þeirri umræðu. Það er mikið álitamál hve stíf mörkin eigi að vera,“ segir Magnús.

Einar Oddur Kristjánsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, segir að niðurstöður nefndarinnar hafi verið ákveðin málamiðlun. „Ég hef ekkert skipt um skoðun frá því í fyrra að það eigi að takmarka á einhvern hátt eignarhald markaðsráðandi aðila að fjölmiðlum. Ég held að þeirri umræðu hafi verið slegið á frest. Við töpuðum því máli í fyrra og því er best að láta það liggja í einhvern tíma,“ segir Einar Oddur. Spurður um tillögur nefndarinnar segir hann: „Mér finnst tillögur nefndarinnar skipta afskaplega litlu máli. Mörkin mega alveg eins vera 35 prósent mín vegna.“

Sigurður Kári Kristjánsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, segir að þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafi skoðanir í báðar áttir. „Við erum að melta skýrsluna og velta þessum skilyrðum fyrir okkur. Enginn hefur lýst andstöðu eða stuðningi við þessi sjónarmið. Umræðan er að byrja núna og ekkert útséð með hvernig frumvarpið muni líta út,“ segir hann.

sda@frettabladid.is




**AF VETTVANGI**
Tæpt ár er liðið frá Stafangursráninu.

Stafangursránið:

# Toska berst gegn framsali

**NOREGUR** Stafangursránið svonefnda virðist vera að því komið að upplýsast eftir að Norðmaðurinn David Toska játaði aðild sína að því. Hann situr í fangelsi í Malaga á Spáni.

Hundruðum milljóna króna var stolið í ráninu í fyrra og var lögreglumaður skotinn til bana. Þýfið hefur ekki fundist. Stuldur á málverkum Edvards Munch í fyrrahaust er talinn tengjast málinu en lögreglan telur að með honum hafi átt að beina athygli hennar frá ráninu.

Lögmenn Toska ætla að berjast gegn framsali hans til Noregs en þeir segja að einangrunarvistin sem bíður hans þar jafngildi pyntingum. ■

## NOREGUR

**NORSKIR UNGLINGAR GERA KLÁMMYND** Norðmenn eru afar hneykslaðir á hugmynd 26 stúlkna í menntaskóla í Ósló sem hugðust fjármagna skemmtanahald sitt í tilefni prófloka með því að búa til klámmynd. Þekkt klámstjarna hafði fengið þær til liðs við sig og ætluðu þær að leigja partí-rútu fyrir ágóðann.

**MCDONALDS HNEYKSLAR** Önnur hneykslunarhella í Noregi þessa dagana er nýr hamborgari McDonalds-fyrirtækisins sem ber heitið McAfrika. Að sögn Aftenposten telja margir nafnið ósmekklegt þar sem svo margir í Afríku búi við sult. Talsmaður fyrirtækisins segir borgarann vera samkvæmt afrískri uppskrift.

Alltaf í leiðinni
ÓB
ódýrt bensín
14 stöðvar!
www.ob.is

## Veðrið

**ER SUMARIÐ KOM YFIR...**Jæja, þá erum við að komast fyrir vind í þessu kuldakasti sem verið hefur síðustu daga. Sé rýnt í allra lengstu tölvuspárnar finnur maður nánast vorilminn frá þeim. Vonandi fara þær ekki að gera væntingar okkar að engu.

**BYRJAR SUMARIÐ Í DAG?** Já, í það minnsta í borginni. Það verður fremur þungbúið þar en það er að hlýna og það merkir vorkomu.

**OG NAGLADEKKIN?** Taka þau undan sem fyrst. Þó e.t.v. ekki þeir sem ferðast mikið á heiðum!!



Kveðja,
Sigurður Ragnarsson,
veðurfræðingur

### dag um h degi




### Á morgun




Ákveðin suðlæg átt.

### Laugardagur og sunnudagur




Allhvasst eða hvasst sunnan og vestan til, annars hægari.

### Veðurhorfur í borgum í dag

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 11°C léttskýjað | París | 15°C skýjað/skúr | Torrevieja | 23°C skýjað |
| Osló | 12°C skýjað | Berlín | 19°C skýjað | Milano | 17°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 12°C skýjað | Frankfurt | 17°C skýjað | New York | 15°C léttskýjað |
| Helsinki | 9°C skýjað | Madrid | 20°C léttskýjað | San Francisco | 17°C léttskýjað |
| London | 14°C léttskýjað | Barcelona | 18°C skýjað | Orlando/Florida | 24°C léttskýjað |

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

# Sýpris 100 sm

# 799 kr.

**Aldrei betra verð!**



## Tilboð



**Vorlaukar**

**40% afsláttur**



**Fræ**

**40% afsláttur**

**Gróðurmold 10 l**

**199 kr.**




# VORDAGAR



## Garðálfar

| | |
|---|---|
| 9 sm | 99 kr. |
| 15 sm | 319 kr. |
| 25 sm | 799 kr. |
| 35 sm | 1.699 kr. |

blómaval
HEILLANDI HEIMUR

Reykjavík • Kópavogi • Akureyri
Selfoss • Reykjanesbær
www.blomaval.is

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS BLO 28025 4/2005



## KJÖRKASSINN

*Vilt þú taka þátt í kaupum á hlut í Símanum?*

**Niðurstöður gærdagsins á visir.is**

| | |
|---|---|
| Já | 73% |
| Nei | 27% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Eiga Íslendingar að biðjast afsökunar á framkomu stjórnvalda í garð gyðinga fyrir stríð?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

Eldgos hafið í Talang-fjalli á Súmötru:

# Tugir þúsunda flúðu heimili sín

**INDÓNESÍA** Mikill viðbúnaður er á Súmötru eftir að eldfjallið Talang á norðvestanverðri eyjunni tók að gjósa. Þá hafa tvö önnur eldfjöll í Indónesíu látið á sér kræla.

25.000 manns sem búa í námunda við Talang-fjall flýðu heimili sín í gærmorgun eftir að gosmökkur tók að stíga upp af fjallinu. Öskufalls varð vart í hlíðum þess en ekki hefur orðið vart hraunrennslis.

Skynjarar í hlíðum Anak Krakatá, syðst á Súmötru, og Tangkuban Prahu á Jövu mældu aukna virkni í fjöllunum. Jarðfræðingar telja að eldvirknin tengist jarðskjálftunum miklu sem orðið hafa undan ströndum Súmötru undanfarna mánuði.

Að sögn Ómars Valdimarssonar, sendifulltrúa Rauða krossins á Súmötru, eru hjálparsamtök á svæðinu þegar farin að aðstoða þá sem flýja þurftu heimili sín. Tjöldum hefur verið slegið yfir flóttamennina og þeim gefinn matur. Hann segir fólkið afar óttaslegið enda hefur mikið gengið á síðustu daga. Þar við bætist landlæg hjátrú og nefnir Ómar að forseti landsins hafi verið hvattur til að slátra þúsund kindum til að friða guðina svo óáraninni linnti. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**UNDIR ELDFJALLINU**
Fólk á Súmötru er óttaslegið vegna eldgossins enda hefur hver ógæfan rekið aðra undanfarna mánuði.









FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**SÍÐASTA KOSNINGASTEFNUSKRÁ BLAIRS**
„Allir, ekki einungis þeir útvöldu, eiga að fá tækifæri til að sýna hvað í þeim býr," sagði forsætisráðherrann um þá sýn sem stefnuskráin geymir.

# Blair kynnir loforðalista sinn fyrir bresku þjóðinni

**Skoðanakannanir sýna að breski Verkamannaflokkurinn muni sigra auðveldlega í kosningunum 5. maí. Tony Blair kynnti stefnuskrá flokks síns í gær þar sem hamrað var á stöðugleika í efnahagsmálum.**

**BRETLAND** Verkamannaflokkurinn kynnti í dag stefnuskrá sína fyrir þingkosningarnar sem haldnar verða eftir þrjár vikur. Mikil áhersla er lögð á stöðugleika í efnahagsmálum en einnig er harðari stefna í innflytjendamálum boðuð.

„Ég trúi því að þetta þjóðfélag sé betra, sterkara og réttlátara í dag en það var þegar við tókum við stjórnartaumunum af íhaldsmönnum árið 1997. Við getum hins vegar gert miklu meira," sagði Tony Blair, forsætisráðherra Breta, þegar hann kynnti stefnuskrána í Lundúnum í gær, umkringdur samráðherrum sínum. Hann sagði einnig að kosningarnar nú væru hans síðustu.

Stefnuskráin er allþykk, 112 blaðsíður, og ber yfirskriftina „Bretland: áfram, ekki afturábak." Efnahagsmálin eru þar í öndvegi en einnig er dágóðu máli varið í innflytjenda- og menntamál. Flokkurinn lofar að á kjörtímabilinu verði tekjuskattur ekki hækkaður og matvæli, barnaföt, bækur og ýmislegt fleira verði áfram undanþegin virðisaukaskatti.

Herör er skorin upp gegn glæpum og óspektum í stefnuskránni. Þar er jafnframt lagt er til að tekið verði upp punktakerfi að ástralskri fyrirmynd fyrir innflytjendur og að nafnskírteini með lífsýnum verði tekin upp í skrefum á kjörtímabilinu. Áfram verður unnið að friði í Mið-Austurlöndum og breskar hersveitir verða í Írak svo lengi sem Írakar óski þess sjálfir. Blair sagði enn fremur að breytingum á lávarðadeildinni yrði framhaldið.

Leiðtogar íhaldsmanna og frjálslyndra fundu stefnuskránni flest til foráttu eins og búast mátti við. Sir Menzies Campbell, talsmaður frjálslyndra í forföllum Charles Kennedy sem fæddist sonur í fyrradag, sagði að kjósendur ættu að dæma Verkamannaflokkinn eftir verkum hans en ekki loforðum.

Nýjustu skoðanakannanir benda til að ríkisstjórn Blair haldi velli í kosningunum. Samkvæmt könnun fyrirtækisins MORI sem gerð var í gær fær Verkamannaflokkurinn 39% atkvæða, íhaldsmenn 35% og frjálslyndir 21%.

**sveinng@frettabladid.is**


# Taktu helgina með Hertz tilboði



Toyota Land Cruiser

16.900 kr.

Innifalið: 3 dagar, 500 km akstur og kaskótrygging.

Tilboðið gildir til 30. apríl 2005

Láttu ekki áætlanir helgarinnar stranda á bílnum. Við höfum bílinn sem hentar þínum þörfum á lægra verði en þig grunar. Tilboðsverð miðast við að þú sækir bílinn á föstudegi og skilir honum á mánudagsmorgni. Hver leiga færir þér **500 Vildarpunkta** að auki.

Hafðu samband, Hertz hjálpar þér áfram.

ICELANDAIR Vildarklúbbur icelandair.is/vildarklubbur

Hertz 50 50 600 • hertz@hertz.is

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS HER 27925 04/2005


Alþjóðaheilbrigðisstofnunin gefur út viðvörun:

# Mannskæð flensuveira í póstinum

**VEIRA** Tilraunaglös með afar skæðri flensuveiru voru fyrir mistök send til 3.700 tilraunastofa víða um heim og hefur Alþjóðaheilbrigðisstofnunin hvatt til að þau verði eyðilögð hið snarasta.

Tilraunaglösin voru í prófunarsetti sem rannsóknarstofur nota við eigin gæðastjórnun og innihalda vanalega flensustofna sem eru í umferð. Settin sem send voru til tilraunastofanna 3.700 innihéldu hins vegar afar skæðan flensustofn sem gekk um heiminn árið 1957 og lagði milljónir fólks í valinn. Veiran hefur ekki verið notuð í bóluefni síðan 1968 og því er stór hluti jarðarbúa mótefnislaus gagnvart henni.

Flest settin voru send á stofur í Bandaríkjunum en nokkur hluti slæddist til Evrópu.

„Það er öruggt að þetta hefur ekki komið hingað til lands því við verslum ekki við þetta fyrirtæki sem sendi búnaðinn," segir Arthúr Löve, prófessor við Rannsóknarstofu í veirufræði. „Þar að auki er þetta aðeins sent til rannsóknarstofa þar sem ýtrustu varúðar er gætt þannig að hættan á því að veirur dreifist út frá rannsóknarstofum er afar lítil," bætir hann við.

**-shg**



**ARTHÚR LÖVE**
Engar líkur eru á að Asíuflensuveiran hafi borist hingað til lands.

# Vaxtalaust verðhrun

## Dupen rúmin eingöngu fáanleg í Hagkaupum Smáralind og á markaði Hagkaupa Óseyri 1 Akureyri




- Dupen rúmin hafa slegið í gegn í 55 þjóðlöndum
- Þýskt gæða gormakerfi í rúmunum
- Í hverju rúmi eru allt að 416 gormar
- Sérstaklega styrkt í köntum og hornum
- Hágæða efni með 100% bómull
- Efnin í rúminu eru sérstaklega ofnæmisprófuð
- 9-10 lög af efnum í hverju rúmi
- Sérstök öndun í rúmunum
- Sérstaklega löguð rúm fyrir bakveika

**VAXTALAUST TILBOÐ**

| Rúmstærð | verð frá | mánuðir | stgr. |
|---|---|---|---|
| 90 x 200 | 2.999kr | 7 mán. | 20.993.- |
| 120 x 200 | 2.999kr | 9 mán. | 26.991.- |
| 150 x 200 | 2.999kr | 11 mán. | 32.989.- |
| 180 x 200 | 2.999kr | 13 mán. | 38.987.- |



**Svefnherbergisbekkur**
102 x 40 x 60 cm
**19.999kr**



**Spegill**
164 x 58 x 52 cm
**29.999kr**



**Spegill**
158 x 44 x 33 cm
**24.999kr**



**Fataslá**
123 x 53 cm
**12.999kr**



**Fatastandur**
170 x 36 cm
**9.999kr**

Gildir á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**

*Skemmtilegast að versla*




## VEISTU SVARIÐ?

**1** *Hvaða bílaframleiðandi rambar á barmi gjaldþrots?*

**2** *Á hvaða nektardansstað störfuðu tékkneskar stúlkur án atvinnuleyfis?*

**3** *Hvort fjölgaði eða fækkaði klamydíusmitum frá árinu 2003 til 2004?*

SVÖRIN ERU Á BLS. 38

Opinber heimsókn:

# Forsetahjónin í Eyjafjarðarsveit

**HEIMSÓKN** Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, og forsetafrúin, Dorrit Moussaieff, voru í opinberri heimsókn í Eyjafjarðarsveit í gær en dagana tvo þar á undan sóttu forsetahjónin Akureyringa heim. Fánar voru víða dregnir að húni í Eyjafjarðarsveit og hittu forsetahjónin fjölmarga íbúa sveitarfélagsins að máli en gestirnir fóru vítt og breitt um sveitina.

Um morguninn heimsóttu forsetahjónin skóla í Eyjafjarðarsveit og snæddu svo hádegisverð á Meðferðarheimilinu að Laugalandi en þar eru til meðferðar stúlkur sem ánetjast hafa vímuefnum. Að hádegisverði loknum var farið í kynnisferð um sveitarfélagið, með viðkomu á fjölmörgum stöðum, og í gærkvöld var haldin fjölskylduhátíð í Íþróttahúsi Hrafnagilsskóla til heiðurs forsetahjónunum.

Bjarni Kristjánsson, sveitarstjóri Eyjafjarðarsveitar, var ánægður með heimsókn forsetahjónanna og segir hann heimsóknir af þessu tagi mikilvægan lið í að þjappa íbúunum saman og vekja athygli á byggðarlaginu og þeirri menningu sem þar blómstrar.

- kk


FRÉTTABLAÐIÐ/KK

**FORSETINN Í EYJAFJARÐARSVEIT**
Björn Jósef Arnviðarson sýslumaður og forsetinn ganga út úr kirkjunni að Grund í Eyjafjarðarsveit.

Fallvaltar sveitarstjórnir:

# Blönduós sker sig úr

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Ekki er nýtt að sveitarstjórnir falli á miðju kjörtímabili á Íslandi.

Á yfirstandandi kjörtímabili sem hófst 2002 hefur slitnað upp úr meirihlutasamtarfi í þremur sveitarfélögum, í Grundarfirði, Dalabyggð og á Blönduósi.

Þar sker Blönduós sig úr en þar hefur í þrígang orðið slíkur ágreiningur innan meirihluta að upp úr hefur slitnað. Þrír listar eru í bæjarstjórn og mynduðu Á- og D-listi fyrst meirihluta. Þegar hann þraut erindið tóku Á-listamenn saman við H-lista en því hjónabandi lauk fyrir skemmstu. Og þá var bara ein útgáfa eftir, samstarf D- og H-lista sem nú stendur.

Í Grundarfirði hafa sjálfstæðismenn og framsóknarmenn starfað saman í ellefu ár en nýverið hljóp snurða á þráðinn vegna ágreinings um leikskóla. Samstarfi hefur ekki formlega séð verið slitið en meirihlutinn er ekki starfhæfur eins og er.

Í Dalabyggð eru tveir listar, L og S, og hefur L-listi fjóra fulltrúa en S-listi þrjá. L-listi myndaði meirihluta en síðan missti einn fulltrúi þeirra trúnað félaga sinna og síðan hefur L-listinn stjórnað með tilstyrk S-lista.

- ssal

# Meirihlutinn að liðast í sundur

## Meirihluti Sjálfstæðisflokks og Vinstri-grænna í sveitarstjórn Skagafjarðar hangir á bláþræði vegna klofnings í röðum sjálfstæðismanna. Líkur á að vantraust á forseta sveitarstjórnar verði samþykkt.

**SKAGAFJÖRÐUR** Búast má við átakafundi í sveitarstjórn Skagafjarðar í dag og ekki loku fyrir það skotið að meirihlutinn falli.

Bjarni Maronsson, einn fulltrúi sjálfstæðismanna í sveitarstjórn, hefur lýst yfir vantrausti á forseta sveitarstjórnar, samflokksmann sinn Gísla Gunnarsson klerk í Glaumbæ. Ástæðan er sú að á síðasta sveitarstjórnarfundi kvað Gísli upp þann úrskurð að Bjarni væri vanhæfur til að fjalla um tengingu við Þverárfjallsveg milli Sauðárkróks og Skagastrandar. Varð Bjarni að víkja af fundi vegna þessa.

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum skal forseti sveitarstjórnar njóta stuðnings meirihluta sveitarstjórnar, og þar sem núverandi meirihluti sjálfstæðismanna og Vinstri-grænna hefur aðeins eins atkvæðis merihluta, blasir við að Gísli uppfyllir ekki þetta skilyrði, svo framarlega sem Bjarni Maronsson standi við yfirlýsingu sína.

Víst er að á þetta mun reyna á fundi sveitarstjórnar í dag því að fulltrúar Framsóknarflokks hafa farið fram á að gengið verði úr skugga um stuðning við Gísla á fundinum.

Gísli segir engar líkur á því að hann muni víkja úr stóli forseta til að leysa þá kreppu sem upp er komin innan Sjálfstæðisflokksins. „Ég sé engin efni til þess að ég víki,“ segir hann.

Gunnar Bragi Sveinsson, oddviti Framsóknarflokks í sveitarstjórninni, telur hugsanlegt að núverandi meirihluti haldi velli þó svo að vantraust verði samþykkt á forseta sveitarstjórnar. „Ég tel allar líkur á að þessi meirihluti haldi áfram, hvernig sem hann klórar sig fram úr þessu,“ segir hann.

Hann metur það svo að mestar líkur séu á því að sjálfstæðismenn skipti um mann í brúnni og haldi svo áfram samstarfi við Vinstri-græna. „Þeir hafa hingað til náð að komast í gegnum allan þann mikla ágreining sem á milli flokkanna hefur verið og ég held að þeir geri það líka núna,“ segir Gunnar Bragi.

ssal@frettabladid.is

**NIÐURSTÖÐUR SVEITARSTJÓRNARKOSNINGA Í SKAGAFIRÐI ÁRIÐ 2002:**

| Listi | Atkvæði | Fulltrúar |
|---|---|---|
| Framsóknarflokkur | 729 | 3 |
| Sjálfstæðisflokkur | 865 | 3 |
| Frjálslyndir og óháðir | 138 | 0 |
| Skagafjarðarlistinn | 225 | 1 |
| Vinstri-grænir | 503 | 2 |

Meirihlutasamstarf er með Sjálfstæðisflokki (D) og Vinstrihreyfingunni – grænu framboði (U)
Ársæll Guðmundsson (U) er sveitarstjóri.



**GÍSLI GUNNARSSON**
Framtíð Gísla Gunnarssonar sem forseta bæjarstjórnar og oddvita sjálfstæðismanna í Skagafirði ræðst í dag.

www.vr.is




Fíton/SÍA

**Gleðilegt sumar!**

VR félögum standa til boða um 50 orlofshús víða um land auk 30 tjaldvagna. Í boði er vikuleiga eða skammtímaleiga.

Sé um skammtímaleigu að ræða gildir reglan „fyrstur bókar - fyrstur fær“ en við bókum aðeins 8 vikur fram í tímann. Minnst er hægt að bóka 1 dag og mest 4 daga eða yfir helgi.

Umsóknareyðublöð og allar nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu VR, í VR-blaðinu og í þjónustuveri VR, sími 510 1700.

Starf okkar **eflir** þitt starf

VR


FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**FRÁ BORGARNESI**
Kosið verður um sameiningu fimm sveitarfélaga eftir tvær vikur.

Kosið um sameiningu fimm sveitarfélaga á Vesturlandi:

# Fleiri jákvæðir í garð sameiningar

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** „Persónulega er ég bjartsýn á að sameiningin verði samþykkt enda heyrist mér fleiri vera jákvæðari en neikvæðari,“ segir Hólmfríður Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri sameiningarnefndar sveitarfélaga á Vesturlandi. Fyrir dyrum standa kosningar íbúa þeirra fimm hreppa sem um ræðir en kosið er þann 23. apríl.

Hrepparnir eru Borgarfjarðarsveit, Hvítársíðuhreppur, Kolbeinsstaðahreppur, Borgarbyggð og Skorradalshreppur og telur Hólmfríður líkurnar meiri en ekki að sameining verði samþykkt. „Það er mín tilfinning en hins vegar hef ég talsverðar áhyggjur af dræmri kjörsókn eins og dæmin sýna að oft er raunin. En vonandi verður þarna um lokakaflann að ræða á ferli sem staðið hefur yfir síðan 2003 og skilar sér í enn öflugra sveitarfélagi fyrir vikið.“

- aöe

Kappsamir starfsmenn Icelandair klippið hér

**www.icelandexpress.is**

# NÁIÐ FLUGSAMBAND

**BARCELONA, BÚDAPEST, EDINBORG, NICE, OSLÓ, PARÍS, PRAG, RÓM OG STOKKHÓLMUR**

## 2500 FRAMHALDSFLUGSÆTI Á 2500*KR!

* Aðra leið með sköttum og gjöldum.

Sterling.dk

Í tilefni af samstarfi Iceland Express og flugfélagsins Sterling bjóðum við farþegum okkar upp á framhaldsflug frá Kaupmannahöfn til níu spennandi borga í Evrópu fyrir aðeins 2.500 kr., aðra leið með sköttum og gjöldum. Í boði eru ferðir báðar leiðir á völdum dagsetningum.

### Hvað erum við að tala um?

Skelltu þér á icelandexpress.is og skoðaðu hvaða dagsetningar eru í boði milli 15. apríl og 31. maí. Svo hringir þú í síma 5 500 600 og pantar flug með okkur til og frá Köben. Þaðan flýgurðu með Sterling til þinnar draumaborgar fyrir aðeins 2.500 kr. Ef þú þarft að vera yfir nótt í Kaupmannahöfn þá hjálpa þjónustufulltrúar okkar þér að finna góð hótel á góðu verði jafnt í Köben sem og á öðrum áfangastöðum.

### Engin bókunargjöld

Aðeins er hægt að bóka þetta tilboð í síma 5 500 600 um leið og bókuð er ferð til Kaupmannahafnar með Iceland Express. Þjónustuverið verður opið til kl. 19 í kvöld og á morgun.

**Munið frítt í fríið leikinn á icelandexpress.is**

ENGIN BÓKUNARGJÖLD!
**OPIÐ**
FRÁ KL. 9 - 19
FIMMTUDAG OG FÖSTUDAG

**Verð frá: 7.995 kr.***

**Barnaverð: 5.995 kr.***

*Aðra leið með sköttum. Börn þurfa að vera í fylgd með fullorðnum.

**FÓTBOLTI**
Chelsea í undanúrslitum 27. apríl
**Verð frá 64.900 kr.**

**FORMÚLA**
Nurburgring formúlan 29. maí
**Verð frá 69.900 kr.**

**TÓNLEIKAR**
U2 tónleikar í London 18. júní
**Verð frá 62.900 kr.**

**GOLF**
Úrvalsvellir í Englandi apríl og maí
**Verð frá 47.900 kr.**

Iceland Express

Ferðaþjónusta Iceland Express, Suðurlandsbraut 24, Sími 5 500 600



**HARMI SLEGIN**
Angistin skín úr augum ættingja manns sem kramdist í rústum verksmiðju í Bangladess. Á fjórða tug líka hefur fundist og enn eru 200 manns fastir undir brakinu. Líkurnar á að þeim verði bjargað fara þverrandi.

Formaður háskólaráðs Háskólans í Reykjavík um skoðanakönnun á Tíkin.is:

# Hefur engin áhrif á okkar störf

**HÁSKÓLAR** Ákvörðun um framtíðarstaðsetningu Háskólans í Reykjavík verður kannski tekin strax eftir helgi, en háskólaráð skólans hefur ásett sér að ákvörðun ráðsins, um hvort skólinn flytji í Vatnsmýrina í Reykjavík eða Urriðaholt í Garðabæ, verði ljós í lok næstu viku.

Undanfarna daga hafa hægrisinnaðar konur, annars vegar tengdar vefritinu Tíkin.is og hins vegar Hvöt, félag sjálfstæðiskvenna í Reykjavík, hvatt til þess að í Vatnsmýrinni, þar sem Reykjavíkurborg hefur boðið háskólanum byggingarland, verði frekar nýtt sem útivistarsvæði fyrir borgarbúa.

„Ég var að vonast til að við gætum verið að vinna að málinu án þess að það væri mikið í fjölmiðlum,“ segir Sverrir Sverrisson, formaður háskólaráðs Háskólans í Reykjavík í gær. Fram kom í máli sumra háskólaráðsmanna sem Fréttablaðið ræddi við að umræðan hafi verið óþægileg, í ljósi þess að aðilar hafi ásett sér að ræða málið ekki í fjölmiðlum fyrr en ákvörðun verður tekin. Við þetta hafi allir staðið en ekki sé hægt að stjórna málflutningi annarra. „Þetta hefur í sjálfu sér engin áhrif á okkar störf,“ segir Sverrir. Ákvörðun verði tekin með framtíðarhagsmuni skólans að leiðarljósi. - ss




**URRIÐAHOLT Í GARÐABÆ**
Konur í Sjálfstæðisflokknum hafa hvatt til þess undanfarna daga að Háskólinn í Reykjavík flytji ekki í Vatnsmýrina. Hinn kosturinn er Urriðaholt í Garðabæ.

Van Gogh-málið:

## Réttarhaldið hafið

**HOLLAND, AP** Mohammed Bouyeri, marokkósk-ættaði Hollendingurinn sem ákærður er fyrir morðið á hollenska kvikmyndagerðarmanninum Theo van Gogh, kom fyrir rétt í fyrsta sinn í Amsterdam í gær. Hann reyndi ekki að bera af sér sakir né skýra mál sitt.

Morðið vakti gríðarlega reiði í Hollandi, en það var framið um hábjartan dag á götu í Amsterdam í byrjun nóvember síðastliðins. Van Gogh var skotinn mörgum skotum og á líkið var fest með hnífi margra síðna yfirlýsing frá morðingjanum, full af íslömsku trúarofstækistali og hótunum í garð fleiri hollenskra stjórnmálamanna. Þegar morðið var framið var nýbúið að sýna í sjónvarpi heimildarmynd van Goghs sem fjallaði um kúgun múslimakvenna. ■

# Slæðubannið hefur reynst vel

**Blandine Kriegel, stjórnmálaheimspekingur og ráðgjafi Frakklandsforseta í innflytjendamálum, segir lög sem banna áberandi trúartákn í ríkisskólum vera sanngjörn og gagnleg við aðlögun fólks úr framandi menningarheimi að frönsku samfélagi.**



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**TRÚ HALDIÐ UTAN VIÐ**
Blandine Kriegel segir grundvallarregluna um að það beri að halda hinu opinbera rými hlutlausu í trúmálum vera enn í fullu gildi í hugum Frakka.

**INNFLYTJENDAMÁL** „Slæðubannið“ svokallaða, lög sem sett voru í Frakklandi fyrir rétt rúmu ári sem banna áberandi trúartákn í ríkisskólum, er leið til lausnar á aðlögun múslima og annarra innflytjendahópa að þjóðfélagi þar sem gildi eins og frelsi einstaklingsins og jafnrétti allra borgara eru í hávegum höfð. Þetta segir franski stjórnmálaheimspekingurinn Blandine Kriegel, en hún hefur á síðustu árum starfað sem sérstakur ráðgjafi Jacques Chirac Frakklandsforseta í málefnum innflytjenda og er formaður ráðgjafarnefndar frönsku ríkisstjórnarinnar um aðlögun fólks af erlendum uppruna að frönsku samfélagi.

Kriegel flytur einn af aðalfyrirlestrunum á málþingi sem haldið er til heiðurs Vigdísi Finnbogadóttur, fyrrverandi forseta, en það fer fram í Háskóla Íslands í dag og á morgun. Fyrirlestur Kriegel fjallar um stefnu Frakka í trúmálum.



**SLÆÐUSTÚLKUR**
Rúmt ár er síðan ný lög í Frakklandi bönnuðu áberandi trúartákn í skólum, þar á meðal hefðbundnar höfuðslæður múslimakvenna.

„Lögin hafa sannað gildi sitt,“ segir Kriegel, spurð um reynsluna af „slæðubanninu“. „Áður en lögin tóku gildi fóru um 1.500 stúlkur fram á að fá að ganga áfram með slæðu [í ríkisreknum skólum Frakklands] – en á þessu fyrsta gildisári bannsins hafa aðeins 48 beiðnir um undanþágu komið fram,“ bendir Kriegel á sem dæmi um árangurinn. Hún segir góða sátt hafa náðst um þessa ráðstöfun.

Kriegel útskýrir að í sögu Evrópulanda hafi mismunandi lausnir verið fundnar til lausnar á átökum ólíkra trúarhópa. Í Hollandi, Bretlandi og almennt í Norður-Evrópu hafi einn ráðandi siður orðið ofan á en minnihlutahópum tryggður réttur til að iðka sinn sið í friði, í nafni trúfrelsis, réttarríkis og umburðarlyndis. Í Frakklandi hafi hins vegar hreyfingar kaþólskra og mótmælenda verið báðar það jafnöflugar, að á sínum tíma hafi náðst samkomulag um að halda hinu opinbera rými hlutlausu svæði í trúmálum. Um hið opinbera rými, þar á meðal ríkisrekna skóla, setti ríkisvaldið reglur sem tæki mið af þessu. Enn þann dag í dag væri samstaða um þessa grundvallarreglu meðal Frakka. Og Kriegel segir hana hjálpa innflytjendum úr ólíkum menningarheimi að temja sér virðingu fyrir hinum frjálslyndu gildum frönsku stjórnarskrárinnar, til dæmis hjálpi það múslimskum karlmönnum að virða eiginkonur sínar og dætur sem jafnréttháa einstaklinga – að minnsta kosti í hinu opinbera rými.

audunn@frettabladid.is

## BRETLAND

**SIR ALEX STYÐUR BLAIR** Alex Ferguson, knattspyrnustjóri Manchester United, hefur bæst í hóp þeirra sem lýsa stuðningi við Verkamannaflokkinn. Í grein í Daily Mirror varar hann kjósendur við Michael Howard, leiðtoga íhaldsmanna, ekki síst vegna þess að hann er áhangandi Liverpool.


Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda

Ársfundur 2005

Ársfundur Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda verður haldinn að Skúlagötu 17, Reykjavík á 2. hæð, 14. apríl 2005 og hefst kl. 16.00.

Dagskrá fundarins er

1. Skýrsla stjórnar.
2. Gerð grein fyrir ársreikningi.
3. Tryggingafræðileg úttekt.
4. Fjárfestingarstefna sjóðsins kynnt.
5. Önnur mál.

Allir sjóðfélagar, jafnt greiðandi sem lífeyrisþegar, eiga rétt til fundarsetu á ársfundinum. Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta á fundinn.

Reykjavík 21. mars 2005
Stjórn Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda

hunang




**HÓTEL VALHÖLL**
Fyrrverandi framleiðslumeistari hótelsins segir að húsnæði þess sé algjörlega ónýtt.

Deildar meiningar um ástand Hótel Valhallar:

# Húsið heldur hvorki vatni né vindum

**VALHÖLL** Hótel Valhöll á Þingvöllum hefur verið boðið út til rekstrar næstu fimm ár en skiptar skoðanir eru um ástand hússins. Í viðtali við Fréttablaðið sagði Elías V. Einarsson, veitingamaður sem annast hefur rekstur hússins í þriðja ár, að hann sjái ekki að rekstur hótelsins geti með nokkru móti borið sig.

Þá segir Ólafur Einarsson, sem var framreiðslumeistari hótelsins til fimm ára, að húsnæði hótelsins sé algjörlega ónýtt. Hann segir það hvorki halda vatni né vindum og oft þurfi að hafa fötur í eldhúsinu og mörgum herbergjanna. Gluggarnir séu flestir ónýtir og einungis sé einfalt gler í þeim. Heilbrigðiseftirlit Selfoss hafi bannað notkun á efri hæð hússins enda mikið um músagang þar. Öll niðurföll séu stífluð eða ónýt, svo og rafkerfi hússins.

Halldór Árnason, skrifstofustjóri forsætisráðuneytisins, mótmælir því harðlega að húsið sé ónothæft. Hann vill þó ekki greina sérstaklega frá ástandi hússins en segir að þeim sem hafi áhuga á fasteigninni gefist kostur á að skoða hana, en eignin er til sýnis næsta þriðjudag. - áhi



**ÓNOTHÆFIR EFTIR KÁRAHNJÚKA**
Risaborarnir munu að líkindum ekki nýtast til frekari mannvirkjagerðar eftir framkvæmdum við Kárahnjúka lýkur.

Risaborarnir að Kárahnjúkum:

## Vart notaðir í framtíðinni

**SAMGÖNGUMÁL** Risaborarnir sem notaðir eru vegna framkvæmdanna við Kárahnjúka og hafa reynst framar vonum munu að líkindum ekki nýtast í önnur verkefni þegar framkvæmdum fyrir austan lýkur.

Ýmsir aðilar, þar á meðal forsvarsmenn Fjarðabyggðar, hafa forvitnast um hvort ekki sé möguleiki að fá afnot af borunum þremur eftir að framkvæmdum lýkur við Kárahnjúka. Með slík tæki undir höndum sé fljótlegra og auðveldara að bora jarðgöng en að sprengja þau eins og gert er nú. Hins vegar er líftími boranna takmarkaður og talið að vart svari kostnaði að endurnýja þá hluta boranna sem þarf til að hægt sé að nota þá. - aöe

# Komin aftur

**100.000 afsláttur**



## 42" Plasma

**ELFUNK LT-4205**
42" Plasma sjónvarp. **SKERPA 3000:1**
Nicam stereo. 4 scart tengi. AV tengi að framan og aftan. Kyrrmynd. Zoom
Mynd í mynd 2 tunerar. Fullkomin fjarstýring
**Tuner og tengibox í sér einingu sem auðveldar veggfestingu á tæki**
**Split Screen hægt er að horfa á tvær stöðvar/myndir í einu**
**Hátalarar, standur og veggfesting eru innifalin í verði**

**249.995**

**Verð áður 349.995**

**90.000 afsláttur**



## 27" LCD

**109.995**

**ELFUNK LT-27**
27" LCD sjónvarp.
Breiðtjaldssjónvarp.
Upplausn 1280X768. Nicam stereo. AV inngangur.
PC inngangur. 2 scart tengi. S-Video. Heyrnatólatengi.

**Verð áður 199.995**



## 32" LCD

**H&B HL3200B**
32" LCD sjónvarp.
Breiðtjaldssjónvarp.
Upplausn WXGA1366X768. Nicam stereo. AV inngangur.
PC inngangur. 2 scart tengi. S-Video. Heyrnatólatengi.

**179.995**

**33% afsláttur**



## 15" LCD

**Verð áður 59.995**

**39.995**

**ROADSTAR LCD1544**
Nicam Stereo. Íslenskt textavarp
2 Euro scart tengi. Upplausn XGA 1024X768. Skerpa 400:1
PC tengi Heyrnatólatengi
Fullkomin fjarstýring
Gengur fyrir 12 og 220 voltum



## 22" LCD

**ELFUNK LT2201**
Nicam Stereo
Íslenskt textavarp
2 Euro scart tengi
Upplausn WXGA 1280X720
Skerpa 500:1. PC tengi. Heyrnatólatengi
Fullkomin fjarstýring. Gengur fyrir 12 og 200 Voltum

**79.995**

**Verð áður 89.995**

**ROADSTAR LCD-8012**
8" LCD sjónvarp
Gengur fyrir 12 og 220 voltum



## 8" LCD

**Verð áður 39.995**

**29.995**

www.radio.is

**RADÍÓBÆR**

ÁRMÚLA 38 • SÍMI 553 1133

**EFTIRMÁL:** DVERGAKAST SEM SÝNINGARGREIN

# *Féll niður vegna mikilla mótmæla*

„Við urðum því miður að hverfa frá þessu vegna neikvæðrar umfjöllunar," segir Hjalti Úrsus Árnason kraftlyftingamaður um það þegar til stóð að hafa dvergakast sem sýningargrein í Sterkasta manni Íslands. „Þetta var árið 1987," rifjar Hjalti upp. „Ég var ekki upphafsmaðurinn að þessu en stóð að mótinu og var þess vegna dálítið í umræðunni. Það kom fljótt í ljós að þetta fór mjög fyrir brjóstið á mörgum, sérstaklega hagsmunasamtökum öryrkja. Mér voru send bréf vegna málsins og þetta var greinilega mörgum hjartans mál. Við sáum að það þýddi ekki að standa í þessu og féllum frá þessu." Hjalti segist aðeins vita af einni dvergakastskeppni hér á landi, en í fyrra kepptu keppendur í Hálandaleikunum



strákunum í 70 mínútum. „Ég veit þó að það er keppt í þessu í Bandaríkjunum og víðar. Sums staðar er útfærslan þannig að það eru notaðar brúður í staðinn fyrir dverga. Í Bandaríkjunum eru þó notaðir dvergar. Þeir eru með hjálm og hlífar og á búninginn eru fest sérstök haldföng. Ég veit ekki hversu vinsæl íþrótt þetta er en hún er þó nokkuð sýnd í sjónvarpi." Hjalti hefur sjálfur aldrei keppt í dvergakasti en einu sinni prófað greinina í Bretlandi. „Þetta var reyndar ekki dvergur sem ég kastaði, bara smávaxinn maður. Hann lenti reyndar dálítið illa en hlaut engan varanlegan skaða af." Ekki stendur til að reyna að gera dvergakast að sýningar- eða keppnisíþrótt í náinni framtíð hér á landi.

## HVAÐ KOSTAR ÞAÐ?




TALIÐ ER AÐ BRESKA VERSLUNARKEÐJAN SOMERFIELD FÁIST FYRIR 130 MILLJARÐA KRÓNA

## SJÓNARHÓLL

GYÐINGUM VÍSAÐ FRÁ ÍSLANDI



MAGNÚS KJARTANSSON

### *Aldrei of seint að biðjast afsökunar*

„Í ljósi nýliðinna atburða þar sem í ljós hefur komið að Jón er ekki sama og séra Jón finnst mér rétt að við biðjum alla þá flóttamenn afsökunar sem hafa upp á líf og dauða sóst eftir að fá að vera með okkur í landinu, en við höfum vísað frá," segir Magnús Kjartansson tónlistarmaður.

Íslendingar vísuðu að minnsta kosti sextán gyðingum úr landi skömmu fyrir síðari heimsstyrjöldina. Dönsk stjórnvöld íhuga alvarlega að biðjast opinberlega afsökunar á framferði danskra stjórnvalda í garð gyðinga á stríðsárunum. Magnúsi finnst ekki of langt liðið frá þessum atburðum og miðar við þá kenningu að aldrei sé of seint að biðjast fyrirgefningar.

„Þegar menn sjá að mistök hafa verið gerð eiga þeir að biðjast afsökunar," segir Magnús, sem telur skilningsleysi og þekkingarleysi á aðstæðum hafa ráðið för á sínum tíma.

# Akureyrarbær kaupi í Símanum

**Oddur Helgi Halldórsson, bæjarfulltrúi á Akureyri, vill að bærinn eignist hlut í Símanum. Aðrir bæjarráðsmenn héldu að hann væri að grínast. „Mér er full alvara," segir Oddur.**

„Ég vil ólmur að Síminn komist á sem flestra hendur og vil því að bæjarfélagið verði samnefnari fyrir íbúana og kannski fleiri fjárfesta," segir Oddur Helgi Halldórsson, bæjarfulltrúi L-listans, lista fólksins á Akureyri.

Á bæjarráðsfundi í síðustu viku viðraði Oddur Helgi þá hugmynd sína að bærinn tæki þátt í kaupum á Símanum en hlaut dræmar undirtektir annarra bæjarráðsmanna. „Þeir héldu að ég væri að grínast," segir hann og áréttar að svo sé ekki. „Mér er full alvara og er svo sannarlega að meina þetta."

Oddur Helgi óttast ekki að nýir eigendur Símans skerði þjónustuna við Akureyringa. Bærinn sé það stór markaður að ólíklegt verði að telja að þjónusta við bæjarbúa og nágranna borgi sig ekki. Önnur sjónarmið ráða afstöðu bæjarfulltrúans: „Mér leiðist þessi gegndarlausa tilfærsla sameiginlegra sjóða landsmanna á fárra hendur og það er upphafið að þessu."

Eftir að hafa hlotið bágt fyrir á bæjarráðsfundinum í síðustu viku byrgði Oddur Helgi hugmynd sína innra með sér en eftir að Agnes Bragadóttir, blaðamaður á Morgunblaðinu, kom fram með hugmynd sína um sameiginlegt tilboð almennings í Símann ákvað hann að opna sig. „Málið er komið á skrið og ég held að það sé vakning í samfélaginu gegn þeim vinnubrögðum sem hafa tíðkast, fólki ofbýður Halldór og Davíð."

Oddur Helgi segist þeirrar skoðunar að aðferðin við sölu Símanns sé slæm. Heldur hefði átt að fara sömu leið og þegar Búnaðarbankinn var seldur en þá gafst almenningi kostur á að kaupa í upphafi. „Fyrst það verður ekki ofan á vil ég að Akureyrarbær taki þátt og fái menn saman að borðinu."

Bæjarfulltrúinn segir það vissulega rétt að Akureyrarbær eigi ekki að vera umsvifamikill á hlutabréfamarkaði en bendir á ákveðin fordæmi. „Við reyndum að fá RARIK norður og sameina félagið Norðurorku með hagsmuni bæjarbúa í huga. Nú spyr ég; hver er munurinn á Símanum og RARIK? Við erum að berjast um störf og þjónustu og ég lít svo á að það sé hagsmunagæsla fyrir Akureyringa að taka þátt í þessum slag."

bjorn@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ/KJK



**ODDUR HELGI HALLDÓRSSON** „Málið er komið á skrið og ég held að það sé vakning í samfélaginu gegn þeim vinnubrögðum sem hafa tíðkast, fólki ofbýður Halldór og Davíð."






# Margir læra að stjórna opinberum stofnunum

átt í 200 nemendur leggja nú stund á nám á meistarastigi í opinberri stjórnsýslu við Háskóla Íslands og eru langflestir þeirra í svonefndu MPA-námi.

Með einföldun má segja að þar læri fólk að stjórna opinberum stofnunum – sem skipta tugum eða hundruðum, en námið ku vera til margra hluta nytsamlegt.

Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor við HÍ, segir að mjög vaxandi áhugi og eftirspurn sé eftir þekkingu á stjórnun í opinbera geiranum, sem sé að ýmsu leyti ólík stjórnun í einkageiranum. „Áður var gjarnan litið svo á að störf í opinberri stjórnsýslu fælust fyrst og fremst í í túlkun reglna og hentuðu þess vegna einkum lögfræðingum. Nú er almennt viðurkennt að þörf er á mun víðtækari hæfni til að stunda störf í opinberri stjórnsýslu," segir Gunnar Helgi og bætir við að vel sé að náminu staðið, boðið sé upp á fjölbreytt námskeið þar sem farið er í lögfræði, rekstur opinberra stofnana, tengslin við hið pólitíska líf, stjórnunarkenningar og margt fleira.



Skráningu í námið á næstu önn lýkur á morgun og þurfa því þeir sem vilja læra að stýra opinberri stofnun að hafa hraðar hendur.

## LEIÐRÉTT

Í grein um víðförli Ingólfs Guðbrandssonar á mánudag stóð að slétt öld væri síðan hann stofnaði Útsýn. Það er rangt. Hálf öld er liðin frá stofnun Útsýnar. Beðist er velvirðingar á mistökunum.

Spáð andláti á árinu:

# Ford, Castro og Maradona kveðja

Á veraldarvefnum má finna allt milli himins og jarðar, þó ekki allt fallegt. Á slóðinni deathlist.net má til dæmis finna lista yfir fimmtíu fræga menn sem þykja líklegir til að geispa golunni á árinu.

Saga feigðarlistans nær aftur til ársins 1987. Í lok hvers árs leggur sérstök valnefnd fram nöfn þeirra sem henni þykir líklegast að beri beinin á árinu. Af þeim mega í mesta lagi 25 hafa verið á listanum árið áður. Margir eru kallaðir en fáir útvaldir; í fyrra létust tólf kandídatar, en metárið var 2003 þegar fjórtán féllu frá.

Það sem af er ári hafa fjórir kandídatar vitjað feðra sinna saddir lífdaga; þeirra frægastur Jóhannes Páll páfi, sem hafði vermt efsta sæti listans nokkur ár í röð. Á feigðarlistanum í ár eru til dæmis Elizabeth Taylor, Simon Wiesenthal, Gerald Ford, Fidel Castro, Augusto Pinochet og Jerry Lewis.

Flestir á listanum eiga það sameiginlegt að vera komnir til ára sinna en þó má finna tvo nýliða sem líklegt þykir að kveðji á árinu, langt fyrir aldur fram. Diego Maradona er yngstur á listanum, rétt hálffimmtugur en með annan fótinn í gröfinni sökum ólifnaðar. Þá er Hamid Karzai, forseta Afganistan, ekki spáð langlífi. Hann er ekki nema 48 ára gamall og við hestaheilsu en ytri aðstæður þykja honum í óhag.

- bs




# MIKIÐ ÚRVAL AF BARNASKÓM

## BALLERINA



**EUR867450096** **stærðir:** 31 -35 **verð:** 4.995 kr.

**EUR867450096** **stærðir:** 31 -35 **verð:** 4.995 kr.

**PRI9788100** **stærðir:** 24 - 34 **verð:** 3.995 kr.

**EUR042501** **stærðir:** 31 - 36 **verð:** 3.995 kr.

**PRI9788200** **stærðir:** 24 - 34 **verð:** 3.995 kr.

**EUR867450097** **stærðir:** 31 - 35 **verð:** 4.995 kr.

## SANDALAR



**PRI9840600** **stærðir:** 27 - 34 **verð:** 3.995 kr.

**PRI9840000** **stærðir:** 27 - 34 **verð:** 3.995 kr.

**PRI9702100** **stærðir:** 18 - 26 **verð:** 3.995 kr.

**PRI9702200** **stærðir:** 18 - 26 **verð:** 3.995 kr.

## STÍGVÉL



**SPR55-8507** **stærðir:** 28 - 35 **verð:** 4.495 kr.



**SPR55-8507** **stærðir:** 28 - 35 **verð:** 4.495 kr.

## STRIGASKÓR



**EUR867250022** **stærðir:** 31 - 35 **verð:** 4.995 kr.

**PRI9454400** **stærðir:** 20 -26 **verð:** 3.995 kr.

**EUR401331** **stærðir:** 30 - 39 **verð:** 3.995 kr.

**PRI9470000** **stærðir:** 24 - 33 **verð:** 3.995 kr.

**EUR867250022** **stærðir:** 31 - 35 **verð:** 4.995 kr.

## UNGBARNASTRIGASKÓR



**PRI9781377** **stærðir:** 20 - 26 **verð:** 3.995 kr.

**PRI9781077** **stærðir:** 20 - 26 **verð:** 3.995 kr.

**PRI9700300** **stærðir:** 18 - 22 **verð:** 3.995 kr.

**PRI9700200** **stærðir:** 18 - 22 **verð:** 3.995 kr.

**PRI9774700** **stærðir:** 20 - 25 **verð:** 3.995 kr.

Með fyrirvara um prentvillur/myndbrengl og uppseldar vörur.

STEINAR WAAGE
SKÓVERSLUN

KRINGLUNNI - S: 568 9212



# Fínir bílar

**Gerðu góð kaup!**




BMW X5
Nýskr. 06.2003 2900cc,
5 dyra, sjsk., ekinn 52 þ.




LAND ROVER RANGE ROVER
Nýskr. 12.2000 4600cc,
5 dyra, sjsk., ekinn 49 þ.




Hyundai Starex
Nýskr. 06.2002 2400cc,
3 dyra, sjsk., ekinn 77 þ.




Jeep Grand Cherokee
Nýskr. 01.2001 4700cc,
5 dyra, sjsk., ekinn 89 þ.




Land Rover Discovery
Nýskr. 01.2003 2500cc,
5 dyra, sjsk., ekinn 114 þ.




RENAULT MEGANE II
Nýskr. 06.2003 2000cc,
3 dyra, bsk., ekinn 28 þ.

bílaland B&L notaðir bílar

Grjótháls 1
bilaland.is

Opi mán-fös 10-18
og lau 12-16

575 1230


NÝTT
KORTATÍMABIL!



14.-24. apríl

# Vorútsalan er hafin

## 15-50% AFSLÁTTUR

af völdum vörum

Nokkur sýnishorn af vörum á vorútsölunni:

| | | |
|---|---|---|
| SKEMMTILEGAR SUMARGJAFIR Í ÚRVALI, BOLTAR FRÁ 199 kr. – HAGKAUP *Skemmtilegast að versla* | 30% AFSLÁTTUR AF OAKLEY BUXUM – Optical Studio SÓL | 50% AFSLÁTTUR AF VÖLDUM STURTU-SÁPUM – THE BODY SHOP |
| 30% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM BURBERRY ILMUNUM – HYGEA | 50% AFSLÁTTUR AF COSABELLA UNDIR-FATNAÐI – ISIS | 30% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM MICELLE K SKÓM – skór.is |
| 30-50% AFSLÁTTUR AF BIKINÍUM – CHANGE OF SCANDINAVIA | 30% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM SILKIBLÓMUM – home art | 30-50% AFSLÁTTUR AF BOLUM, GALLABUXUM OG PEYSUM – Pink |
| 50% AFSLÁTTUR AF SMOBY GARÐHÚSI – DÓTABÚÐIN | 50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM BELTUM OG HÚFUM – ORIGINAL LEVI'S STORE | 50% AFSLÁTTUR AF VÖLDUM VÖRUM – BLEND |
| 30% AFSLÁTTUR AF VÖLDUM HERRA-SKYRTUM FRÁ RALPH LAUREN – RALPH LAUREN | AFSLÁTTUR AF PEYSUM NÚ 1.500 kr. ÁÐUR FRÁ 6.900 kr. – COSMO | VERO MODA BOLIR FRÁ 990 kr. – VERO MODA |
| VILA BOLIR FRÁ 690 kr. – VILA | EXIT BOLIR FRÁ 690 kr. – EXIT | 50% AFSLÁTTUR AF BLASH BOLUM, NÚNA 990 KR. – JACK & JONES |
| 20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM BOLUM – UNITED COLORS OF BENETTON. | 30% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖSUM – Hjörtur Nielsen | |

Miðasala á tónleika til styrktar rannsóknum á arfgengri heilablæðingu er hafin á Þjónustu-borðinu á fyrstu hæð. Tónleikarnir verða sumardaginn fyrsta í Vetrargarðinum.




Verslanir opnar 11-19 virka daga, 11-18 laugardaga og 13-18 sunnudaga / smaralind.is / 528 8000

ENNEMM / SÍA / NM15988

360 gráður

FBL-GREINING: OLWEUSARÁÆTLUNIN

# Víðtækt samstarf gegn einelti

Sett hefur verið í framkvæmt svokölluð Olweusaráætlun gegn einelti hér á landi. Hún er upprunnin í Noregi. Í þessu verkefni taka nú þátt á fimmta þúsund starfsmenn og 23 þúsund nemendur í 75 grunnskólum. Áætlunin felst í stórum dráttum í því að skilgreina einelti, leiðbeina um það, hvernig komast megi að því hvort það er í gangi, kanna tíðni þess og aðferðir gerenda og hvernig eigi að bregðast við til þess að uppræta það.

**Hvað er einelti?** Einkenni eineltis eru í stuttu máli neikvætt og illgirnislegt atferli, óþægilegt atferli sem endurtekur sig og stendur í nokkurn tíma eða samskipti sem einkennast af ákveðnu ójafnvægi aflsmuna eða annars valds. Fastur liður í Olweusaráætluninni á Íslandi eru kannanir meðal nemenda í grunnskólum á tíðni eineltis. Þær hafa bent til þess að í hverjum bekk séu að jafnaði tveir til fjórir nemendur sem þjáist af völdum eineltis. Tegundir eineltis eru mismunandi milli kynja. Stelpur eru útilokaðar á meðar strákum er strítt eða gert grín að þeim.

**Einkenni** Þolendur eineltis bregðast yfirleitt við með tvennum hætti. Annars vegar eru þeir aðgerðarlausir eða undirgefnir, hins vegar ögrandi.
Gerendur hafa eitt eða fleiri sameiginleg einkenni. Viðhorf þeirra til ofbeldis er jákvæðara en nemenda almennt. Þeir hafa mikla þörf fyrir að ráðskast með aðra, eru oft skapbráðir og óþolinmóðir. þeir virðast harðskeyttir, eiga erfitt með að hlíta reglum og eru færir um að kjafta sig út úr erfiðum aðstæðum.
Í Olweusaráætluninni eru leiðbeiningar um ummerki og breytingar hjá þeim sem verða fyrir einelti og viðvörunareinkenni hjá hinum sem stunda einelti.

**Viðbrögð foreldra** Foreldrar eiga ekki að sætta sig við að börn þeirra séu lögð í einelti. Flutningur milli bekkja eða skóla er neyðarúrræði og þá kemur allt eins til álita að flytja gerandann. Hvað þátt skólans varðar hafa þrjár meginreglur reynst vel. Við leggjum ekki aðra í einelti, við eigum að aðstoða þá nemendur sem verða fyrir einelti og við eigum líka að vera með nemendum sem auðveldlega verða einir.

*Heimild: Dan Olweus: Einelti meðal* barna og unglinga.



Myndin er ótengd greininni.



MYND AP

**ENDURUNNINN KIRKJUGARÐUR** Singapúr er eitt þéttbýlasta ríki heims og hver fermetri er vel nýttur. Því eru öll lík sem eru eldri en fimmtán ára grafin upp úr kirkjugarði borgríkisins og brennd til að rýma til fyrir nýlátnum.




# Heimskuleg greiðasemi

**Verjendur þeirra Árna Þórs, Kristjáns Ragnars og Ragnars Orra segja dóma sem þeir hlutu í héraði vegna fjárdrátts úr Landssímanum of stranga, óréttmæta og sjálfhverfa. Ríkissaksóknari stendur fastur á sínum kröfum.**

Heimskuleg greiðasemi Sveinbjörns Kristjánssonar, fyrrum aðalféhirðis Símans, varð til þess að ríflega 260 milljónir hurfu af rekstrarreikningum Símans án þess að eftir var tekið, sagði Ásgeir Þór Árnason, verjandi Kristjáns Ragnars Kristjánssonar, í Hæstarétti í gær við dómtöku Landssímamálsins. Hefðu fjármál Símans verið í lagi stæðu ungu mennirnir ekki frammi fyrir ákærum um hundruð milljóna fjárdrátt. Kristján Ragnar Kristjánsson, Árni Þór Vigfússon og Ragnar Orri Benediktsson freista þess að fá fangelsisdómum úr héraði hnekkt í Hæstarétti.



**Í DÓMSSAL**
SAMANTEKT Á LANDSSÍMAMÁLINU FYRIR HÆSTARÉTTI

**GUNNHILDUR A. GUNNARSDÓTTIR**
BLAÐAMAÐUR

Verjandi Árna Þórs, Gestur Jónsson, gagnrýndi að héraðsdómur hefði litið á þá félaga sem eina heild og sagði það alvarlegan annmarka á fyrri dómi. Þeir hefðu ekki eina sál, eina vitund. Árni Þór hafi ekki vitað af fjársvikunum. Kristján hafi séð um öll hans fjármál. Verjandinn vill að verði Árni Þór ekki sýknaður beri að ómerkja dóminn og senda hann aftur í hérað. Verði hann sakfelldur eigi að skilorðsbinda hann þar sem Árni Þór hafi hreina sakaskrá. Ríkissaksóknari, Bogi Nilsson, taldi hins vegar upp dæmi sem hann taldi sanna að Árni vissi sitthvað um fjárhagsstöðu fyrirtækjanna.

Verjandi Kristjáns, Ásgeir Þór Árnason, sagði dómara í héraði hafa yfirfært eigin þekkingu á viðskiptum yfir á þekkingu þeirra félaga þegar þeir dæmdu þá í tveggja ára fangelsi. Það hefði verið óréttlátt. Kristján hefði vitað að Síminn stóð í stórfelldri lánastarfsemi. Honum hefði því þótt eðlilegt að Síminn vildi fjárfesta í Skjá einum. Verjandinn sagði Kristján hafa verið grunlausan um fjársvikin þar til hann hefði verið boðaður á fund skattrannsóknarstjóra í maí fyrir tveimur árum. Hann hefði viljað endurgreiða lánið og því væri ekki hægt að dæma hann fyrir auðgunarbrot.

Ríkissaksóknari benti á að á þeim þremur árum sem liðu frá því að fé Símans rann til fyrirtækis félaganna og þar til fundurinn með skattrannsóknarstjóra hefði runnið upp hefðu Kristján og Árni Þór ekki reynt að greiða upp lánið.

Verjandi Ragnars Orra, Steinunn Guðbjartsdóttir, sagði átta mánaða dóm Ragnars, móðurbróður Kristjáns og Sveinbjörns, of strangan. Hún gagnrýndi að menntun Ragnars hefði ekki hlotið umræðu eins og þeirra Kristjáns og Árna Þórs. Ragnar hefði hvorki lokið framhaldsnámi né námi sem hann hóf í Bretlandi. Hann hefði verið rétt um tvítugt og gegnt Sveinbirni, því að hann hefði litið upp til hans.

Verjandinn sagði Ragnar hafa rekið augun í að 300 þúsund króna laun sem hann hefði fengið á reikning sinn fyrir rekstur Priksins væru greidd af Símanum. Hann hefði spurt frænda sinn og fengið fullnægjandi skýringu. Verjandinn sagði annað fé sem hefði farið um hendur Ragnars hafa verið á forræði Sveinbjörns og ráðstafað eftir því. Hann hefði ekki haft hag af peningunum eins og Kristján og Árni Þór í þeirra málum.

Ríkissaksóknari sagði hins vegar Ragnar bera sína ábyrgð enda í forsvari tveggja fyrirtækja. Hann hefði tekið við stórum fjárhæðum án þess að gera grein fyrir þeim í bókhaldi: „Hann vildi bara launin sín. Minna máli skipti hvernig peningarnir voru tilkomnir,“ sagði ríkissaksóknari. Við það væri ekki hægt að una. Dómur er ekki fallinn. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**KRISTJÁN RAGNAR OG ÁRNI ÞÓR STANDA HVOR SÍNU MEGIN VIÐ UNNUSTU ÁRNA** Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur yfir fyrrverandi eigendum og stjórnendum Skjás eins og félaga þeirra sem rak meðal annars Prikið var véfengdur í Hæstarétti í gær.

**PENTHOUSE-ÍBÚÐIRNAR**
Þakíbúðir Kristjáns og Árna Þórs við Skúlagötu vöktu umtal á sínum tíma. Í réttarhaldinu í gær var greint frá því að Árni Þór hefði átt hugmyndina að íbúðarkaupunum. Var greint frá því að Kristjáni hefði litist vel á hugmyndina enda hefði hann þá búið í litlu herbergi. Hvor íbúð kostaði um tuttugu milljónir. Þeir hefðu litið á kaupin sem góða fjárfestingu og meðal annars losað um hlutabréf í deCode til að standa undir kaupunum. Ríkissaksóknari sagði þá einnig hafa notað fé úr fyrirtæki sínu, Alvöru lífsins, til kaupanna en það kom frá Símanum. Ári eftir kaupin voru íbúðirnar metnar á þrjátíu milljónir.

**200 ÓOPNUÐ UMSLÖG**
Við yfirferð Hæstaréttar var mikið rætt um hvort Kristján Ragnar hefði ekki átt að vita að fé Landssímans væri ekki lán. Til að mynda hefðu engin yfirlit um skuldastöðu borist. Verjandi Kristjáns sagði hann ekki hafa fylgst með bréfunum. Staða lánsins hefði verið honum ljós í tölvunni, þar sem hann stundaði sín viðskipti aðeins rafrænt. Fram kom að Kristján hefði við tiltekt, löngu eftir að málið komst upp, fundið kassa með 200 óopnuðum bréfum stíluðum á fyrirtæki þeirra félaga, Alvöru lífsins.
Ríkissaksóknari sagði það ekki geta firrt þá ábyrgð: „Það dugar ekki að loka augunum fyrir raunveruleikanum og þykjast ekki vita um hann.“

**SÍMINN STÓÐ SIG EKKI**
Verjandi Kristjáns sagði ótrúlegt að Síminn hefði ekki tekið eftir fjármununum sem hurfu úr rekstrinum. Ekkert alvöru fyrirtæki léti slíka fjármuni frá sér fara án þess að eftir væri tekið. Síminn hefði lánað mörg hundruð milljónir til fyrirtækja um allt land. KEA, Ingvar Helgason, SÍF, Hraðfrystihús Þórshafnar og Bifreiðar og landbúnaðarvélar hefðu verið meðal fyrirtækja sem fengu lán. Ekki væri því óeðlilegt að félagarnir teldu Símann vilja lána Skjá einum. Verjandinn nefndi að fyrir héraðsdómi hefði forstjóri Símans, Brynjólfur Bjarnason, svarað því hvort fjárfestingarnar borguðu sig: „Það liggur fyrir að kaup Landssímans hafa ekki skilað arði,“ svaraði Brynjólfur þá.

**HRÓI HÖTTUR**
Verjendur Árna og Kristjáns sögðu með ólíkindum að ekki hefði verið rannsakað hvað Sveinbirni stóð til með fjárdrættinum sem enginn hefði vitað af. Hann hefði meðal annars greitt skuld vinar síns hjá tollstjóra með fé Símans og látið vininn halda að hann hefði fengið skuldina niðurfellda í samningaviðræðum. Hann hefði einnig búið til skuldastöðu á fyrirtækið sem rak Prikið og keypt það af félögunum með því að yfirtaka þær. Sveinbjörn hefði viljað vera meiri í augum fjölskyldu sinnar og vina en hann var. Hann hefði viljað félagslega umbun, verið nokkurs konar Hrói Höttur. Hann hefði tekið og gefið.





Tilboðin gilda fimmtudag 14. apríl
til sunnudags 17. apríl eða
meðan birgðir endast
Bónus býður betur
44 töflur
499 KR.
KASSI MEÐ 44 TÖFLUM
UPPÞVOTTAVÉLATÖFLUR
FERSKIR BLANDAÐIR BITAR
299 KÍLÓVERÐ KR.
59 LÍTRI KR.
EPLA SAFI
EKKERT BRUÐL
BÓNUS
Kjúklingabitar
FERSKIR
FIESTA PITSA
129 280-400g KR.
PITSA
280-400g
Frosin
98 75 ml KR.
FROSIN JARÐARBER
159 750g KR.
VÖFFLUDUFT
159 500g KR.
Vöffluduft
Gott á grillið
I. FLOKKUR FROSINN
HUMAR
nýveiddur
99 400g KR.
I. FLOKKS HUMAR
3990 kg KR.
Nýtt kortatímabil!
FROSNIR LAXABITAR
699 kg KR.
30% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN
Merkt verð 999kr.
LAMBARIFJUR Í KRYDDI
299 KÍLÓVERÐ KR.
RAUÐVÍNSLEGIÐ LAMBALÆRI
799 kg KR.
20% afsláttur við kassann
Merkt verð 998kr.
JASMÍN Í POKUM
79 500g KR.
Gott á grillið
GOLDEN JASMINE HRÍSGRJÓN
FROSNIR
ROÐLAUSIR
BEINLAUSIR
Laxa
BITAR
30% afsláttur við kassann
KRYDDAÐAR
Lamba grill
RIFJUR
SVÍNARIFJUR Í KRYDDI
299 KÍLÓVERÐ KR.
10 stykki 115g
ungnautahamborgarar
999 KR.
BÓNUS
UNG naut
99 350g KR.
Hrásalat
Kartöflusalat
KRYDDAÐAR
Svína grill
RIFJUR
Frábært úr frystinum
Fylgist með okkur
-við fylgjumst með verðinu!
ERAN/Landlist

# skoðun

SJÓNARMIÐ
HAFLIÐI HELGASON

Alþingi tekur afstöðu til samgöngumála á forsendum kjördæmapotsins.

## Karpið um veginn

Ekki er um það deilt að samgöngur skipta verulegu máli fyrir byggðir landsins. Hvergi í nokkrum málaflokki verður ójafnvægi í atkvæðavægi landsmanna skýrara, en einmitt í ákvörðunum um hvernig skattpeningum skuli varið í samgöngumálum.

Frá sjónarmiði stjórnmálamanna er eðlilegt að leggja allt kapp á samgöngumál í eigin kjördæmi. Stjórnmálamenn hafa skýr dæmi fyrir framan sig um heldur tilþrifalitla stjórnmálamenn sem hafa haldið stöðu sinni í kjördæmum sínum og gott betur fyrir að hafa verið samgönguráðherrar með hagsmuni eigin kjördæmis að leiðarljósi. Embætti samgönguráðherra hefur líka verið eftirsótt af þingmönnum landsbyggðarinnar. Höfuðborgarsvæðið hefur um langt skeið liðið fyrir það að pólitískir áhrifamenn í samgöngumálum hafa ekki komið þaðan.

**„Raunin er hins vegar sú að landsbyggðarþingmenn stunda hrossakaup og skipta á milli sín stærstum hluta vegafjár. Þessar áherslur munu ekki lagast að neinu marki fyrr en atkvæðavægi í þingkosningum verður jafnað að fullu.**

Samgönguáætlun liggur nú fyrir og þar birtist enn á ný það pólitíska ójafnvægi sem ríkir milli landsbyggðar og höfuðborgar í málaflokknum. Enn á ný sitja nauðsynlegar samgöngubætur á höfuðborgarsvæðinu utan áætlunarinnar; framkvæmdir sem þjóna meirihluta landsmanna, auka öryggi og spara samfélaginu verulega fjármuni. Öryggi og hagkvæmni ættu að vera meginrök þegar fjármunum til samgöngumannvirkja er úthlutað.

Raunin er hins vegar sú að landsbyggðarþingmenn stunda hrossakaup og skipta á milli sín stærstum hluta vegafjár. Þessar áherslur munu ekki lagast að neinu marki fyrr en atkvæðavægi í þingkosningum verður jafnað að fullu. Samkvæmt núverandi samgönguáætlun liggur fyrir að tveir þriðju hlutar vegafjár fara til landsbyggðarinnar. Helstu áherslur í samgöngumálum eru á forsendum landsbyggðarinnar svo sem vera Reykjavíkurflugvallar á besta byggingasvæði höfuðborgarinnar.

Það var því þarft verk hjá Gunnari I. Birgissyni, þingmanni Sjálfstæðisflokksins, að tala skýrt gegn núverandi forgangsröðun í samgöngumálum. Meðan þingmenn landsbyggðarinnar vinna jafn markvisst að sérhagsmunum kjördæma sinna í samgöngumálum eiga þingmenn Reykjavíkur og nágrannakjördæma að vinna saman að forgangsröðun þar sem hagkvæmni og öryggi meirihluta þjóðarinnar eru leiðarljós við ákvarðanir.

Vegir landsins eru til reiðu fyrir alla þjóðina og rök kunna að finnast fyrir sértækum vegabótum á svæðum sem tiltölulega fáir byggja. Hins vegar eru þau hlutföll sem blasa við í núverandi samgönguáætlun móðgun við íbúa meirihluta þjóðarinnar og þeirra sem leggja til meirihluta fjármuna til vegagerðar og samgöngumannvirkja. Þingmenn þéttbýliskjarnans á suðvesturhorninu eiga að taka undir með Gunnari I. Birgissyni og koma í veg fyrir þá himinhrópandi misskiptingu sem blasir við milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis í núverandi samgönguáætlun. Það er tími til kominn. ■

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Eftirlýstur

Sjaldnast hafa fjölmiðlar þurft að lýsa eftir stjórnmálamönnum enda oftast meira framboð af þeim en eftirspurn. Nú bregður hins vegar svo við að Össur Skarphéðinsson, formaður Samfylkingarinnar, svarar ekki skilaboðum blaðamanna Fréttablaðsins svo dögum skiptir og gildir þá einu hvort fastlínan er notuð eða nútímalegri boðleiðir. Vel má vera að Össuri finnist nóg komið af sér í hita og þunga leiksins en hitt kann líka að vera skýringin að spurningarnar sem honum hafa verið sendar netleiðina séu full erfiðar á viðkvæmum tímum í lífi flokksins. Þær snúast nefnilega um nokkur grundvallaratriði í íslenskri pólitík, svo sem um afstöðuna til ESB, Nató, varnarliðið, skólagjöld og einkarekstur svo fátt eitt sé nefnt...



### Eftirlýst

Reyndar gengur álíka erfiðlega að fá svör Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur við fyrrgreindum spurningum blaðsins en hún hefur beðið um frest vegna anna, meðal annars við að svara öðrum fjölmiðlum. Skýringin kann líka að vera sú að engin svör séu við þessum prinsippspurningum, altént í Samfylkingunni. Eftirtektarvert er að kollegum okkar á Morgunblaðinu gengur álíka erfiðlega að fá svör við þessum brýnu spurningum, en í heilum leiðara blaðsins á dögunum var eftir því leitað að þessir keppinautar um formennskuna í Samfylkingunni gæfu upp afstöðu sína í helstu málaflokkum íslenskra stjórnmála nú um stundir.

### Yfirlýst

Eftir stendur karp formannsefnanna um snakk og snus, nefndastörf og núansa. Og allt er þetta einhvern veginn yfirlýst: Fýluköst á báða bóga – og æði gamalkunn gelgja sem fylgt hefur bröltinu á vinstri væng íslenskra stjórnmála um áratugaskeið. Hafi menn haldið að foringjavandinn á þeim kantinum hafi minnkað eftir daga Héðins og Hannibals er það mikill misskilningur. Nú kasta menn bombunum í meira návígi en nokkru sinni, sumsé innan fjölskyldunnar. Það var og. Drottinn blessi heimilið...

ser@frettabladid.is

## Smáfiskadráp

Í DAG
STJÓRNMÁL OG MORÐ



ÞORVALDUR GYLFASON

Ég flæktist inn í morðmál fyrir mörgum árum. Þannig var, að ég var staddur í Gvæjönu í norðanverðri Suður-Ameríku í atvinnuerindum, og væri varla í frásögur færandi nema fyrir það, að fyrsta daginn var beittum hnífi brugðið á barka eins vinnufélaga míns um hábjartan dag á aðalgötu höfuðborgarinnar, og hann var rændur öllu lauslegu, en slapp með skrekkinn. Hann hafði samt verið varaður við því að labba niður Laugaveginn: lífshættulegt. Þessu næst varð viðskiptaráðherrann fyrir skotárás, en komst undan við illan leik. Þá var verklýðsmálaráðherrann skotinn til ólífis, þar sem hann var í bíltúr um myrkvað hafnarhverfið um miðja nótt með tannlækni, sem kom til landsins tvisvar á ári frá Bandaríkjunum, hún var prófessor þar, að gera við tennurnar í ríkisstjórninni, og henni var smyglað úr landi strax um nóttina, hún bjó á sama hóteli og við, og ráðherrarnir þurftu eftir það að gera aðrar ráðstafanir gegn tannpínu. Bílstjórar bæjarins voru ekki í miklum vafa um morðtilræðin: stjórnin stóð sjálf á bak við þau, sögðu þeir, til þess að geta klínt þeim á stjórnarandstöðuna. Hver var drepinn í nótt? var fyrsta spurningin, sem maður lagði fyrir leigubílstjórana á morgnana. Áður en heim var haldið, vildi forsætisráðherrann sýna gestum sínum sérstakan heiður með því að bjóða okkur í útsýnisferð yfir regnskógana í einkaþyrlu sinni. Kona í sendinefndinni ætlaði ekki að þora að fara, hún var að hugsa um börnin sín, býst ég við, en okkur tókst að telja henni hughvarf með þeim rökum, að varla færu leiguskytturnar að skjóta niður þyrlu sjálfs höfuðpaursins, þeir væru ábyggilega bara á höttunum eftir smáfiski eins og viðskiptaráðherranum og verklýðsmálaráðherranum. Við höfðum heppnina með okkur: fínasta þyrla landsins varð bensínlaus í miðjum klíðum, svo að frumskógaferðin varð styttri en til stóð.

**„Bílstjórar bæjarins voru ekki í miklum vafa um morðtilræðin: stjórnin stóð sjálf á bak við þau, sögðu þeir, til þess að geta klínt þeim á stjórnarandstöðuna. Hver var drepinn í nótt? var fyrsta spurningin, sem maður lagði fyrir leigubílstjórana á morgnana.**

Þessi gamla morðsaga rifjast upp fyrir mér nú vegna þess, að forseti Taívans sætir nú sams konar ásökunum af hálfu stjórnarandstöðunnar og ríkisstjórn Gvæjönu sat undir forðum daga. Fylgi forsetans var skv. skoðanakönnunum fimm til tíu prósentustigum undir fylgi mótframbjóðandans tveim dögum fyrir forsetakosningarnar í fyrra. En viti menn: forsetinn varð fyrir skotárás kvöldið fyrir kosningar og sigraði síðan naumlega – með 0,2% atkvæðamun. Hann reyndist hafa fengið bara smáskrámu. Stjórnarandstaðan heimtaði tafarlausa rannsókn á tilræðinu, en forsetanum var fyrirgefning efst í huga: honum fannst engin ástæða til að athuga málið. Andstöðunni tókst eigi að síður að fá þingið til að láta opinbera rannsókn fara fram, og þá kom í ljós, að byssukúlan, sem fannst á svæðinu, hefði ekki getað valdið skrámunni. Sérfræðingar rannsóknarnefndarinnar telja, að skráman sé trúlega verk skurðlæknis. Nú, meira en ári síðar, segist lögreglan vera búin að finna tilræðismanninn, en hann drekkti sér því miður fyrir nokkrum mánuðum, og sjálfsmorðsbréfið er týnt, gott ef það kviknaði ekki í því, eldsupptök eru ókunn.

Þessi taívanska morðsaga vitnar um fallvaltleika lýðræðisins þarna austur frá. Taívanar eru bókstaflega með lífið í lúkunum, því að Kínverjar hafa í hótunum um að taka landið með valdi, ef Taívan lýsir yfir fullu sjálfstæði, svo sem helmingur þjóðarinnar eða þar um bil kýs helzt að gera, þegar aðstæður leyfa. Nýlega voru samþykkt á þinginu í Beijing lög þess efnis, að Kínverjum sé heimilt að beita hervaldi gagn Taívan til að halda landinu saman, eins og það heitir, enda þótt flestir íbúar eyjarinnar líti ekki á land sitt sem hluta af Kína, það er löngu liðin tíð. Taívönum líður nokkurn veginn eins og Austurríkismönnum myndi líða, ef Þjóðverjar byrjuðu aftur að yggla sig við landamærin.

Bandaríkjamenn hafa ávallt látið á sér skiljast, að þeir myndu koma Taívan til varnar, ef Kínverjar reyndu að ráðast inn. Enginn veit, hvort Bandaríkjastjórn er full alvara með þessu eða ekki. Kínverjar ættu sterkan mótleik, ef kaninn reyndi að standa uppi í hárinu á þeim: þeir gætu losað sig á einu bretti við öll ríkisskuldabréfin, sem þeir hafa keypt af Bandaríkjamönnum undangengin ár, og þá myndi gengi dollarans hríðlækka, og vextir myndu rjúka upp. Þessi staða er upp komin vegna þess, að ríkishallareksturinn í stjórnartíð Bush forseta hefur gert Kína að næsthelzta lánardrottni Bandaríkjanna, næst á eftir Japönum. Lánardrottnar geta beitt valdi án þess að grípa til vopna. ■







FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

# Húsbrot og faldar myndavélar

**UMRÆÐAN**
STARFSHÆTTIR FJÖLMIÐLA



INGVAR GÍSLASON

Ekki verður um það deilt, að koma ber í veg fyrir að útlendingar vinni á Íslandi án tilskilinna leyfa. Þó má á milli vera hvernig unnið er að því að uppræta brot af því tagi. Enginn getur amast við því að umræður um erlent vinnuafl eigi sér stað í fjölmiðlum og á fundum, m.a. það hvernig atvinnurekendur misnota erlent verkafólk í auðgunarskyni og brjóta þá lög og stjórnvaldsreglur, að ekki sé minnst á samninga um kaup og kjör.

Já, hverjir eru að brjóta lögin? Hverja á að úthrópa og draga fram sem brotamenn í slíkum tilfellum? Ekki helgar tilgangurinn öll meðul.

Ég ætla að leyfa mér að benda á eitt dæmi um aðfinnsluvert framferði fréttamanna um mál af þessu tagi. Dæmið sem ég nefni er sá hluti sjónvarpsþáttar Páls Benediktssonar 20. mars sl. (Í brennidepli) þar sem rætt var um erlent verkafólk sem hingað hefur sótt í atvinnuleit, en hefur látið undir höfuð leggjast að verða sér úti um atvinnuleyfi með formlegum hætti.

Ekki er svo að skilja að fólk þetta (oftast karlar) komi til landsins sem laumufarþegar. Það kemur hingað eftir opnum ferðaleiðum sem frjálsir einstaklingar. En á bak við ferðalag þessa fólks liggur þó yfirleitt tálbeitan um að á Íslandi sé „nóg að gera“ (eins og sagt er) og að þar megi vinna sér inn stórfé á stuttum tíma. Þetta fólk er bersýnilega ekki upplýst um nauðsynleg atvinnuleyfi og gildandi kjarasamninga. Því er á hinn bóginn innrætt að Ísland sé hluti hins „frjálsa heims“ þar sem höftum hefur verið útrýmt, þ. á m. á vinnuframlagi erlendra farandverkamanna. Öllu reglugerðarklabbinu (sovésklitaðri framsóknar- og sveitamennsku frá kreppuárum) á að hafa verið úthýst. En grandalausir Lettar og Pólverjar reka sig á annað. Þeir eru hingað komnir í góðri trú um alfrelsið og hegða sér eftir því. Hjá slíkum mönnum er naumast að finna svo „einbeittan brotavilja“ að varði tugthúsvist að vinna sér inn nokkrar krónur í tímabundinni byggingavinnu.

Teljast hlýtur brenglaður skilningur á mannhelgi og persónufrelsi, ef átölulaust er hægt að sviðsetja húsbrot frammi fyrir falinni kvikmyndavél til þess að handtaka slíka meinleysingja frá fátæktarlöndum og niðurlægja þá í beinni sjónvarpsútsendingu sem hættulega afbrotamenn. Páli Benediktssyni væri nær að huga að hinu flóknara ferli þess heimsástands sem hvetur útlenda nauðleitarmenn til Íslands í atvinnuleit. Fréttaskýringaþáttur, sem elur á heimsku refsigleðinnar, ósveigjanlegri lögfestu og hleypidómum gagnvart fátæklingum og grandalausum farandverkamönnum, er þess eins verður að hneykslast á honum.

Væri ekki meiri slægur í að kafa ofan í neðanjarðarhagkerfi evrópukapitalismans en þessa gagnsæju smápretti trésmiða og múrara á Íslandi, sem bráðvantar handlangara og lokka þá til sín fyrir allra augum atvinnulausa fátæklinga úr útlöndum, sakleysingja sem gerðir eru að blórabögglum? Varla er öðru trúandi en að saksóknarar og dómarar ráði við það einfalda verk að koma lögum yfir atvinnurekendur (sem grunaðir eru um lögbrot og misneytingu) án ósmekklegrar og löglausrar íhlutunar sjónvarpsmanna með faldar myndavélar að vopni, sem beint er að varnarlausum smælingjum í ókunnu landi.

*Höfundur er fyrrverandi alþingismaður og ráðherra.* ■



**Á FRÉTTASTOFU ÚTVARPS** Starfsmenn fréttastofu Útvarps á fundi þegar mál vegna ráðningar fréttastjóra stóðu sem hæst. Greinarhöfundur gerir vinnustaðalýðræði að umfjöllunarefni.

**HULDA BJÖRG SIGURÐARDÓTTIR**
SKRIFAR UM VINNUSTAÐALÝÐRÆÐI

# Hugleiðing um vald

Keppni og valdabárátta eru upphafin í fréttum og afþreyingarefni um leið og varla er minnst á að ýmsir aðrir hæfileikar komi fólki vel og séu líklegri til þess að færa því hamingju. Þetta tengist einstaklingsumfjöllun þar sem einstaklingurinn er oft klipptur frá raunverulegum bakgrunni og aðstæðum.

Síðastliðið ár hefur verið áberandi hjá ráðamönnum að þeir setji sig í stellingar og sýni hver ræður. Alls staðar er verið að knésetja menn og helst allir atburðir settir þannig fram að um sigurvegara og „tapara“ sé að ræða.

Áhugavert í þessu samhengi er vinnustaðalýðræði og staða einstaklingsins gagnvart samstarfsfólki. Í þjóðarstofnun Íslendinga, Ríkisútvarpinu, gerðist það sjaldgæfa að félagsfyrirbærið, stofnun eða vinnustaður, þurfti að lúta því að vera samstarfsverkefni allra sem leggja hönd á plóginn. Um leið stakk í augun blinda tveggja einstaklinga á vald sitt. Þar skiptist í tvö horn.

Sá eldri trúði á mátt yfirvalds og bakhjarla, en hinn á eigin mátt, ef marka má orð hans. Sá setti sig í spor Davíðs og taldi sig vera að fást við Golíat, sem kannski er ekki heldur óeðlilegt ef litið er til ímyndar ungra stjórnenda. Honum virtist fullkomlega dulið að hann væri peð á taflborði. En því miður er þetta ef til vill ekki bara speglun fjölmiðlanna. Eða hefur einhver kannað nýlega hvernig „mannauðurinn“ blómstrar og hvort vinnustaðalýðræði er hér almennt virt í fyrirtækjum?

*Höfundur er lyfjafræðingur, BA í heimspeki og kynjafræðingur.*

## LEIÐRÉTTING

Föstudaginn 8. apríl var útsölumarkaður Verðlistans ranglega sagður vera á Laugavegi 8 en hann er á Suðurlandsbraut 8. Þá var dálkurinn Frá degi til dags í blaði mánudagsins 11. apríl ranglega merktur gm@frettabladid.is, en átti að vera svanborg@frettabladid.is.

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.



# Uppeldi ökumanna framtíðarinnar

**UMRÆÐAN**
SVAR VIÐ LEIÐARA Í FRÉTTABLAÐINU



**EINAR MAGNÚS MAGNÚSSON**
UPPLÝSINGAFULLTRÚI UMFERÐARSTOFU

Skiljanlegt er að Kári Jónasson ritstjóri Fréttablaðsins kunni því illa að sjá og heyra börn og fullorðna viðhafa þá framkomu sem sýnd er í auglýsingum Umferðarstofu, samanber ágætan leiðara hans í Fréttablaðinu 11. apríl sl. Að barn eða fullorðinn hafi í frammi slíkt orðbragð þykir mörgum ótrúlegt en því miður vita fleiri að sú er raunin.

Umferðarstofa birtir á hverju ári fjölda auglýsinga sem spanna mjög vítt svið í viðleitni stofnunarinnar til að bæta hegðun ökumanna og breyta og bæta viðhorf þeirra til umferðarinnar. Ein herferð tekur á hámarkshraða í íbúðarhverfum, önnur á ölvunarakstri og enn önnur á notkun bílbelta og svo mætti áfram telja. Þær auglýsingar sem hér um ræðir eru hinsvegar til þess gerðar að vekja foreldra og forráðamenn barna til umhugsunar um það, hvers konar fyrirmyndir þau sjálf eru í umferðinni.

Það gætir augljóslega ákveðins misskilnings ritstjórans varðandi túlkun hans á auglýsingunum og tilgangi þeirra. Kári virðist setja punktinn aftan við framkomu barnsins í stað þess að horfa eða lesa áfram. Ef auglýsingin er skoðuð til enda kemur fram spurningin um það hvort að áhorfandinn sé börnum góð fyrirmynd. Þarna er verið að kalla eftir uppeldislegri ábyrgð foreldra í umferðinni.

Þessar auglýsingar, sem og margt annað sem birtist í mynd, orði og riti, krefst þess að áhorfandinn hugsi málið í víðara samhengi en í fyrstu virðist ljóst vera. Er áhorfandinn börnum góð fyrirmynd hvað aksturslag varðar? Ekur hann/hún á ólöglegum hraða og kennir þar með barninu sínu viðlíka áhættuhegðun eða er hún/hann með ruddaskap og tillitsleysi í umferðinni? Þetta er sem betur fer flestum áhorfendum ljóst, miðað við undirtektirnar sem Umferðarstofa hefur fengið við auglýsingunum.

En af hverju skyldi Umferðarstofa sjá ástæðu til að taka á einhverjum fúkyrðaflaumi og dónaskap manna í umferðinni? Frá þessari hegðun er mjög stutt í áhættuhegðun sem getur reynst hættuleg. Þetta kemur fram í fjölda slysaskýrslna og vitnisburða um aðdraganda umferðarslysa. Þetta er hegðun sem hugsanlega eitthvert barn – ökumaður framtíðarinnar – verður vitni af.

Guðmundur Steingrímsson fjallaði í frábærri grein í Fréttablaðinu um þá viðleitni manna „að taka strútinn“ eins og hann og félagar hans kalla það þegar menn stinga hausnum í sandinn og vilja ekki horfast í augu við hlutina eins og þeir eru. Vill eitthvert foreldri að barn þess stundi hraðakstur, aki án bílbelta, aki undir áhrifum áfengis eða viðhafi annars konar áhættuhegðun sem stofnar lífi þess og annarra í hættu? Það er kannski þægilegast „að taka strútinn“ og neita að horfast í augu við það að barnið hefur hugsanlega tileinkað sér þessa hegðun vegna þess sem fyrir því er haft?

Spurningin „Ert þú góð fyrirmynd?“ er ákall til ábyrgðar og dómgreindar foreldra. Að uppalendur láti af ósæmilegri hegðun í umferðinni og fræði börnin sín um það að slík framkoma sé ekki til eftirbreytni. Með því móti mun okkur sameiginlega takast að uppræta þessa meinsemd sem því miður leiðir mjög oft til áhættuhegðunar og slysa. ■

# Skriður kominn á sjóminjasafnið í Reykjavík

**UMRÆÐAN**
NÝTT SAFN Í REYKJAVÍK



**STEFÁN JÓN HAFSTEIN**
BORGARFULLTRÚI

Nú hillir undir að Íslendingar eignist nýtt og glæsilegt sjóminjasafn. Sjálfeignarstofnun um Víkina-Sjóminjasafnið í Reykjavík var sett á laggirnar fyrir skömmu. Safnið er til húsa að Grandagarði 8, gamla BÚR-húsinu. Á stofnfundi safnsins kom fram að stefnt yrði að því að opna fyrstu sýningu á sjómannadaginn 2005. Mörgum þótti það nokkuð djörf áætlun að undirbúa og opna sýningu á hálfu ári, en útlit er enn fyrir því að sú bjartsýna áætlun takist.

Fyrsta stóra verkefni safnsins er að setja upp sýninguna „Togaraöldin“ í tilefni af 100 afmæli togaraútgerðar á Íslandi. Árið 1905 kom togarinn Coot til landsins og 1907 var togarinn Jón forseti smíðaður fyrir Reykvíkinga. Við upphaf síðustu aldar varð heilmikil vakning meðal landsmanna, en sennilega sköpu togararnir mestu byltinguna. Á árunum 1905-1917 fengust 28 aðilar við togaraútgerð á Íslandi, þar af var 21 í Reykjavík og Viðey. Togaraútgerð þar skapaði fyrsta verulega auðmagnið á Íslandi á 20 öld. Sýning sjóminjasafnsins mun reyna að endurspegla þessi miklu umskipti sem urðu á kjörum lands og þjóðar með togurunum. Þá verður reynt að skyggnast inn í líf og aðbúnað sjómanna og fjölskyldna þeirra á öldinni sem leið.

Reykjavík er hafnarborg og fáir gera sér grein fyrir því, hve Reykjavík er mikill útgerðarbær; við gömlu höfnina í Reykjavík er landað verðmætasta afla landsins ár hvert. Víkin-Sjóminjasafnið í Reykjavík mun leitast við að þjóna hagsmunum heimamanna sem og ferðamanna varðandi kynningu á sambúð Íslendinga við hafið, fiskveiðum og vinnslu. Sagan kallar á sjóminjasafn. Fyrsti Reykvíkingurinn var sæfari og lífsafkoma bæjarbúa hefur byggst mjög mikið á sjónum. Kaupsiglingar hafa verið stundaðar um aldir til Reykjavíkur. Iðnaður og þjónusta tengd sjósókn eru umfangsmikil í borginni sem og stofnanir á vegum hins opinbera. Við skuldum hetjum hafsins og þeim sem gerðu svo mikil verðmæti úr aflanum að sögu þeirra sé minnst.

Reykjavíkurborg hafði fyrir sitt leyti forgöngu um undirbúning og leggur fram langmesta stofnféð, 10 milljónir króna á ári. Öflugir bakhjarlar, HB-Grandi, Íslandsbanki, Faxaflóahafnir og Eimskip, leggja saman fram rúmlega annað eins á móti. En þörf er á að fleiri leggist á árarnar með okkur. Nú reynir á hvort útgerðin, fiskvinnslan og allir sem áhuga hafa á sjósókn og mikilvægi sjávarútvegs vilji koma að þessu samstarfsverkefni. Þess vegna leitar nú stjórn safnsins að fleiri samstarfs- og styrktaraðiljum til að halda uppi merkjum sjávarútvegs og minnast þess söguleg hlutverks sem hafið og sjósókn hafa á lífi á Íslandi. Ég trúi því og treysti að afli verði góður þegar við róum á mið þeirra sem til greina koma sem samstarfsaðilar um safnið. Sjóminjasafnið er sjálfseignarstofnun og byggist starfið að miklu leyti á því, hvað fyrirtæki og stofnanir eru reiðubúin að láta af mörkum til sýningar um 100 ára sögu togaraútgerðar – og síðar þegar stór og glæst sýning um hlut sjávarútvegs í íslenskri menningu verður opnuð. ■


## Er svigrúm fyrir almenna fjárfesta á íslenskum hlutabréfamarkaði?

**Morgunverðarfundur í Sunnusal, Radison SAS, Hótel Sögu.**
**Föstudagsmorgun 15. apríl kl 8.15 – 10.00.**

Frummælendur:



**Jean-Pierre Paelinck, framkvæmdastjóri**
Euroshareholders, Evrópusamtaka hlutafjáreigenda

***Shareholders' democracy,***
***majority versus minority shareholders***



**Agnes Bragadóttir, blaðamaður**
***Halló! Halló! Vaknið, Íslendingar!***

Fundarstjóri: Benedikt Jóhannesson, framkvæmdastjóri.
Morgunverður kr. 1.500

***Samtök fjárfesta;***
***almennra hlutabréfa- og sparifjáreigenda***


# Framhaldsskóla í Mosfellsbæ

**UMRÆÐAN**
MENNTAMÁL



**JÓN BJARNASON**
ÞINGMAÐUR VG

Mosfellsbær er tiltölulega ungt en vaxandi bæjarfélag með hátt í 6.700 íbúa og hlutfall ungs fólks í þeim hópi er hátt. Nú eru þar um 100 manns í hverjum árgangi á framhaldsskólaaldri og margir stærri árgangar á grunnskólaaldri. Engum blöðum er um það að fletta að Mosfellsbær er langstærsta sveitarfélag landsins sem ekki hefur eigin framhaldsskóla. Gert er ráð fyrir að íbúafjöldinn nái 8.000 á næstu fimm árum og verði um 10.000 árið 2012.

Án efa er það nálægðin við Reykjavík sem mestu veldur um það að Mosfellsbær hefur setið eftir í uppbyggingu framhaldsskólakerfisins á undanförnum áratugum. Mosfellsbær fer með um 12% af áætluðum kostnaði við Borgarholtsskóla sem er sá framhaldsskóli í Reykjavík sem er næst sveitarfélaginu. Almenningssamgöngur milli Mosfellsbæjar og Borgarholts eru hins vegar ekki nógu góðar til að gera Borgarholtsskóla að ákjósanlegum kosti fyrir framhaldsskólanema í Mosfellsbæ, umfram aðra framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu. Það gefur auga leið að sú staðreynd ýtir undir einkabílanotkun þeirra sem þaðan þurfa að sækja framhaldsskóla til nágrannasveitarfélaganna og eykur umferð um Vesturlandsveg á álagstímum.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur nú um nokkurt skeið haft hug á að taka upp viðræður við ríkisvaldið um stofnun framhaldsskóla í bænum. Frá þessu greindu fulltrúar hennar á fundi með fjárlaganefnd haustið 2002 og aftur 2003 og 2004. En ekkert hefur gerst í málinu. Gert er ráð fyrir framhaldsskóla á aðalskipulagi bæjarins og slíkur skóli mundi styrkja innviði sveitarfélagsins verulega. Blómlegt félags- og tómstundastarf byggist jafnan upp í kringum starf einstakra framhaldsskóla, sem gefa hverju byggðarlagi tækifæri til að styrkja sérstöðu sína með samstarfi við skólana.

Framhaldsskóli í Mosfellsbæ gæti því hæglega þjónað fleirum en heimamönnum ef þar byggðist upp sérhæft nám að einhverju leyti, t.d. á sviði heilsueflingar og ferðaþjónustu sem nú þegar standa sterkum fótum í bæjarfélaginu. Enn fremur gæti orðið hentugt fyrir íbúa í Grundarhverfi, á Kjalarnesi, á Álfsnesi, í Kjós og nýju hverfi við Úlfarsfell að sækja slíkan skóla vegna nálægðarinnar.

Að mati okkar þingmanna Vinstri-grænna er stofnun framhaldsskóla í Mosfellsbæ eitt brýnasta verkefni fyrir íbúana á þessu svæði. Framhaldsskóli er einn af hornsteinum hverrar byggðar og skiptir gríðarlegu máli í uppbyggingu heildstæðs samfélags. Nú er svo sannarlega komið að Mosfellsbæ.

Ríkið ber ábyrgð á stofnun og rekstri framhaldsskólans. Við, þingmenn Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, höfum lagt fram tillögu um að Alþingi feli menntamálaráðherra að hefjast handa um uppbyggingu framhaldsskóla í Mosfellsbæ með það að markmiði að sá skóli taki til starfa innan tveggja ára. Allt mælir með því að gengið verði í þetta mál og yfirvöld hafa tekið nokkuð vel í það. Það er ekki eftir neinu að bíða. ■

| Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag | |
|---|---|---|---|
| REYKJAVÍK | 5.59 | 13.28 | 20.59 |
| AKUREYRI | 5.37 | 13.13 | 20.50 |

Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

# allt

## heimili o.fl.

Mottur setja svip á herbergið

BLS. 2



SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

**Góðan dag!**

Í dag er fimmtudagur 14. apríl, 104. dagur ársins 2005.

KRÍLIN




Smáauglýsingar á 995 kr. visir.is

Smáauglýsingar byrja í dag á bls. 4

Flokkar

Bílar & farartæki
Keypt & selt
Þjónusta
Heilsa
Skólar & námskeið
Heimilið
Tómstundir & ferðir
Húsnæði
Atvinna
Tilkynningar

Þú getur pantað smáauglýsingar á www.visir.is

visir

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



„Ég verð eiginlega að vera í pilsi við stígvélin, því ég er ekki svo hámóðins að ég geti sett gallabuxurnar ofan í stígvélin," segir Inga María.

# Féll fyrir dönskum stígvélum

***Blaðakona hittir aldeilis vel á Ingu Maríu Valdimarsdóttur leikkonu þegar hún hringir í hana og vill fá að hnýsast aðeins í fataskápinn hennar.***

„Ég sit einmitt með vinkonu minni og við vorum að tala um föt. Við eigum akkúrat ekkert til að vera í," segir Inga María og þegar blaðakona spyr um uppáhaldið í fataskápnum fer hún alveg í kleinu. „Ég er alltaf í því sama. Dettur þér eitthvað í hug?" spyr hún vinkonu sína. „Heyrðu jú, nú man ég eftir einu. Skórnir sem ég keypti í Köbenhavn. Þetta eru stígvél sem ég er eiginlega að reyna að spara en ég ætti auðvitað að nota þau meira hversdagslega áður en þau hætta að vera móðins."

Inga María féll strax fyrir dönsku stígvélunum. „Ég sá þau í búðarglugga og þetta var ást við fyrstu sýn. Þau voru á útsölu en mér fannst þau samt kosta ógeðslega mikinn pening. Dágóðan skilding. En ég féll eiginlega fyrir bandinu sem er yfir ökklann. Það er úr snákaskinni skreytt tveimur semalíusteinum og þremur svörtum. Ég féll fyrir þessu glingri þó ég sé vanalega ekki mikið gefin fyrir slíkt. Snákaskinnið er fremst á tánni og líka efst á stígvélunum," segir Inga María, sem er alls ekkert tískufrík.

„Ég er annars alltaf í því sama – gallabuxum og svartri peysu. Ég á örugglega tuttugu pör af gallabuxum og fimmtán svartar peysur og boli. Það er frekar leiðinlegt stundum að vera alltaf í því sama, því ég þarf alltaf að taka það fram að ég sé ekki í sömu fötum og í gær," segir Inga María og nýtir tækifærið og skellir sér í sitt besta pils fyrir ljósmyndarann.

*lilja@frettabladid.is*

# Gwen Stefani flottust í tauinu

**Það fer fyrir brjóstið á mörgum innan tískuheimsins að ofurfyrirsætan Kate Moss skuli ekki hampa titlinum „best klædda konan".**

Hið virta tískutímarit Harpers & Queen birti nýverið árlegan lista sinn yfir þær konur sem þykja skara fram úr í klæðaburði. Eitthvað virðist niðurstaða tímaritsins fara fyrir brjóstið á fólki innan tískuheimsins og hafa gagnrýnisraddir verið nokkuð háværar. Að mati tímaritsins þykir söngkonan Gwen Stefani best klædd allra kvenna í veröldinni. Fast á hæla hennar, í öðru sætinu, er dansarinn Dita von Teese. Dita er unnusta Marilyn Manson.



Gwen Stefani þykir oft djörf í fatavali.

Talsmaður tímaritsins segir fataskáp Kate Moss einfaldlega of hefðbundinn í samanburði við klæðnað þeirra Gwen og Ditu – en báðar eru þekktar fyrir að klæðast fríkuðum fatnaði á mannamótum. Þá segir talsmaðurinn þema listans að þessu sinni byggjast á afturhvarfi til fortíðar, til þess tíma þegar konur höfðu gaman af því að klæðast óvenjulegum fatnaði.

# LIGGUR Í LOFTINU
## *í ferðum*



**Utan vega** Umhverfisstofnun og Landvernd gangast næstkomandi laugardag, 16. apríl, fyrir málþingi í Norræna húsinu í Reykjavík um akstur utan vega. Á málþinginu verður fjallað um akstur utan vega frá ýmsum sjónarhornum með pallborðsumræðum í lokin. Megináhersla verður lögð á hvar vandinn liggur og hvað er til ráða. Málþingið hefst kl. 13 og er öllum opið. Nánari dagskrá verður birt á vef Umhverfisstofnunar.

**Börn ferðast fyrir krónu** í sauðburðinn með Flugfélagi Íslands til allra áfangastaða innanlands. Verðið er án skatta og tryggingagjalds en ferðin kostar alls 880 krónur báðar leiðir. Tilboðið gildir fyrir börn yngri en tólf ára í fylgd með fullorðnum. Ferðatímabilið er frá 15. apríl og til 15. maí og er eingungis bókanlegt á www.flugfelag.is.



**Terra Nova flutt** Ferðaskrifstofan Terra Nova hefur flutt starfsemi sína í Skógarhlíð 18. Þar verður öll starfsemi fyrirtækisins rekin, bæði innan- og utanlandsdeild. Terra Nova er næst stærsti innflytjandi ferðamanna til Íslands og tekur árlega á móti þúsundum ferðamanna til landsins og einnig hafa þúsundir Íslendinga farið á vegum ferðaskrifstofunnar í frí til fjölda áfangastaða í útlöndum.

*ferdir@frettabladid.is*

Dúndur tilboð á amerískum dýnum í stærðinni 135x203

Tilvaldar í unglingaherbergið og sumarbústaðinn



Listaverð

Full XL 135x203 63.900

innifalið í verði: dýna boxdýna og undirstöður

Tilboðsverð kr. 44.900 stgr.

LÍNAN HÚSGÖGN

SUÐURLANDSBRAUT 22 • SÍMI 553 7100 • www.linan.is

**Tiltekt**
Prófaðu að útbúa stundatöflu þar sem öll heimilisverkin eru skipulögð. Dreifðu verkunum á alla á heimilinu þannig að þegar helgin kemur sé öll tiltekt auðveldari og ekki þurfi að eyða heilum degi í að skúra, skrúbba og bóna.


























Hjartalaga og loðin. Hällskär-motta frá IKEA.



Blátt klassískt ullarteppi í Persíu handhnýtt með silkiáferð.



Græn og krúttleg með hundasporum. Tassa rund motta frá IKEA.



Hvít modern-teppi í Persíu með sérstakri hnýtingu sem gefur teppinu sérkennilega þrívídd.

# Gefa herberginu persónuleika

***Mottur eru nauðsynlegar á trégólf og flísar.***

Það er liðin tíð að teppi út í öll horn séu á flestum íbúðum. Langalgengasta gólfefnið nú á dögum er parkett eða flísar og þar af leiðandi eru gólfmottur notaðar talsvert mikið. Um þessar mundir njóta náttúrumottur úr efnum eins og sísal og kókos mikilla vinsælda og einnig mottur í jarðarlitum. Hins vegar er ekkert því til fyrirstöðu að ráðast í bjarta liti, sem gæti verið sérstaklega skemmtilegt ef húsgögnin eru öll í jarðarlitum. Gólfmotta getur breytt herbergi á svipstundu og gefið því persónuleika og því er um að gera að vanda valið og gefa sér tíma í að skoða úrvalið. Einnig getur verið sniðugt að velja lit út frá ráðandi litasamsetningu á heimilinu og fallegt ef litunum í mottunni svipar til lita í gardínum og púðum. Að sjálfsögðu skiptir svo máli að þægilegt sé að ganga á mottunni og auðvelt sé að þrífa hana, þannig að ekki má gleymast að kynna sér allt slíkt áður en stokkið er til og mottan keypt.



Skemmtilegar og loðnar mottur frá Tekk-Company, en þær eru sérsniðnar fyrir viðskiptavininn.



Nútímaleg og smart. Vinde frá IKEA.



Litrík og töff. Strib handofin motta frá IKEA.



Náttúruleg motta í jarðarlit frá Habitat.



## Saumavélin til bjargar

EF ÞÚ FINNUR EKKI ÞAÐ SEM ÞÚ VILT ER EKKERT MÁL AÐ SAUMA ÞAÐ.



Það er nokkuð ljóst að um þessar mundir snýst allt um skæra liti, hvort sem það er í fötum, áklæði á sófa, skartgripum, gardínum eða púðum. Naumhyggjan fær þó líka að njóta sín og er flottast að klæðast einhverju mjög skæru sem er þó ekki mjög munstrað.

Ef þú ert að leita að rétta skæra litnum en hefur ekki fundið hann í verslunum er þjóðráð að dusta rykið af saumavélinni og bara drífa sig í saumaskapinn með málbandið um hálsinn og títuprjóna á hendinni (í nálapúða samt til að forðast meiðsli).

Í IKEA er hægt að kaupa falleg skær efni í fjölmörgum litum. Flest efnin eru aðeins á 290 krónur metrinn og eru þau í flottum litum eins og skærbleiku, hárauðu og skærgrænu sem virðist vera málið í ár.



Hallveig hjá glerlistaverki föður síns, Kuml, sem prýðir stofugluggann hennar.

# Glerlistaverk eftir pabba

***Hallveig Rúnarsdóttir söngkona er stolt af listaverkum föður síns.***

Hallveig Rúnarsdóttir söngkona á listaverk eftir pabba sinn sem hún heldur mikið upp á. „Pabbi minn hefði helst viljað vera myndlistarmaður en það þótti nú ekki vera alvöru vinna í þá daga og hann lærði til rafvirkja og vann við það í fjörutíu og fimm ár. Þegar hann fór á eftirlaun lét hann drauminn rætast og skellti sér á námskeið til að læra að vinna í gler. Þar unnu flestir eftir fyrir fram ákveðnum mynstrum en það átti ekki við pabba heldur vildi hann gera verkin upp úr sér. Síðan hefur hann gert mörg glerlistaverk sem eru afskaplega falleg.“ Hallveig og systkini hennar eiga því ekki langt að sækja listfengi sitt en þau eru öll starfandi tónlistarmenn. Þau eiga líka öll glerlistaverk eftir pabba sinn. Myndin hennar Hallveigar heitir Kuml og er gerð úr skornu lituðu gleri. „Hún hangir í stofuglugganum mínum og það er svo fallegt að sjá hvernig sólin og dagsljósið skín í gegn.“

Hallveig, sem er ein af okkar bestu sópransöngkonum, er alltaf með eitthvað skemmtilegt á prjónunum og núna er hún að æfa sópranhlutverkið í Carmina Burana sem flutt verður af söngsveitinni Fílharmoníu í Langholtskirkju þann 24. og 26. apríl.

„Ég hlakka mjög til enda er þetta alveg einstaklega falleg tónlist. Svo er ýmislegt á döfinni annað sem kemur í ljós í fyllingu tímans.“

# Loðvík yrði stoltur!

BAROKKSTÓLAR ERU KOMNIR AFTUR Í TÍSKU MEÐ STÆL.

Tískan fer alltaf í hringi – það ætti öllum að vera ljóst núna. Ef eighties-tíska í fatastíl getur komið aftur og gert garðinn frægan, aftur, þá er allt hægt. Gjörsamlega allt. Nýjasta nýtt í heimilistísku þessa dagana er að blanda saman stílum – og ekki hvaða stílum sem er. Barokkstólar í anda Loðvíks fimmtánda eru málið í ár. Hvort sem þeir eru bólstraðir eða úr plexígleri eru þeir sjóðheitir. Þeir ganga við allt, hvort sem það er naumhyggjan eða hlaðstíll, og gefa herberginu ákveðinn virðuleika sem fæst ekki með hvaða húsgögnum sem er. Svo er líka eitthvað töfrandi við húsgögn frá þessum tíma og ef maður sest niður, hallar aftur augunum og lætur sig dreyma gæti maður kannski lent í miðri sögunni um Fríðu og dýrið.



birta
SJÓNVARPSDAGSKRÁ VIKUNNAR »

200 ára afmæli H.C. Andersen



Plattar með myndum úr ævintýrunum fást í Gullkistunni.
GULLKISTAN
Frakkastíg 10 - sími 551 3160









**Börn í bíl**
Þegar þú ferðast með börnin þín í bíl skaltu setja töskurnar þeirra efst í skottið svo auðvelt sé að ná í þær. Eða koma þeim fyrir inni í bíl því það er nokkuð víst að það séu helst þau sem þurfa eitthvað úr töskunum sínum á leiðinni.














Jóhann er liðtækur skíðamaður og hér sýnir hann listir sínar í Aspen.

# Besta skíðasvæði í heimi

***Ferðaskrifstofan GB ferðir er að hefja sitt fjórða rekstrarár, því á þessu ári á að bjóða upp á tvær skíðaferðir til Aspen í Colorado í Bandaríkjunum. Þær ferðir seldust upp um leið og hefur eftirspurn verið slík hjá Íslendingum að á þessu ári og því næsta mun ferðaskrifstofan bjóða upp á þrettán ferðir til þessarar skíðaparadísar.***



Herbergin á Aspen Meadows eru afskaplega rúmgóð og glæsilega innréttuð.

„Það hefur verið mikill áhugi fyrir Aspen og marga Íslendinga dreymir um að fara þangað. Margir halda að þetta sé mjög dýrt og erfitt að skipuleggja en við erum með allt þaulskipulagt og á frábæru verði," segir Jóhann Pétur Guðjónsson, annar eigandi GB ferða.

„Fyrsta ferðin er farin 19. desember en það er jólaferð. Síðan verðum við með ferðir, með nokkrum undantekningum, alla mánudaga út mars á næsta ári. Hver ferð er tíu nætur en sú lengd á skíðaferð hentar mjög vel. Það er flogið frá Keflavíkurflugvelli klukkan 17.00 um eftirmiðdag og komið til Aspen klukkan 22.00 að kveldi sama dag þannig að allir tíu dagarnir nýtast í skíðaiðkun. Það er flogið beint til Aspen og er hótelið okkar aðeins fimm mínútum frá flugvellinum þannig að ferðalangar losna alveg við rútuferðir," segir Jóhann.

Jóhann bjó í Aspen í þrjú ár og er svo sannarlega yfir sig hrifinn af staðnum. „Að mínu mati er þetta besta skíðasvæði í heimi. Þeir sem ég hef hitt sem hafa skíðað úti um allan heim eru sammála mér. Þess má geta að í Aspen eru yfir 340 sólardagar á ári að meðaltali. Loftslagið í Aspen er einstakt. Það er þurrt, þannig að aldrei verður harðfenni og snjórinn verður aldrei blautur, heldur er hann léttur og góður. Það er einstaklega gott fyrir byrjendur sem og lengra komna að skíða í Aspen og það er einstaklega gott að læra á skíði á staðnum. Í Aspen eru fjögur fjöll, þannig að það er nóg úrval og lengsta brekkan er níu kílómetrar," segir Jóhann en brekkurnar í Aspen eru hannaðar þannig að allir fá sitt pláss. „Þegar öll gistirými eru uppbókuð í Aspen eru þrettán þúsund manns í bænum en flutningsgetan upp í fjöllin er 55.000 manns á sama tíma. Þannig er komið í veg fyrir að fólk lendi í því að bíða í biðröð eftir að komast upp í fjallið. Í Evrópu er algengt að dagurinn byrji á hálftíma biðröð bara eftir því að komast upp í fjallið en sú er ekki raunin í Aspen."

„Viðskiptavinir GB ferða gista á svítuhótelinu Aspen Meadows en þar eru stærstu svítur í Aspen, á milli 40 og 90 fermetrar hver, og keyrir hótelið viðskiptavini okkar upp í brekku þeim að kostnaðarlausu. Við erum reyndar líka með hús á okkar snærum sem fólk getur leigt en það er hugsað fyrir átta til tuttugu manna hópa," segir Jóhann en verðið á ferðunum er afar hagstætt. „Við seljum ferðirnar eftir gengi dollarans núna, sem er mjög lágt. Verð á tíu daga ferð er frá 104.900 krónum. Þar sem gengi dollarans er mjög hagstætt er hægt að gera frábær kaup í Aspen og mjög ódýrt til dæmis að fara út að borða."

„Nýjungin í ferðum okkar á þessu ári og því næsta er að fólk getur gist eina til tvær nætur í Minneapolis eftir skíðaferðina til að versla og slaka á. Ferðir til Aspen eru nú þegar komnar í sölu hjá okkur og hafa hópar tekið vel við sér þar sem þeir skipuleggja sínar skíðaferðir með allt að tólf mánaða fyrirvara," segir Jóhann en GB ferðir eru eina ferðaskrifstofan sem býður upp á skipulagðar skíðaferðir til Aspen.

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu GB ferða, gbferdir.is.

*lilja@frettabladid.is*



## Funheitir frístaðir

Þó að sumir vilji fara á sömu ströndina ár eftir ár vilja aðrir víkka sjóndeildarhringinn og skoða ný höf og lönd. Bretar hafa löngum verið duglegir að sækja í sumarleyfi út fyrir landsteinana og þeir framsæknustu úr þeirra hópi verða á þessum stöðum í sumarfríinu sínu.



**Las Vegas** er að sjóðhitna eftir niðurlægingartímabil á síðasta áratug. Eyðimerkurborgin verður hundrað ára í ár og af því tilefni hefur verið ráðist í gagngerar lagfæringar á ímynd borgarinnar og útbyrði og þar spretta nú upp fyrsta flokks veitingastaðir og tískuhús auk þess sem gömlu spilavítin standa alltaf fyrir sínu.



**Grænhöfðaeyjar** í hógværð sinni eru einna kunnastar hinum vestræna heimi vegna söngkonunnar Cesariu Evoru sem berfætt fyllir stóra sem smáa tónleikastaði um allan heim með seiðandi rödd sinni og angurværum lögum. Þessi örlítli eyjaklasi undan ströndum Vestur-Afríku hefur allt til að bera til að heilla ferðamenn; ósnortnar strendur, bláan sjó og hressandi vinda. Mikil uppbygging á sér nú stað á eyjunum, einkum ber mikið á nýjum lúxushótelum.



**Sri Lanka** varð illa úti í flóðbylgjunni miklu á annan í jólum en þorpið Galle slapp þó tiltölulega vel vegna þriggja metra þykkra múranna sem umkringja það. Galle er hollenskt virki frá sextándu öld og hefur lengi verið leyndarmál hinna frægu og ríku en í seinni tíð er umheimurinn farinn að veita því eftirtekt.



**Rimini** já, ég endurtek Rimini. Þessi ítalska strandlengja sem var um margra ára skeið meðal allra púkalegustu frístaða á heimskortinu hefur nú gengið í endurnýjun lífdaga með nýjum og hressum borgarstjóra og endurhönnun á helstu hótelunum. Svo má ekki gleyma því að ýmislegt fallegt er hægt að skoða í nágrenninu. Best að dusta rykið af ítölskunni...

# Bláa lónið líka í Leifsstöð

*Bláa lónið mun framvegis selja vörur sínar í flugstöð Leifs Eiríkssonar.*

Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf. og Bláa lónið hf. hafa gert með sér samning um rekstur Blue Lagoon-verslunar innan verslunar Íslensks markaðar í flugstöðinni.

Blue Lagoon-húðvörur hafa verið fáanlegar í Íslenskum markaði um árabil en nú verður sú breyting á að Bláa lónið mun fá til umráða afmarkað svæði innan verslunarinnar þar sem fyrirtækið mun reka sjálfstæða verslun.



Samningurinn er einn þáttur í að auka fjölbreytni verslunar í flugstöðvarbyggingunni og veita fleiri einkaaðilum kost á að vera með eigin rekstur á svæðinu. Samningurinn við Bláa lónið er jafnframt liður í að leggja niður rekstur Íslensks markaðar í núverandi mynd og setja hann í hendur einkaaðila, eins og kemur fram í fréttatilkynningu frá flugstöðinni. ■


















**Augnskuggar**
Í sumar eru bjartir litir ráðandi í augnskuggum og þykir flott að hylja allt augnlokið með einum lit. Grænir og bláir litir eru áberandi en einnig ber eitthvað á bleikum tónum.



# Ekkert land í heiminum eins flott í laginu

***Úrsmiðurinn Rúnar I. Hannah hefur tekið þátt í því að glæða verslun á Laugaveginum lífi með úraverslun sinni Úr að ofan en nýjasta afrek kappans var að vinna annan hluta af hönnunarkeppni Henson þar sem hann hannaði mjög þjóðernislegan Hensonbol.***



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Rúnar ætlar ekki að fara í samkeppni við vini sína Ósóma þó hann hafi unnið keppnina.

„Ég sá keppnina auglýsta í Fréttablaðinu og DV og fannst þetta sniðugt. Verðlaunin voru líka það freistandi að það var þess virði að eyða smátíma í að láta sér detta eitthvað í hug. Hugmyndin fæddist á Reykjanesbrautinni, eins og flestar textahugmyndir fyrir hljómsveitina mína, Breiðbandið, en ég bý við þann lúxus að keyra brautina á hverjum degi og nota tímann til að láta hugann reika. Það var lítið mál að koma þessu á blað með góðri hjálp banjóleikara Breiðbandsins, Magga Sig, og kann ég honum bestu þakkir fyrir,“ segir Rúnar en Ísland er í aðalhlutverki á bolnum.

Rúnar hefur líka búið til armbandsúr með eyjuna okkar sagaða út í verkið en Ísland er Rúnari ansi kært. „Eftir að hafa búið erlendis hef ég lært að meta landið okkar mun betur. Svo er ég á því að það er ekkert land í heimi eins flott í laginu og einstök lögun Vestfjarða setur glæsilegan svip á Ísland. Það má segja að hönnunin á úraskífunni hafi verið í undimeðvitundinni þegar ég fór að hugsa um bolinn. Ég notaði Ísland mikið við að skreyta úr og klukkur í skólanum úti í Danmörku og var orðinn vanur að saga út útlínur landsins. Það má segja að ég hafi ferðast marga hringi í kringum landið með söginni en ég á ennþá eftir að fara hringinn akandi. Bekkjarfélagar mínir eiga líka sinn þátt í þessu, því þeir voru alltaf að mana mig í að saga minna og minna Ísland.

Ég byrjaði á að saga Ísland sem var um það bil sex sentímetrar í þvermál og endaði með að saga út Ísland sem er um níu millímetrar í þvermál og er inni í úri.“

En ætlar Rúnar ekki að leggja hönnunina fyrir sig, leggja úrsmíði á hilluna og stofna fataverslun – kannski inni í Úr að ofan? „Nei, það er engin hætta á því. Það eru meiri líkur á því að ég gauki einhverjum hugmyndum að þeim sem eru í framleiðslu og sölu á bolum. Það eru góðar bolabúðir hér í næsta nágrenni við mig á Laugaveginum, Dogma og Ósóma, og ætla ég mér ekkert í samkeppni við þessa vini mína,“ segir Rúnar en vinningsbolurinn fer í framleiðslu um næstu mánaðamót. „Ég vona bara að bolurinn verði seldur sem víðast og að ég eigi eftir að sjá fólk á gangi á Laugaveginum í minni hönnun og í raun hvar sem er,“ segir Rúnar, sem vill koma á framfæri sérstöku þakklæti til Henson og styrktaraðila keppninnar; Tæknivals og Iceland Express.

Úrsmiður, skemmtikraftur, hönnuður, hvað er næst? „Góð spurning, ætli ég slái þessu ekki bara upp í kæruleysi og fari á þing. Mér skilst að það sé þægileg innivinna.“ *lilja@frettabladid.is*


Atson
LEÐURIÐJAN ehf.
Brautarholti 4
Opið mán-fös 10-18
www.atson.is


15% vorafsláttur
til 20. apríl
AXIOM Vajolet
CARO
Ásnum - Hraunbæ 119 - Sími 567 7776
Opið virka daga kl. 11:00-18:00 • Opið á laugardögum


Íslensk hönnun
Mikið úrval
af barnahúfum
HÚFUR SEM HLÆJA
Laugavegi 70
www.hsh.efh.is


Bikini-Tankini
-Sundbolir
skálastærðir:
A/B,C/D,DD/E,F/FF.
Selena
Undirfataverslun.
Síðumúla 3 • Sími: 553 7355 • Opið virka daga kl: 11-18, Laugard. kl: 11-15


SPRENGIDAGAR HALDA ÁFRAM
Nýjar vörur
Meðgöngusokkabuxurnar
komnar
Thymematernity
Verslun fyrir barnshafandi konur
Hlíðasmára 17, s. 575-4500
Sendum í póstkröfu um allt land.
Opið mánudaga til föstudaga frá kl. 11-18
Laugardaga frá kl. 11-16
Upplýsingar um opnunartíma
á www.thyme.is Velkomin!


Yfirhafnir
á hálfvirði
Vattúlpur, dúnúlpur,
ullarkápur, húfur og hattar
S: 588 5518
Opnunartími Mörkinni 6
mán. – fös. 10 – 18
lau. 10 – 16
TopHÚSIÐ


Vorútsala 25 – 50%
Bikini og undirfatnaður
Verðdæmi:
Haldari Áður ~~3.190.-~~ Nú 2.233.-
Strengur Áður ~~1.590.-~~ Nú 1.113.-
CHANGE
SMÁRALIND
Sími 517 7007


Kynning
Nº7
Lyf & heilsa Selfossi
Boots
Afsláttur
allan daginn!
15. apríl
Sérfræðingur/ ráðleggingar


salon ritz
Fake Bake
salon ritz LAUGAVEGI 66 | 5522460


30-50% afsláttur
af völdum vörum
Glæsilegt úrval af
skartgripum
LÁRA GULLSMIÐUR
SKÓLAVÖRÐUSTÍG 10
sími 561 1300

birta SJÓNVARPSDAGSKRÁ VIKUNNAR »



## Sólgleraugu fyrir stjörnurnar

LANGAFABARN OLIVERS SMITH HANNAR SÓLGLERAUGU.

Heitustu tískusólgleraugun í dag koma frá hönnuðinum Claire Goldsmith. Hún hefur ákveðið að setja sólgleraugu Olivers Goldsmith aftur á markað en stjörnur á borð við Sophiu Loren, Audrey Hepburn og Grace Kelly notuðu þau þegar þær voru upp á sitt besta. Oliver var langafi Claire en nýjar útfærslur Claires á sólgleraugum Olivers blanda fortíðinni saman við nútímann. Fyrirtækið hefur verið starfrækt í sjötíu ár og eru sólgleraugun öll handgerð.

## Entrich-vörur fáanlegar á ný

LÍFRÆNAR VÖRUR, FRAMLEIDDAR ÁN ÞESS AÐ TILRAUNIR HAFI VERIÐ GERÐAR Á DÝRUM.

Marja Entrich heilsuvörur fyrir húð og hár eru nú aftur fáanlegar á Íslandi. Þetta eru heilsuvörur úr allífrænu hráefni alls staðar að úr heiminum. Til dæmis má finna í sápunni þang frá Reykhólum við Breiðafjörð, sem er viðurkennt sem hreinasta sjávarsláttusvæði í heimi. Marja Entrich beitir sér mjög gegn tilraunum á dýrum og engar slíkar tilraunir eru gerðar við framleiðsluna. Marja Entrich-vörurnar fást eingöngu í Lyfjum og heilsu á Melhaga.





## Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

# Japanskur jarðarfarastíll

Japanir eiga marga heimsþekkta hönnuði, svo sem Issey Miyake, Kenzo, Rei Kawakubo sem hannar fyrir merkið Comme des garcons, og til að nefna einhvern nýjan, Tsumori Chisato, sem vann með Miyake um skeið. Einn þeirra þekktustu er Yohji Yamamoto (maður Rei Kawakubo!)

Í gær var opnuð í París sýning á lífsstarfi hans í Tísku- og textílsafninu. Þessi 62 ára hönnuður, fæddur í Yokohama 1943, fór í laganám áður en hann sneri sér að tískunni. Hann sýndi í fyrsta skiptið í Tókýó 1974 en 1981 í París og varð fljótt eftirlæti tískupressunar bæði hér í Frakklandi og víðar. Hann er eini japanski hönnuðurinn sem hefur verið sæmdur nafnbótinni riddari lista og bókmennta af franska menningarmálaráðherranum. Eins og svo margir hönnuðir byrjaði hann á kvenfatnaði en með aukinni velgengni bætti hann við sig herrafatnaði og seinna annarri tískulínu, Y's, sem er töluvert ódýrari en aðallínan. Nokkuð sem svo margir hönnuðir gera, hvort sem það er til að auka hagnað með því að ná til breiðari hóps eða til að gera hönnun sína aðgengilegri. Fyrir nokkrum árum tók Yamatomo að sér að hanna íþróttaskó fyrir Adidas sem voru seldir í búðum hans. Yohji Yamamoto er þekktur fyrir hreinar og beinar línur, einfaldleika og frumleika í sama orði, víðar buxur og síða sniðlausa frakka. Oft vinnur hann aðeins í svörtu og dálítið í hvítu.

En þó að hér hafi verið opnuð sýning á lífsstarfi Yamamoto þýðir það þó alls ekki að hann sé sestur í helgan stein, því tískusýning hans á tískuvikunni í enda febrúar sl. þótti kraftmikil og sterk. Ólíkt því sem mætti kannski búast við frá þessum hönnuði, sem svo mikið hefur hannað í jarðarfarastíl, var fyrsta fyrirsætan á sýningunni í lillabláum kjól, sú næsta í rauðu en svo tók svart við. Á sýningunni mátti finna blússur með miklum ermum sem eru hans sérkenni eins og síðu frakkarnir, dálítið hermannalegir. En Yamamoto hefur ekki farið varhluta af erfiðum efnahag í Frakklandi og víðar í Evrópu og lokar bráðlega einni af búðum sínum á Grenelle-götu í St. Germain des Prés hverfinu. Reyndar eru fleiri að loka, til dæmis hefur Paco Rabanne lokað sinni búð og búist er við að Yves Saint Laurent loki einhverri af sínum þremur búðum á þessu svæði. Fyrir tískuáhugamenn sem eru að koma til Parísar: Sýningin stendur til 28. ágúst og heitir safnið Le musée de la mode et textile og er við 107 rue de Rivoli í París. ■

# Njósnatöskur slá í gegn

***Tískurisinn Fendi hefur hagnast vel á nýjasta æðinu – njósnatöskunum.***

Nýjasta æðið í handleggjakonfekti hjá stjörnunum eru Fendi Spy-töskurnar, eða njósnatöskur svokallaðar.

Stjörnur eins og leikkonan Keira Knightly, Sarah Jessica Parker, Gwen Stefani, Jennifer Lopez og Debra Messing hafa sést á götum úti með þessar fallegu og dýru töskur en þær geta kostað allt að 20.700 dollara, tæplega 1,3 milljónir króna.

Njósnataskan ber nafn með rentu þar sem hún er stór og með ýmsum leynilegum vösum. Vinsælasta týpan er úr leðri og perlum en mánaðarbiðlisti er eftir henni.

Vegna vinsælda töskunnar hefur Fendi ákveðið að stækka línuna með nýrri kvöldtösku sem kemur á markað næsta vetur. ■



Fendi-njósnatöskurnar eru afskaplega glæsilegar – enda mega þær vera það fyrir rúmlega milljón króna.








Líttu við og kynntu þér létta, bjarta og líflega vor- og sumarlitina frá

LANCÔME PARIS   HELENA RUBINSTEIN

20% afsláttur af öllum varalitum og glossum út vikuna.
Allir fá sýnishorn af nýjum farða auk annara nýjunga.

GULLBRÁ, Nóatún 17 s. 562-4217
















Gleraugnaverslunin Sjónarhóll

Líklega hlýlegasta og ódýrasta gleraugnaverslun norðan Alpafjalla

Auglýsingastofa Sjónarhóls / Unnur

Reykjavíkurvegur 22, Hafnarfirði 565-5970

www.sjonarholl.is

Frumkvöðull að lækkun gleraugnaverðs á Íslandi



skódagar í

aktíf

um helgina

10% afsláttur

af öllum skóm


puma klim rip


nike kyoto mule


puma asana


nike air storm pegasus

sérverslun fyrir konur

nýjar áherslur á fatnað sem uppfyllir þarfir kvenna.

aktíf

inni og úti

Kringlunni | 2. hæð gegnt Íslandsbanka | sími: 588 1881 | www.aktif.is



Eigendur tískuvöruverslunarinnar Monu, frá vinstri: Gordana, Sigríður Elva, Dýrfinna, Svanheiður og Unnur.

# Ný verslun með leðurfatnað og fylgihluti

***Verslunin Mona býður upp á fatnað og töskur úr sérvöldu leðri frá Ítalíu, en fyrirtækið Mona var stofnað í Belgrad í fyrrum Júgóslavíu og selur vörur í fjölmörgum löndum. Íslenskir hönnuðir eru líka með vörur í versluninni.***

Nýlega var opnuð á Laugavegi 66 verslunin Mona, en eigendur hennar eru fjórar íslenskar konur og ein frá Serbíu, Gordana Ristic, sem kom til Íslands sem flóttamaður fyrir fimm árum og hefur búið á Íslandi síðan með eiginmanni og tveimur dætrum. Það var Gordana sem kynnti tískufyrirtækið Monu fyrir hinum eigendunum en það var stofnað árið 1989 í Belgrad í fyrrum Júgóslavíu.

Helstu framleiðsluvörur eru fatnaður og töskur úr sérvöldu leðri frá Ítalíu. Fyrirtækið framleiðir einnig fatnað úr öðrum efnum. „Starfsmenn Monu eru um 500 talsins og vörur fyrirtækisins eru seldar í fjörutíu Mona-verslunum í Serbíu & Svartfjallalandi, Bosníu-Hersegóvínu, Króatíu, Rússlandi, Tékklandi, Þýskalandi – og nú á Íslandi," segir Unnur Ágústsdóttir, einn eigenda verslunarinnar. „Mona tekur líka þátt í tískusýningum í París, Róm og Mílanó en helstu einkenni hönnunar Monu eru blöndun menningarlegs arfs og nútímastrauma í hönnun tískufatnaðar. Markmiðið er að bjóða upp á vandaðan fatnað og fallega og óvenjulega fylgihluti og við erum vissar um að þessar vörur uppfylla væntingar kröfuharðra viðskiptavina," segir Unnur. „Við erum með fatnað bæði á konur og karla og sérstaðan felst í miklum gæðum efnisins og hönnuninni."

Verslunin er hönnuð af Sigríði Elfu Sigurðardóttur en innréttingar eru úr smíðajárni og gleri og lýsing að hluta skreytt með ull. Tjöldin fyrir búningsklefunum eru einnig sérhönnuð og saumuð af Sigríði og Guðmundu Kristinsdóttur.

Í versluninni eru einnig til sölu vörur eftir íslenska hönnuði, en þeir eru SESdesign, Dýrfinna Traustadóttur, AGLA og Snúlladesign.

*edda@frettabladid.is*


Verslunin Mona við Laugaveg er hin glæsilegasta.

Í versluninni Monu fást óvenjulegar leðurtöskur í miklu úrvali.


Leðurjakkar í ljósum litum eru hátískan í sumar.


Gordana Ristic kom hingað til lands sem flóttamaður frá Serbíu fyrir fimm árum. Hún á heiðurinn af því að Íslendingum býðst nú vandaður leðurfatnaður á sanngjörnu verði.


Svart leður frá toppi til táar.



















*[ verið ávallt velkomin hér ]*

# HAFNARFJÖRÐUR


bjartsýnn bæjarstjóri bls. 2 enginn asi í smiðjunni bls. 4
himnaríki aftur á svið bls. 6 hafnfirskar hljómsveitir bls. 7
mikill bíóbær bls. 8 uppáhaldsstaður ráðherrans bls. 12
góður andi í tónlistarskólanum bls. 12 bestur í upplestri bls. 12
framhaldsskólar í miklum blóma bls. 13 góðir golfvellir bls. 14




FRÉTTABLAÐIÐ









100% veðsetningarhlutfall
4,15%
Frjáls íbúðalán
Ráðgjafar okkar veita allar nánari upplýsingar.
Þú getur litið inn í Ármúla 13a, hringt í síma 540 5000
eða sent tölvupóst á frjalsi@frjalsi.is
4,15% verðtryggðir vextir
Engin skilyrði um önnur bankaviðskipti
FRJÁLSI
FJÁRFESTINGARBANKINN
www.frjalsi.is

# Sagan við hvert fótmál

***Byggðasafnið er rekið á þremur stöðum. Þar er hægt að sjá alþýðuheimili og yfirstéttarheimili auk leikfangasýningar.***

„Hafnarfjörður er sögubær, hér er sagan við hvert fótmál," segir Björn Pétursson, bæjarminjavörður hjá Byggðasafni Hafnarfjarðar, en safnið er rekið á þremur stöðum í bænum.

„Það er í Siggubæ, á Kirkjuvegi 10, en það er bær sem gerður hefur verið upp og sýnir hvernig heimili hafnfirskrar alþýðufjölskyldu var á fyrri hluta 20. aldar. Svo erum við með Sívertsenhúsið sem er gamalt yfirstéttarheimili frá því á fyrri hluta 19. aldar og svo pakkhúsið, en þar er fastasýning safnsins, leikfangasýningin, auk þemasýningar," segir Björn og bætir við að í maí verði opnuð þemasýning um hernámið í Hafnarfirði.

Byggðasafnið tók til starfa árið 1974 en þá hafði nefnd á vegum bæjarins verið starfandi síðan 1958. Hann segir að auk þess sem mikið af sögulegum minjum sé í Hafnarfirði séu nokkrar sögur sem haldið sé á lofti. „Hafnarfjörður átti að vera höfuðborg landsins enda var þetta aðalverslunarstaðurinn á sínum tíma. Menn fundu það síðan út að bærinn væri fullbyggður," segir Björn og hlær enda sjaldan eða aldrei verið meiri framkvæmdir í bænum en nú. „Annað sem sumir hafa kallað besta Hafnarfjarðarbrandarann er það að fjörðurinn sem bærinn er kenndur við er í raun vík, en við kippum okkur ekki mikið upp við það," segir Björn.


Björn Pétursson bæjarminjavörður segir að Hafnarfjörður hafi eitt sinn átt að vera höfuðborg Íslands en horfið hafi verið frá þeirri hugmynd því staðurinn þótti fullbyggður.

## staðurinn minn }

„Það eru nú svo margir uppáhaldsstaðirnir í Hafnarfirði að erfitt er að gera milli þeirra," segir Björgvin Halldórsson söngvari. „Ef ég ætti að nefna nokkra myndi ég byrja á Álfaskeiðinu en þar er ég fæddur og það eru margar minningarnar sem fylla hugann þegar maður gengur þá götu. Ekki má gleyma Hamrinum sem gnæfir yfir bæinn ennþá, því grenitrén sem sett voru niður í kringum hann vaxa það hratt að þau eru farin að hylja þennan mikla kastala álfanna í Firðinum. Ef ég yrði að velja einhvern bæjarhluta fram yfir annan myndi ég tafarlaust velja gamla bæinn."









Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri í Hafnarfirði, segist vera bjartsýnn enda ekki ástæða til annars þegar jafn mikil gróska sé í bæjarlífinu.

# Hafnfirðingar vaxa úr hrauni en ekki grasi

***Lúðvík Geirsson er bjartsýnn fyrir hönd bæjarbúa í Hafnarfirði. Hann sér engin takmörk á því að bærinn geti vaxið enn frekar og bæjarfélagið sé í stöðugri sókn hvert sem litið er.***

„Hér er gott að vera og gott að búa," segir Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri í Hafnarfirði. Ástæðuna segir hann fyrst og síðast vera umhverfið, þjónustuna og bæjarbraginn en allt séu þetta hlutir sem standi með miklum sóma í bænum.

Hafnarfjörður hefur löngum þótt vera skrýtinn bær, því þrátt fyrir rúma tuttugu þúsund íbúa þekki allir alla. „Það er rétt að Hafnarfjörður er stór bær með þorpseinkenni. Menn flytjast ógjarnan héðan og það er mjög sterkur kjarni í Hafnarfirði," segir Lúðvík.

Það eru miklar framkvæmdir í bænum, hvarvetna má sjá byggingarkrana og ný svæði í mótun. Ekki er langt síðan Áslandið var byggt, nýtt svæði er komið á Völlunum og Lúðvík segir bæinn hafa yfir mjög góðu byggingarsvæði að ráða. „Við erum að þétta byggðina hér í miðbænum enda er mikil hagræðing fólgin í því hvað varðar þjónustu við bæjarbúa. Við erum tilbúnir núna með 1.400 byggingarlóðir og þar af eru sjötíu prósent á gamla byggingarsvæðinu," segir Lúðvík og bætir við að eftir langa bið verði loks hægt að nýta Thorsplanið gamla á ný undir samkomuhald. „Þráinn Hauksson, landslagsarkitekt og Gaflari, hefur verið að hanna þetta og við reiknum með því að taka þetta svæði í notkun í sumar," segir Lúðvík.

Það eru þó ekki eingöngu byggingaframkvæmdir sem eiga hug bæjarstjórans, því hann segir bæjarbúa vera mjög stolta af þeim árangri sem náðst hafi í íþróttum

> ***„Það er mikið keppnisskap í bænum og menn eru alltaf að keppa, hvort sem það er í íþróttum eða stjórnmálum."***

sem og menningar- og listalífi. „Það eru fá bæjarfélög sem geta státað af 400 Íslandsmeisturum í nánast öllum íþróttagreinum," segir Lúðvík og bætir við að það sé „hafnfirskt" að skipta sér í hópa. „Það er mikið keppnisskap í bænum og menn eru alltaf að keppa, hvort sem það er í íþróttum eða stjórnmálum."

Það er mikið líf fram undan í bænum og búið að festa niður fjölbreytta viðburði. Í sumar verða haldnir Bjartir dagar sem er listahátíðin í bænum. „Hún verður haldinn í sambandi við fjölmenningarhátíð en nýbúum hefur fjölgað mikið í bænum og það er fólk sem við viljum kynnast betur." Þá fer einnig fram norrænt vinabæjarmót þar sem á þriðja hundrað gesta munu heimsækja Hafnarfjörð. „Þar að auki er Hafnarfjörður eini bærinn sem á í vinasambandi við Þýskaland," segir Lúðvík en samband Cuxhaven og Hafnarfjarðar hefur nú staðið í fimmtán ár og þangað hefur farið íþrótta- og tónlistarfólk auk listamanna og svo mætti lengi telja.

Framtíðarsýn Hafnarfjarðar segir Lúðvík vera bjarta, þetta sé bær í mikilli sókn og hann segist vera ánægður með að fá að taka þátt í þeirri miklu uppbyggingu sem nú eigi sér stað. „Ég hef alltaf verið mikill heimamaður og Hafnfirðingur. Sumir hafa sagt að ég sé svolítið upptekinn af því að vera Hafnfirðingur en það er bara erfitt að slíta sig frá því. Við sjáum einfaldlega að tækifærin eru okkar."

# Menningarmiðstöð í hjarta bæjarins

***Síðan viðbyggingin við Hafnarborg var vígð árið 1988 hefur Hafnarborg verið í fararbroddi í menningar- og listalífi Hafnfirðinga.***

Árið 1983 gáfu hjónin Sverrir Magnússon og Ingibjörg Sigurjónsdóttir Hafnarfjarðarbæ húseignina sína, sem þá hýsti apótek ásamt glæsilegu listverkasafni og bókasafni. Varð þetta til þess að menningar- og listamiðstöðin Hafnarborg varð til. Í maí 1988 var síðan glæsileg viðbygging vígð með verkum Eiríks Smith en hann hefur einnig gefið safninu mikinn fjölda listaverka.

„Það hafa verið hér sýningar bæði erlendra og íslenskra listamanna auk þess sem það líður varla vika án þess að hér séu tónleikar," segir Pétrún Pétursdóttir, forstöðukona Hafnarborgar, og bætir við að það sé alveg einstaklega góður hljómburður í húsinu. „Tríó Reykjavíkur valdi þetta meðal annars sem sinn tónleikastað," segir Pétrún.

Í safninu eru þrír sýningarsalir auk kaffistofu sem Conditori Copenhagen rekur. „Við erum í samstarfi við myndhöggvarafélag Íslands þar sem við kynnum verk eins félaga í hverjum mánuði," segir Pétrún en um síðustu helgi var opnuð samstarfsýning þriggja safna, Johann Laurtsen safnsins í Kerteminde og Sofienholm safnsins, auk Hafnarborgar en sýningin samanstendur af málverkum úr íslensku landslagi í 150 ár.


Pétrún Pétursdóttir, segir mikinn kraft einkenna starfsemi safnsins.

„Það er heljarmikill kraftur í safninu og við erum með margar sýningar yfir allt árið," segir Pétrún Pétursdóttir.




**SVEFN & HEILSA FYRIR ÞÍNAR BESTU STUNDIR**

**Veldu það besta!**

## SOFÐU VEL Í SUMAR




## Nýjar amerískar heilsudýnur
sem aldrei þarf að snúa

**Njóttu lífsins! með nýrri og betri Chiropractic heilsudýnu.**

Chiropractic eru einu heilsudýnurnar sem eru þróaðar og viðurkenndar af amerísku og kanadísku kírópraktorsamtökunum.

Yfir 32.000 kírópraktorar mæla því með Chiropractic þar á meðal þeir íslensku.



## GÓÐAR DÝNUR Í SUMARBÚSTAÐINN

**Takmarkað magn.**

**Bonnel Boxspring**
90x200 kr. 19.900.- stgr.
120x200 kr. 22.900.- stgr.
140x200 kr. 24.900.- stgr.

**Pocket Boxspring**
90x200 kr. 24.900.- stgr.
120x200 kr. 29.900.- stgr.
140x200 kr. 34.900.- stgr.

**Beauty Sleep** 8 ára ábyrgð
90x200 kr. 29.900.- stgr.
97x200 kr. 34.900.- stgr.
120x200 kr. 39.900.- stgr.
135x200 kr. 44.900.- stgr.
153x200 kr. 49.900.- stgr.

**Healthy Sleep** No Turn 10 ára ábyrgð
90x200 kr. 44.900.- stgr.
97x200 kr. 49.900.- stgr.
120x200 kr. 59.900.- stgr.
135x200 kr. 64.900.- stgr.
153x200 kr. 69.900.- stgr.

Öll verð með fótum og þykkri áfastri yfirdýnu.










- ★ GÆÐI
- ★ GÓÐ VERÐ
- ★ ÞJÓNUSTA
- ★ ÚRVAL
- ★ ÞEKKING




Svefn & heilsa

**www.svefn.is**

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00

# Bylting í fimleikaþjálfun

***Fimleikafélagið Björk var stofnað árið 1952 og er því eitt elsta fimleikafélag landsins. Það hefur nú yfir að ráða einstöku fimleikahúsi sem hefur gjörbylt allri þjálfun.***

Fyrir þremur árum voru Bjarkirnar með eina svampgryfju og íþróttahús ásamt öðrum íþróttafélögum. Þá fór meira en hálftími af æfingunni í að taka fram öll tæki og annað eins í að ganga frá. Í apríl 2002 var hins vegar tekið í notkun nýtt fimleikahús sem er bylting í fimleikaheiminum á Íslandi og þó víðar væri leitað. Húsið er þó ekki eingöngu undir fimleika því þar er aðstaða undir flestar íþróttir sem ekki eru með bolta.

„Það er klifurdeild hérna og Tae Kwon Do deild, auk almennrar íþróttadeildar," segir Hallgunnur Skaptason, framkvæmdastjóri íþróttamiðstöðvarinnar, og bætir við að klifrið sé mjög vinsælt, fjölmörg börn æfi það sem íþrótt.

Hallgunnur segir að í húsinu sé góð aðstaða til að halda barnaafmæli, auk þess sem salir séu fyrir jógakennslu og dans svo eitthvað sé nefnt. „Íþróttamiðstöðin tekur einnig við fjölda hópa sem koma hingað í æfingaferðir."

Hallgunnur segir að Hafnarfjörður sé óneitanlega mikill íþróttabær og vel sé haldið utan um allt íþróttastarf í bænum, íþróttamiðstöðin sé gott dæmi um það.




Hallgunnur Skaptason segir klifrið vera mjög vinsælt og að fjölmörg börn æfi það sem íþrótt.



Bragi Gunnarsson segir þetta framtak álversins vera nokkuð sem fleiri fyrirtæki mættu taka sér til eftirbreytni.

# Hér er enginn asi og ekkert stress

***Þrátt fyrir að vera flestir komnir á aldur eða hafa glímt við erfið veikindi er hvergi neinn bilbug á félögunum í Smiðjunni að finna.***

Það fyrsta sem kemur upp í huga manns þegar orð eins og álver ber á góma er stóriðja og stórar vinnuvélar.

Þetta er vafalaust alveg rétt, álver er stóriðja, þar eru menn með hjálma og stórvirk tæki eru allsráðandi. Það kom því óneitanlega þægilega á óvart þegar Hrannar Pétursson, upplýsingafulltrúi Alcan á Íslandi, sagði blaðamanni frá litlum hópi sem starfræktur væri innan álversins. „Þetta eru menn sem eru komnir af léttasta skeiðinu eða hafa lent í erfiðum veikindum," segir Hrannar þegar við keyrum í gegnum hliðið, inn á vinnusvæði álversins.




Sigurður Baldvinsson hefur unnið hjá álverinu í tæp þrjátíu og fimm ár. Hann er að vinna sinn síðasta mánuð.

Smiðjan er tólf til þrettán manna hópur sem vinnur þau verkefni sem krefjast ekki líkamlegrar áreynslu. Þetta eru þó mikilvæg verk sem verður að vinna. Fyrir hópnum talar Sigurður Baldvinsson, en hann hefur unnið hjá álverinu í rúm þrjátíu og fimm ár. „Ég er kominn á aldur og vinn bara þennan mánuð," segir Sigurður en augljóst er að það verður söknuður af honum meðal vinnufélagana. Þeir eru flestir með jafn langan starfsaldur og segja að hópur sem þessi geri mikið fyrir sig. Það sé erfitt að lenda í veikindum og enn erfiðara að vita ekki hvað bíði í eftir sjúkrahúsvist. „Þetta er frábært framtak hjá álverinu, því þetta heldur í manni lífinu. Það ættu fleiri fyrirtæki að taka þetta sér til fyrirmyndar," segir Bragi Gunnarsson og félagarnir taka undir með honum. „Hér áður voru menn bara geymdir í einhverri atvinnubótavinnu en þessi hópur er ekki í slíku, við erum að gera hluti sem er mjög nauðsynlegt að gera. Það er gott að vita af því að maður hefur einhvern tilgang," segir Sigurður. „Meðal þess sem við gerum er að búa til slöngur í kerin, við sjáum um sorphirðu á svæðinu, gerum við hjólin, sjáum til þess að slökkvibúnaður sé í góðu standi og svona mætti lengi telja," segir hann þegar við göngum um svæðið. Það er vinsælt hjá starfsmönnum að koma hér við og ræða málin. Hér er snyrtilegt um að litast og það er gantast með að einhver sé svo brúnn. Magnús Guðmundsson útskýrir fyrir blaðamanni að hann hafi verið á Kanarí.

Það er létt yfir þeim og boðið er upp á kaffi og konfekt. „Þetta er bara tekið fram þegar góða gesti ber að garði," segir Bragi eftir að hafa fundið konfektið inni í skápnum hjá sér. Þeim félögum þykir vænt um álverið og tala um það með stolti. Eins og það séu þeir sem eigi það. Sem er kannski alveg rétt, menn með hátt í tvö hundruð ára starfsreynslu.

Á kaffistofunni fá menn sér sæti, og Sigurður segir að hér sé enginn asi, menn vinni bara á sínum hraða. „Það er ekkert stress hérna," segir hann léttur í bragði. Úti fyrir skín sólin og það er ekki erfitt að fá þá til þess að stilla sér upp í myndatöku. Boðið er upp á brjóstsykur og þegar stigið er upp í bílinn hjá Hrannari á nýjan leik er kvatt með handabandi og þakkað fyrir komuna á þennan stað sem skiptir þá svo miklu máli.



Félagarnir í Smiðjunni, frá hægri: Sverrir Már Sverrisson, Gunnar Pétursson, Magnús Guðmundsson, Bragi Gunnarsson og Sigurður Baldvinsson.




Kynntu þér fjölbreyttar sparnaðarleiðir í næsta útibúi, á landsbanki.is eða í síma 410 4000. Því fyrr sem þú tekur ákvörðun, því fyrr nýturðu ávinnings.
Það eina sem getur komið í veg fyrir að þú eyðir í sparnað... ert þú.
Eyddu í sparnað.
ÁSKRIFT AÐ SPARIBRÉFUM LANDSBANKANS
EYDDU Í SPARNAÐ
Landsbankinn
Banki allra landsmanna
410 4000 | www.landsbanki.is
„Fólk sem kemst upp á lagið með að spara reglulega segir að það sé ótrúlega góð tilfinning að sjá sjóðinn sinn vaxa.
Ég ætla að komast að því hvort það er satt.“

# Pappírs-Pési og sprúttsali

***Nokkrar kvikmyndir hafa verið teknar upp að hluta eða öllu leyti í Hafnarfirði. Hér er getið nokkurra mynda og þess hvernig þær tengjast bænum.***

Kvikmyndin Pappírs-Pési er að mestu leyti tekin upp í Hafnarfirði. Tjörnin og Lækjarskóli leika þar stórt hlutverk ásamt Magnúsi Ólafssyni, sem er þekktur Hafnfirðingur og frændi Stefáns Karls Stefánssonar leikara.

Punktur, punktur, komma, strik var að hluta til tekin upp í Hafnarfirði. Enn og aftur lék Lækjarskóli stórt hlutverk ásamt Halli Helgasyni, meðlimi í Kátum piltum. Þess má til gamans geta að það er Ingvar Viktorsson, fyrrverandi bæjarstjóri í Hafnarfirði, sem stingur sér til sunds í einu atriði.

Sprúttsalinn Moli hefur aðsetur í sjoppu á Hverfisgötunni í Hafnarfirði í kvikmyndinni Sódóma Reykjavík. Þar leikur einnig Sóley Elíasdóttir stórt hlutverk en hún er einmitt úr Firðinum.

Kvikmyndin Mávahlátur var að mestu leyti tekin upp í Hafnarfirði og tók Austurgatan töluverðum breytingum þegar búin var til sviðsmynd fyrir myndina og voru húsin meðal annars klædd að utan og möl dreift á götuna. Vakti þetta mikla athygli meðal bæjarbúa, sem fylgdust vel með gangi mála og margir gamlir Gaflarar fengu tækifæri til þess að endurlifa tímann þegar Hafnarfjörður var smábær.



Axel rataði í ævintýri hjá krimmanum Mola sem hafði aðsetur í sjoppu á Hverfisgötunni.


Bjartir dagar

LISTA- OG MENNINGARHÁTÍÐ
HAFNARFJARÐAR
1. – 16. JÚNÍ 2005

Menningar og ferðamálanefnd auglýsir eftir dagkráratriðum fyrir Bjarta daga. Allir sem vilja gæða Hafnarfjörð listum, lífi og leik á þessum bjartasta tíma ársins eru hvattir til að senda inn hugmyndir og tillögur. Þá er einnig auglýst eftir dagskráratriðum á hina árlegu Jónsmessuhátíð í Hellisgerði 23. júní.

**Skilafrestur er til 18. apríl.**

Hugmyndir skal senda á:
bjartirdagar@hafnarfjordur.is

Skrifstofa menningar- og ferðamála
Vesturgötu 8
220 Hafnarfjörður
585 5775 • 5855776

**Bæjarlistamaður Hafnarfjarðar**
**Hvatningarstyrkir**
**óskað eftir umsóknum/ábendingum**

Hafnarfjarðarbær mun þann 1. júní nk. útnefna bæjarlistamann og veita tvo hvatningarstyrki til listamanna eða listnema. Einungis listamenn með fasta búsetu í Hafnarfirði koma til greina við úthlutun og er miðað við lögheimili síðustu 12 mánuði.

Óskað er eftir umsóknum eða rökstuddum ábendingum sem menningar- og ferðamálanefnd ásamt stjórn Hafnarborgar munu hafa til hliðsjónar við val á bæjarlistamanni og úthlutun hvatningarstyrkja.

**Skilafrestur er til 1. maí.**

Umsóknir skal merkja:
Bæjarlistamaður - hvatningarstyrkir
Skrifstofa menningar- og ferðamála
Vesturgötu 8
220 Hafnarfirði




Uppfærsla Hafnarfjarðarleikhússins á Meistaranum og Margarítu vakti mikla athygli en verkið var sýnt í fyrra.

# Himnaríki fer aftur á fjalirnar eftir tíu ára bið

***Hafnarfjarðarleikhúsið hefur á undanförnum áratug frumsýnt á annan tug sýninga. Velgengni þess hefur vakið athygli og haft mikil áhrif á grasrótina í íslensku leikhúslífi.***

Fyrir tíu árum komu sjö leikarar saman, allir búsettir í Hafnarfirði, og ræddu þann möguleika hvort ekki væri grundvöllur fyrir atvinnuleikhúsi. Þeir höfðu áður komið saman á fimmtíu ára lýðveldishátíðinni og verið með leikþátt. „Það höfðu verið í bænum listahátíðir sem fylltu bæinn lífi og við vorum sannfærð um að Hafnarfjörður gæti vel borið leikhús sem væri vegið og metið miðað við það besta sem væri í gangi í leikhúslífinu," segir Hilmar Jónsson, einn stofnandi Hafnarfjarðarleikhússins.





Hilmar Jónsson segir mikinn hug í Hafnarfjarðarleikhúsinu og að hópurinn hafi sjaldan eða aldrei verið jafn frjór.

Hópurinn mætti skilningi hjá yfirvöldum bæjarins, enda var þá menningarlífið í bænum á tímamótum. „Það hafði verið hér mikið moldviðri og allt að því ofsóknir í kringum listahátíðina svo við komum fram á hárréttum tíma," segir Hilmar. Hópurinn fékk inni í gömlu bæjarútgerðinni og þrátt fyrir frekar bágbornar aðstæður segir Hilmar að hópurinn hafi tekið húsnæðinu opnum örmum enda komið grundvallaratriði að leikhúsi, aðstaða. „Við vorum stundum að æfa í kraftgöllum og leikarar voru að renna á rassgatið í bleytu. Þegar við sýndum Sölku Völku þurftu gestir stundum að fara með handklæði inn í sýningarsalinn vegna þess að salurinn lak," segir Hilmar og hlær að þessum minningum. „Það sem keyrði okkur áfram var bara sköpunargleði og frumkraftur í bland við metnað og hamingju."

Í september 1995 frumsýndi hópurinn sitt fyrsta verk, Himnaríki eftir hafnfirska leikritaskáldið Árna Ibsen. „Sýningin varð mjög vinsæl og þegar við hættum var fólk grátandi fyrir utan húsið. Við höfðum þá fengið starfssamning til tveggja ára og ákváðum að snúa okkur að einhverju öðru." Í kjölfarið fylgdi Birtingur, sem naut ekki síður mikilla vinsælda og hlaut öll þau verðlaun og viðurkenningar sem hægt var að fá á þeim tíma. Með þessum tveimur sýningum var starfsgrundvöllur leikhússins tryggður. „Við ætlum reyndar að fagna tíu ára afmælinu með pompi og prakt. Þar sem góður vinur okkar og samstarfsfélagi, Árni Ibsen, hefur verið að berjast við erfið veikindi ætlum við að setja upp Himnaríki með nýjum leikhópi til heiðurs honum og afmæli okkar. Þetta er ærið tilefni," segir Hilmar.

Það hefur sjaldan verið lognmolla í kringum leikhúsið og það hefur farið sínar eigin leiðir í efnisvali. Hátt á annan tug sýninga hafa verið frumsýndar á vegum leikhússins og flestöll verkin verið íslensk. „Við höfum viljað fá íslensk verk því við viljum fjalla um Íslendinga í íslenskum kringumstæðum og höfum einnig verið dugleg við að fá unga leikara og leikstjóra."

***„Það sem keyrði okkur áfram var bara sköpunargleði og frumkraftur í bland við metnað og hamingju."***

Í dag er Hafnarfjarðarleikhúsið komið í nýtt húsnæði, sem Hilmar segir vera alvöru aðstöðu, ólíkt því sem hafi verið í bæjarútgerðinni. „Við erum með fimm ára starfssamning og höfum sjaldan eða aldrei verið jafn frjó," segir Hilmar enda eru þrjár sýningar sem bíða. „Við ætlum að koma okkur upp föstum leikhóp, eins og við vorum með í byrjun," segir Hilmar því auk Himnaríkis má meðal annars finna nýtt verkefni eftir Jón Atla Jónasson í leikstjórn Egils Heiðars Antons Pálssonar en það verður samstarfsverkefni leikhússins og leikhópsins Sokkabandið. Þá verður einnig tekið til sýningar nýtt verk eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur sem er jafnframt hennar fyrsta verk. „Við erum endalaust og ævinlega þakklát fyrir þann velvilja sem bærinn hefur sýnt okkur og ætlum að sýna að við séum traustsins verð."



Úr Brotinu eftir Þórdísi Elvu Þorvaldsdóttur Bachman sem sýnt var í leikhúsinu nýlverið.

tónabærinn }

## Rokk, popp og þjóðlagatónlist

***Hafnarfjörður hefur alið af sér marga þjóðþekkta tónlistarmenn. Þeir sem ekki búa í Hafnarfirði segja að nálægðin við Keflavík skipti þar mestu, gaflarar sjálfir segjast einfaldlega vera tónelskir.***

Þegar kemur að hafnfirskum tónlistarmönnum ber sjálfsögðu að nefna Björgvin Halldórsson fyrstan á nafn. Hann er allt að því lifandi goðsögn í Firðinum og hefur komið nálægt hljómsveitum eins og Bendix, HLH og Brimkló. Þá er kappinn faðir tónlistarfólksins Krumma í Mínus og Svölu systur hans þannig að Bó hefur lagt sitt að mörkum.



Hafnarfjörður hefur verið þekktur sem grínbær og nokkrar hljómsveitir hafa sett grínið fram yfir tónlistina sjálfa. Hljómsveitin Randver var mjög vinsæl á áttunda áratugnum og Kátir piltar gáfu henni ekkert eftir á níunda áratugnum. Þjóðlagasveitin Lítið eitt var líka töluvert vinsæl en hún var meðal annars með sinn eigin sjónvarpsþátt hjá RÚV.



Þegar nær dregur nútímanum fer alvöru rokk að ryðja sér til rúms í Firðinum og má með góðu móti kalla HAM hálf hafnfirska enda eru meðlimirnir Björn Blöndal og Óttar Proppé Hafnfirðingar.

Músíktilraunir hafa reynst Hafnfirðingum happadrjúgar og hljómsveitin Laglausir var sú fyrsta úr Firðinum sem bar sigur úr býtum árið 1989. Í kjölfarið fylgdu hljómsveitir eins og Botnleðja, Stæner og Jakobínarína sem vann síðustu keppni. Þá eru ótaldar þær sveitir sem lentu í öðru sæti. Nægir þar að nefna Stolíu og hljómsveitina Halim Al sem seinna breytti nafninu í Sign.



Slíkar keppnir hafa þó ekki alltaf verið nauðsynlegar fyrir hljómsveitir til að slá í gegn og er Jet Black Joe, sem gerði allt vitlaust á tíunda áratug síðustu aldar, gott dæmi um það.



# Ódýr en góður matur

***Veitingahúsið Tilveran hefur getið sér gott orðspor fyrir vel útilátinn  mat á góðu verði.***

Eitt af rótgrónustu veitingahúsum Hafnarfjarðar er Tilveran en staðurinn hefur verið rekinn í sama húsinu, á Linnetsstíg 1, í fjórtán ár. Nýlega urðu þó eigendaskipti og tók Örn Baldursson, veitingamaður sem áður var á Hótel Búðum, við rekstrinum af Sigurði Skúla Bárðasyni. „Við höfum þó nánast ekkert breytt matseðlinum og leggjum enn mikla áherslu á fiskrétti,“ segir Örn og bætir við að hinn ferski fiskur, sem komi inn daglega, sé sérstaða staðarins. „Þetta er náttúrlega hollasta afurðin sem hægt er að fá í dag enda er hún algjörlega lífræn,“ segir Örn.

Örn segir umhverfið við veitingastaðinn vera óneitanlega mjög fallegt og nálægðin við höfnina sé einstök. „Þetta er frábært fyrir mann eins og mig, sem er alinn upp á bryggjunni í Ólafsvík, að vera í bæ sem hefur myndað miðbæjarkjarna í kringum höfnina,“ segir Örn og bætir því við að Hafnfirðingar hafi tekið honum vel. „Ég get ekki verið neitt annað en bjartsýnn og staðurinn gengur mjög vel.“



Örn Baldursson, veitingamaður á Tilverunni, segir nálægð veitingastaðarins við höfnina vera skemmtilega í ljósi þess að þeir leggi höfuðáherslu á ferskan fisk


Stórglæsilegar
ÍAV
íbúðir við sjávarsíðuna



HERJÓLFSGATA – HAFNARFIRÐI íbúðir fyrir 60 ára og eldri

ÍAV eru með til sölu stórglæsilegar, fallega hannaðar, íbúðir. Aðeins eru eftir nokkrar rúmgóðar 2ja herbergja, 77-110 fermetra íbúðir. Um er að ræða íbúðir í þremur stigagöngum fyrir 60 ára og eldri. Húsin eru fjögurra hæða með 48 íbúðum auk húsvarðaríbúðar, 44 bílastæði eru í bílageymsluhúsi og gert er ráð fyrir að þjónustukjarni (salur) verði starfræktur í miðju húsinu. Húsin eru einangruð og klædd að utan með litaðri álklæðningu. Gluggar eru álklæddir timburgluggar. Öll hönnun miðar að því að viðhald verði í lágmarki.

Mikið hefur verið lagt upp úr hönnun íbúðanna. Staðsetningin er einstök og því var t.d. lögð áhersla á að allar íbúðir hefðu sjávarútsýni.

- Einstök staðsetning
- Allar íbúðir með sjávarútsýni
- Viðhald í lágmarki
- Aukin hljóðeinangrun
- Vandaðar innréttingar
- Bílastæði í bílageymsluhúsi

Íbúðirnar eru afhentar fullbúnar án gólfefna, að undanskildum baðherbergjum og þvottahúsgólfum sem eru flísalögð. Veggir baðherbergja eru flísalagðir í hurðarhæð og salerni upphengd. Sjónvarpsloftnets- og símatenglar eru í stofu og svefnherbergjum. Sérþvottahús eru í öllum íbúðum. Val er um þrjár viðartegundir í spónlögðum vönduðum innréttingum og hurðum. Heimilistæki eru frá AEG, með burstaðri stáláferð.

Mjög mikið er lagt upp úr gæðum íbúðanna. Dyrasímar eru tengdir myndavél í anddyri. Gólf eru tvöföld til aukinnar hljóðeinangrunar í allri íbúðinni að undanskildum baðherbergjum.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

Söludeild okkar er að Höfðabakka 9, sími 530-4200. Ítarlegar upplýsingar um eignirnar eru á www.iav.is

Íslenskir aðalverktakar hf. Höfðabakka 9, 110 Reykjavík, sími 530 4200, fax 530 4205, www.iav.is

## staðurinn minn }

„Uppáhaldsstaðurinn minn er fjaran fyrir framan gömlu sundlaugina í Vesturbænum," segir **Margrét Gauja Magnúsdóttir** kennaranemi. „Ég er alin upp í nágrenni við hana, á Norðurbrautinni. Hún er alveg rosalega falleg, hafið er eitthvað svo dramatískt þarna og fjaran býður upp á ævintýri. Allar stelpur sem vilja verða hafmeyjar sitja á stóru steinunum og láta sig dreyma. Þarna er líka tilvalið að setjast niður og hugsa, sem ég og geri enn þann dag í dag."





„Ég er mikill Hafnfirðingur og héðan fer ég ekki nema tilneyddur," segir **Sigurður Sigurjónsson** leikari. „Þrátt fyrir að Hafnfirðingum hafi fjölgað mjög hefur bærinn ekki glatað þessari kósý bæjarstemningu. Ég er alinn upp á Hamarsbraut 10 en þá var mikill rígur milli Vesturbæjarins og Suðurbæjarins og voru meðal annars gerðir út flokkar. Ég tók ekki mikinn þátt í því en fékk þó aðeins smjörþefinn af því. Hamarinn og Slippurinn voru aðalleiksvæðin og ég ætla að velja Hamarinn sem minn eftirlætisstað."

# Hefð fyrir bíósýningum

*Í Hafnarfirði er eitt elsta kvikmyndahús landsins. Það var því mikill fengur fyrir bæinn þegar kvikmyndasafnið var flutt til bæjarins.*

Árið 1978 var Kvikmyndasafn Íslands í einu herbergi í Skipholtinu með litla kæligeymslu og hálfan starfsmann. Síðan þá hefur mikið vatn runnið til sjávar og var það mikið gæfuspor þegar þáverandi forstöðumaður safnsins, Böðvar Bjarki Pétursson, flutti safnið til Hafnarfjarðar í gömlu bæjarútgerðina.

„Þegar átti að fara að rífa það hús var safnið flutt í gamla fiskvinnsluskólann. Það húsnæði hentar okkur mjög vel því þar eru stórar og miklar geymslur," segir Þórarinn Guðnason, forstöðumaður safnsins, en miklar breytingar hafa átt sér stað innan safnsins og er það nú sjálfstæð stofnun með eigin forstöðumann og fjárhag.

„Hafnarfjörður er líka bíóbær og hér er eitt elsta kvikmyndahús landsins, Bæjarbíó. Þar erum við með sýningar en í húsinu er mjög góður hljómburður og við getum sýnt allar myndir með hámarksgæðum," segir Þórarinn og segir svarthvíta Íslandsmynd eftir Kaptein Dan og Sigur viljans eftir Leni Riefenstahl hafa verið vinsælustu myndirnar.

„Við erum með tvær sýningar í viku, eina á þriðjudögum og aðra á laugardögum. Þetta hefur gengið ágætlega þrátt fyrir að hafa ekki verið auglýst mikið. Það virðist alltaf vera lengra frá Reykjavík til Hafnarfjarðar en öfugt."

Næst á dagskrá safnsins er kvikmyndin Anna sem er samstarfsverkefni Ítala og Frakka frá árinu 1951. „Þetta verður fyrsta sýningin sem sýnd verður með elektróniskum texta," segir Þórarinn og bætir við að mikil hefð sé í bænum fyrir gæðamyndum. „Bíóstjórarnir gerðu mikið af því að fara til útlanda og ná í góðar myndir."



Þórarinn Guðnason segir aðstöðu kvikmyndasafnsins í gamla fiskvinnsluskólanum góða.


BYGGÐASAFN HAFNARFJARÐAR



VESTURGATA 8 • 220 HAFNARFJÖRÐUR • SÍMI: 585 5780 • NETFANG: MUSEUM@HAFNARFJORDUR.IS




Birgir Finnbogason segist vel muna eftir því þegar hann opnaði kaffihúsið 1994. Þá hafi sveitungar hans verið búnir að velta því lengi fyrir sér hvað ætti að koma í þessu gamla húsi; apótek eða bar.

# Súfistinn er bónus fyrir bæinn

*Birgir Finnbogason hafði verið kennari í Flensborg í rúm fimmtán ár. Þá fór hann til Bandaríkjanna og kom heim með þá hugmynd í maganum að opna kaffihús í sínum heimabæ.*

Birgir Finnbogason fór fyrir átján árum til Bandaríkjanna ásamt konu sinni, Hrafnhildi Blomsterberg. Hrafnhildur fór til að stunda nám í tónlist og kórstjórnun en Birgir til þess að taka sér frí frá kennslu, enda hafði hann þá verið framhaldsskólakennari í 150 prósent starfi í rúm fimmtán ár. Þar varð hann hálfgerð kaffihúsarotta og kynntist kaffihúsakeðjunni Pete's Coffee. Það varð seinna fyrirmyndin að Súfistanum, sem fyrst var opnaður í Hafnarfirði árið 1994 en tveimur árum síðar í húsakynnum Máls og menningar við Laugaveg.

Við fáum okkur sæti á efri hæð Súfistans í Hafnarfirði, í herbergi sem Birgir segir vera Bakherbergið með stórum staf. Hér hafi Hafnarfjarðarleikhúsið verið stofnað og prófkjör verið skipulögð. Við dreypum á café latte á meðan Birgir fer yfir sögu Súfistans í stuttu máli, sögu sem var eiginlega hálfgerð tilviljun. „Þegar ég kom heim frá Bandaríkjunum sótti ég um starf hjá bænum og þóttist eiga nokkuð góða möguleika," segir Birgir. „Ég fékk það hins vegar ekki og stóð þá uppi án vinnu," bætir hann við. Hann var hins vegar alltaf ákveðinn í að stofna kaffihús, en það átti þó bara að vera hliðarverkefni.

„Við fórum, ég og tengdapabbi minn, á stúfana til þess að leita eftir hentugu húsnæði og enduðum hér, í þessu elsta steinhúsi Hafnarfjarðar sem var byggt 1912. Við fórum þess á leit við eigendur hússins að fá að kaupa það vegna þess að það var ekki til sölu. Það gekk eftir."

Árið 1994 var Súfistinn opnaður. „Sumir sögðu að komið væri nóg af börum í Hafnarfirði á meðan aðrir voru á því að hér væri verið að opna apótek," segir Birgir og hlær. Hann segist hafa gert sér grein fyrir því að bæinn vantaði kaffihús sem allir gætu verið sáttir við. Súfistinn hafi staðið fyllilega undir því. „Ég var alltaf viss um hvernig kaffihús þetta átti að vera, miðpunkturinn átti að vera kaffi og allt annað var bónus," segir

> *„Ég var alltaf viss um hvernig kaffihús þetta átti að vera, miðpunkturinn átti að vera kaffi og allt annað var bónus."*

Birgir, sem eyddi töluverðum tíma í að siða gesti staðarins til, svo að úr yrði það kaffihús sem hann dreymdi um.

Fjölmargir Hafnfirðingar hafa allt að því alist upp á Súfistanum. Birgir man vel eftir einum sem setti sterkan svip á staðinn. „Stefán Karl Stefánsson leikari var meðal þeirra fyrstu sem gengu hér inn. Hann gaf okkar fífla sem hann hafði tínt og óskaði okkur til hamingju."

Birgir hefur alltaf lagt mikið upp úr því að vera með ferskt hráefni, hvort sem það er kaffi eða meðlæti. „Þegar kaffi er keypt hjá okkur getur viðskiptavinurinn verið viss um að það sé ekki meira en vikugamalt," segir Birgir en hann kaupir kaffi frá sautján ræktunarsvæðum sem hann síðan brennir sjálfur.



Hús Súfistans er elsta steinhús bæjarins, byggt 1912. Þar var áður rakarastofa, hjólbarðaverkstæði og einnig aðsetur Kaupmannafélags Hafnarfjarðar.



... hvernig þú sefur betur




með vakandi auga á fyrirtækinu

Þegar þú velur Securitas öryggismyndavélar fyrir fyrirtæki þitt tryggir þú þér hugarró vitandi að traust augu vaka yfir fyrirtækinu þínu allan sólarhringinn. Með bestu tækni, sérhæfðri þekkingu, ráðgjöf og búnaði hámarkar þú öryggi eigna, starfsemi og starfsfólks fyrirtækisins.

Eitt símtal til Securitas getur skipt sköpum fyrir fyrirtæki þitt.

**Eitt símtal núna, síminn er 580-7100.**

SECURITAS

HÉR & NÚ / SÍA

Innbrotakerfi • Aðgangsstýrikerfi • Öryggismyndavélar • Mönnuð gæsla • Öryggishnappur • Vöruverndarhlið • Slökkvitæki
Brunaviðvörunarkerfi • Sjálfvirk slökkvikerfi • Verðmætaflutningar • Farandgæsla • Hússtjórnarkerfi • Rýrnunareftirlit

## staðurinn minn }

„Nillabar er náttúrlega ekki til lengur en sá staður var einhver flottasti bar sem um getur í bænum og þótt víðar væri leitað," segir **Jakob Bjarnar Grétarsson** blaðamaður. „Heimlið er eitthvað sem ég ætti að nefna en það er á Holtinu. Við þetta tækifæri nefni ég þó Hamarinn og Flensborgarskóla. Áhyggjuleysi menntaskólaáranna verður seint oflofað og Hamarinn sem slíkur er ótrúlega fallegur staður, einn sá fallegasti í Hafnarfirði og er þó af ýmsu að taka."



„Ég er fædd og uppalin í Hafnarfirði og hef eignilega alltaf verið hérna, fyrir utan þegar ég fluttist á brott og náði mér í manninn minn," segir **Björk Jakobsdóttir** leikkona. „Við vorum líka fljót að flytja í Fjörðinn enda vildi ég ekki ala börnin mín upp á öðrum stað. Það er alveg rosalega mikið af fallegum stöðum í Hafnarfirði og má meðal annars nefna Hellisgerði. Uppháldsstaðurinn minn er engu að síður lítill lækur sem rennur í gegnum Heiðmörkina og Setbergið. Ef maður gengur meðfram honum er komið í upp í Kaldársel."





Ekki er langt síðan hafist var handa við að rífa niður húsið



Varla var til sá maður í Hafnarfirði sem hefur ekki unnið í húsi Bæjarútgerðarinnar.

# Bæjarútgerð, leikhús og rokkhús

***Bæjarútgerðin í Hafnarfirði er horfin á braut. Niðurrif hennar er komið vel á veg og nú bíður landið eftir nýjum íbúum.***



Þessa dagana er ekki mikið eftir af húsinu en svæðið mun ekki glata mikilvægi sínu því þar mun rísa nýtt bryggjuhverfi.

Þeir sem keyra í gegnum miðbæ Hafnarfjarðar hafa ekki komist hjá því að sjá að Bæjarútgerðin er horfin. „Margir Hafnfirðingar bera sterkar taugar til þessarar byggingar, enda rúmaði það í tæp fimmtíu ár Bæjarútgerðina í Hafnarfirði," segir Lúðvík Geirsson bæjarstjóri og bendir í léttum dúr á að hér áður fyrr hafi varla verið til sá maður í Hafnarfirði sem ekki hafi að minnsta kosti unnið eitt ár í Bæjarútgerðinni. „Þú varst ekki Hafnfirðingur nema hafa fæðst á Sólvangi og unnið í Bæjarútgerðinni."

Lúðvík segir að húsnæðið hafi verið notað undir allt sem íbúum bæjarins datt í hug eftir að eiginleg útgerð og fiskvinnsla lagðist af í húsinu. Það mun því hver og einn kveðja það með sínu nefi. „Þarna voru meðal annars hafnarskrifstofur bæjarins, golfklúbburinn Keilir var með aðstöðu í gömlu kaffistofunni og æfingahúsnæði fyrir hljómsveitir var í gamla frystiklefanum."

*„Þú varst ekki Hafnfirðingur nema hafa fæðst á Sólvangi og unnið í Bæjarútgerðinni."*

Þá var leikhópurinn Hermóður og Háðvör með leikhúsið sitt í húsinu á frá árinu 1995 til ársins 2004 og setti þar upp margar af sínum vinsælustu sýningum, meðal annars Himnaríki og Birting.

Þess má svo til gamans geta að svæðið mun ekki glata mikilvægi sínu, enda mun þarna rísa nýtt og glæsilegt íbúðarhverfi með útsýni yfir höfnina.


## Afþreying og fræðsluefni undir sama þaki



Um 20 ný safngögn á hverjum degi

VERIÐ VELKOMIN
í Bókasafn Hafnarfjarðar
í hjarta bæjarins að Strandgötu 1

Bækur
Hljóðbækur
Tímarit
Dagblöð

Netver
Fræðsludiskar
Myndbönd
DVD

Lesstofa
Sögustundir
Setustofa
bæjarins

Stærsta og metnaðarfyllsta tónlistardeild í almenningsbókasafni á Íslandi

HAFNARFJÖRÐUR

**Bókasafnið er opið:**
mán. - fim. 10 - 19
fös. 11 - 19
lau. 11 - 15 (okt. - apr.)
sími 585 5690
hafnarfjordur.is/bokasafn
gegnir.is

mikkivefur.is/honnun • BSH050104




María segir pólsku pylsurnar vinsælastar.

# Pólskt snakk með jarðarberjabragði

***Pólverjar eru einn stærsti innflytjendahópurinn á Íslandi og hér búa um tvö þúsund Pólverjar. Nú hafa þeir eignast sína eigin búð, Stokrotka, sem er staðsett á Holtinu.***

Það er skrýtið að fá þá tilfinningu að vera kominn í annað land, þrátt fyrir að vera í eigin landi. Þá tilfinningu er hins vegar hægt að fá í pólsku búðinni Stokrotka sem hefur verið starfrækt í rúmt ár og er nafnið fengið frá pólsku villiblómi sem er líkt hinni íslensku baldursbrá. Á veggnum gegnt hurðinni blasa við pólskar útgáfur af Playboy og Newsweek, þarna tala viðskiptavinirnir ekki íslensku sín á milli, heldur pólsku. Pólverjar eru einn stærsti innflytjendahópurinn á Íslandi en hér búa tæplega tvö þúsund Pólverjar og þar af búa 700 í Hafnarfirði.

María Valgeirson, eigandi búðarinnar, hefur búið hér síðan 1989 og bjó meðal annars í tíu ár á Fáskrúðsfirði. Hún býr núna í Hafnarfirði og rekur sína verslun á Hvaleyrarbrautinni, sem óneitanlega er mjög sérstök staðsetning en María segir ástæðuna vera mjög einfalda. „Ég þekki þetta svæði mjög vel og svo finnst mér Hafnarfjörður besti bærinn á landinu," segir hún á lýtalausri íslensku, enda voru ekki komnar verslanir eins og hún rekur í dag, með pólskum blöðum, þegar hún flutti til landsins. „Þegar ég kom hingað voru ekki nein blöð eða sjónvarpsstöðvar svo að ég varð bara að læra íslensku."

Í búðinni er hægt að fá hefðbundnar pólskar matvörur, súrar gúrkur sem eru mikið borðaðar með mat, niðursoðið grænmeti án sykurs, sem er mjög vinsælt, snakk með jarðarberjabragði og fleira góðgæti.

Í Stokrotka er líka hægt að fá pólskt hunangskex, sem er mjög vinsælt í Póllandi. María segir matarhefð Íslendinga og Pólverja ekki vera mjög ólíka, en að það sé þó einhver munur. „Við borðum til dæmis ekki lambakjöt eða hrossakjöt heldur frekar nautakjöt, svínakjöt og mikið af fuglakjöti. Þá nota Íslendingar mikinn sykur en slíku erum við ekki vön."




**Íslensku springdýnurnar frá Ragnari Björnssyni endast lengur.**
Fjórir stífleikar eru í boði; mjúk, medium, stíf og extra stíf, allt eftir þörfum hvers og eins. Framleiðum og hönnum rúm og springdýnur í öllum stærðum og gerðum ásamt því að sérsmíða fyrir hótel og gististaði.

BETRI STOFAN

*Rúm og springdýnur eru framleidd í öllum stærðum*

**Opið sunnudag kl. 13-17**



***Sælurúm***
Stærðir 80, 90, 120, 130
Lyftibúnaður fyrir höfuð og fætur ásamt nuddi
Þráðlaus fjarstýring. Springdýna
**Verð frá kr. 160.000**

**RAGNAR BJÖRNSSON ehf.**
Sérhæfing í framleiðslu og hönnun springdýna. | Stofnað 1943
Dalshrauni 8 | 220 Hafnarfirði | Sími: 555 03 97 | Fax: 565 17 40 | www.rbrum.is

## staðurinn minn }

„Ég er alin upp í Breiðholtinu en sem móðir eru það nánast forréttindi að fá að ala börnin mín upp í Hafnarfirði," segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra. „Mín kynni af Hafnfirðingum eru þau að fáir eru jafn stoltir af bænum sínum og það umlykur hann einhver hlýja. Það fylgir því mikil slökun að koma inn í bæinn eftir allt stressið inni í Reykjavík og að búa í Hafnarfirði er kannski besta heilbrigðismeðalið. Ég bý við Lækinn og tek honum því nánast sem gefnum hlut. Endurnar fá líka alltaf sína brauðmola. Ég get í raun ekki gert upp á milli Hamarsins sem gnæfir yfir bæinn og hafnarinnar. Þegar tengdapabbi minn átti bát fór ég oft niður á höfn og í dag fer ég í reglulega göngutúra þangað. Það eru eitthvað svo miklar tilfinningar sem Hafnfirðingar hafa til hafnarinnar og hún er í raun það sem gerir þá að Hafnfirðingum."



DALAKOFINN

VIÐ VORUM AÐ TAKA UPP FLOTT FÖT Í FRÍIÐ.

TÍSKUVERSLUNIN DALAKOFINN FIRÐI, HAFNARFIRÐI SÍMI 555-4295.



Gunnar Gunnarsson segir mikið og gott starf vera unnið innan veggja skólans.

# Gamall og góður starfsandi í nýju og fallegu húsi

*Gunnar Gunnarsson hefur verið viðloðandi Tónlistarskólann í tæp fjörutíu ár. Hann fylgdi skólanum úr gamla Alþýðuflokkshúsinu yfir í nýtt og glæsilegt húsnæði sem þegar er orðið of lítið.*

Það er ekki ýkja langt síðan Tónlistarskóli Hafnarfjarðar var í gamla Alþýðuflokkshúsinu. Þar var húsakosturinn þröngur og lítil hljóðeinangrun. Hljóðfærin voru flest gömul og illa gekk að endurnýja þau. Árið 1997 gjörbreyttist þessi aðstaða þegar skólinn tók í notkun einn fyrsta sérhannaða tónlistarskólann á landinu. „Arkitektarnir fengu kennarana með sér í lið þegar kom að hönnun kennslustofanna og tóku fullt tillit til óska þeirra," segir Gunnar Gunnarsson, skólastjóri Tónlistarskólans. Húsnæðið er óneitanlega glæsilegt.

Nú stunda 650 nemendur nám við skólann og við hann starfa rúmlega fjörutíu kennarar. „Það er hins vegar merkilegt að við náðum einhvern veginn að flytja þann góða starfsanda sem ríkti í gamla skólanum yfir í nýja húsið. Þetta er því nýtt hús með gamalli sál," segir Gunnar og bætir við að í dag horfi mörg sveitarfélög til þessarar skólabyggingar.

Gunnar segir mikið og gott starf unnið innan skólans. Þar sé fjölbreytt hljómsveitarlíf og nefnir hann meðal annars big band-sveitina, sem er hópur eldri nemenda úr lúðrasveit skólans, og kammersveitina. „Þá hafði tónlistarskólinn frumkvæði að því ásamt Tónskóla Sigursveins að stofna Sinfóníuhljómsveit tónlistarskólanna," segir Gunnar og bætir því við að það ár líði ekki að ein sveit að minnsta kosti fari ekki til útlanda.

Þrátt fyrir þetta stórt húsnæði eru tæplega tvö hundruð nemendur á biðlista og segir Gunnar það leitt að geta ekki sinnt öllum þessum nemendum sem vilji læra á hljóðfæri. „Þessi áhugi kemur heldur ekki á óvart því rannsóknir hafa sýnt að tónlistarnám hefur mikið forvarnargildi, auk þess sem það hefur jákvæð áhrif á nám í almennum skóla." Þá segir hann einnig að nýjar áherslur í náminu séu spennandi því nú sé lögð meiri áhersla á spuna og að spila eftir eyranu. „Þetta var næstum því bannað þegar ég var að byrja að læra á hljóðfæri."

Þrátt fyrir að mikill hluti kennarana hafi verið lengi við kennslu í skólanum hafa fáir verið lengur en Gunnar sjálfur. „Ég byrjaði sem tíu ára polli í barnalúðrasveit Brauner og hef eiginlega verið innan veggja skólans síðan, í tæplega fjörutíu ár. Hann hefur heldur ekkert farið illa með mig," segir Gunnar og hlær.

SUMARAUKI

Ef þú kaupir gallabuxur eða stakan jakka, þá fylgir bolur frítt með.

Herra hafnarfjörður

Herra Hafnarfjörður • Sími 565 0073

# Öðruvísi dagur hjá Erling Óskari

*Erling Óskar Kristjánsson, nemandi í 7. bekk Hvaleyrarskóla, sigraði í úrslitum Stóru upplestrarkeppninnar í Hafnarfirði og Álftanesi.*

Á úrslitakvöldinu í vikunni kveðst Erling Óskar hafa lesið brot úr smásögunni Öðruvísi dagar eftir Guðrúnu Helgadóttur og ljóðin Ég hlakka til eftir Jóhannes úr Kötlum og Uppeldi eftir Ingibjörgu Haraldsdóttur. Það hlýtur að hafa verið táknrænt, því að sjálfsögðu var þetta dálítið öðruvísi dagur hjá Erling Óskari en allir hinir. Hann hefur eflaust hlakkað til að lesa upp fyrir fjöldann og þar hefur honum komið gott uppeldi að notum! Þessu samsinnir hann brosandi. „Þetta var rosalega gaman og mikill spenningur. Mér gekk vel enda var ég búinn að æfa mig síðustu dagana."

Í Hvaleyrarskóla, sem er 15 ára gamall, hefur frá upphafi verið lögð áhersla á tjáningu og framsögn, að sögn Helgu Friðfinnsdóttur skólastjóra. „Við höfum kennt fag sem við köllum Markvissa málörvun alveg frá byrjun, bara eins og lestur og reikning. Þetta fag er á stundatöflunni og það er ræðupúlt í hverri stofu," segir hún og kveðst fullviss um að þessi þjálfun sé góður grunnur fyrir unga fólkið að byggja á.



Sigurvegari stóru upplestrarkeppninnar, Erling Óskar Kristjánsson, ásamt Helgu Friðfinnsdóttur umsjónarkennara sínum og Helgu Friðfinnsdóttur, skólastjóra Hvaleyrarskóla.

# Framhaldsskólalíf í miklum blóma

***Hafnarfjörður er mikill skólabær. Auk hinna fjölmörgu grunnskóla eru starfræktir tveir framhaldsskólar sem báðir hafa verið í örum vexti.***



Einar Birgir Steinþórsson, skólameistari Flensborgarskólans í Hafnarfirði, segir að nýja húsnæðið sé mikið tilhlökkunarefni.

Hér áður fyrr var sagt að þeir sem ekki væru góðir á bókina færu bara í Iðnskólann. Þetta viðhorf segir Jóhannes Einarsson, skólameistari Iðnskólans í Hafnarfirði, hafa breyst því hann sjái í síauknu mæli fólk með stúdentspróf koma í skólann í leit að meiri menntun. „Iðnskólinn nýtur mikilla vinsælda og má það ekki síst þakka fjölbreyttu námi, námsbrautum sem ekki eru kenndar annars staðar og nýju húsnæði skólans sem tekið var í notkun árið 2000,“ segir Jóhannes og bætir við að hlutfall verknáms innan skólans sé með því hæsta á landinu. Jóhannes segir að þrátt fyrir að nýja húsnæðið sé 2.000 fermetrar sé það löngu sprungið. Hann dregur þó ekki dul á að það hafi verið mikil umskipti fyrir skólann að hafa fengið þessa byggingu. „Það er óneitanlega mikill kostur að geta verið með alla sína starfsemi undir einum hatti.“



Jóhannes Einarsson, skólameistari Iðnskólans í Hafnarfirði, segir að helsti styrkur skólans sé fjölbreytt nám og hátt hlutfall verknáms.

Í Iðnskólanum eru nú skráðir 570 nemendur, sem skiptast nokkuð jafnt á milli kynjanna. „Meðalaldurinn er hins vegar nokkuð hár, í kringum 23 ár, en stærsti hópur nemenda er á aldrinum 20 til 25 ára,“ segir Jóhannes og bætir við að einungis sautján prósent nemenda séu undir átján ára aldri. „Þetta hefur kannski bitnað eilítið á félagslífinu en þó eru haldin skemmtikvöld í samstarfi við Gamla bókasafnið auk þess sem fulltrúi frá okkur er að fara að syngja í Söngvakeppni framhaldsskólanna á Akureyri.“

Flensborgarskólinn á Hamrinum er einn elsti skóli landsins. Hann var stofnaður 1882, þá fyrst sem barna- og gagnfræðaskóli. Það var síðan árið 1975 sem fyrstu nemendurnir voru útskrifaðir á framhaldsskólastigi og hefur skólinn verið fjölbrautaskóli síðan þá.

***„Nýja byggingin mun skipta sköpum fyrir nám nemenda og hið daglega starf.“***

Nú stunda nám við skólann tæplega sex hundruð nemendur og segir Einar Birgir Steinþórsson, skólameistari Flensborgar, að mesta tilhlökkunarefnið sé tvímælalaust nýja byggingin. „Við reiknum með að taka hana í notkun haustið 2006,“ segir hann og bætir við að byggingin verði mikil lyftistöng fyrir starfsemi skólans. „Gömlu húsin voru byggð miðað við barna- og gagnfræðaskólann en nýja byggingin mun skipta sköpum fyrir nám nemenda og hið daglega starf, auk þess sem aðstaða þeirra fyrir samkomuhald mun batna.“ Húsið verður 2.600 fermetrar á tveimur hæðum og segir Einar Birgir þessa stækkun vera nauðsynlega fyrir skólann, því sífellt stærri árgangar séu að útskrifast úr grunnskólum bæjarins.

Einar Birgir segir félagslífið í skólanum hafa átt sínar hæðir og lægðir en að það hafi verið með öflugra móti undanfarið ár. „Það er mikið tónlistarlíf hér í skólanum og söngvakeppnin er mjög vinsæl. Það er ekki hægt að komast hjá því að minnast á kór skólans en hann hefur verið duglegur að venju.“




birta
» SJÓNVARPSDAGSKRÁ VIKUNNAR








Golfklúbburinn Keilir er með 18 holu völl á Hvaleyrinni og auk þess níu holu æfingavöll fyrir byrjendur.

# Góð aðstaða fyrir kylfinga í Hafnarfirði

***Golfæði hefur gripið landann og Hafnarfjörður hefur ekki farið varhluta af því. Í bænum eru tveir golfvellir sem báðir eru þéttsetnir yfir háannatímann.***

Þeir eru kannski ekki margir sem hafa farið hring á golfvellinum að undanförnu. Það er þó alveg ljóst að kylfingar eru margir hverjir farnir að pússa kylfurnar og bíða óþreyjufullir eftir því að sumarið komi. Fjölmargir Hafnfirðingar hafa fengið golfbakteríuna enda eru í bænum tveir góðir golfvellir.

Golfklúbburinn Keilir var stofnaður af nokkrum áhugamönnum um golfíþróttina 1967 og fljótlega var farið að spila golf á Hvaleyrinni. Síðan þá hefur aðstaðan verið þar. Það er því óhætt að segja að völlurinn hafi vaxið og dafnað, því hann hefur farið úr sex holu velli yfir í tuttugu og sjö holu völl. „Við byrjuðum að leggja níu holur út í hraun árið 1993 og slógum fyrsta höggið 1996, en það var listamaðurinn Eiríkur Smith sem sló það enda er hann félagi númer eitt," segir Ágúst Húbertsson, framkvæmdastjóri golfklúbbsins Keilis. „Vorið eftir hleyptum við svo almennri umferð á völlinn en það þarf vart að taka það fram að þetta var gjörbylting fyrir klúbbinn og hann er núna fallegasti völlur landsins, að sjálfsögðu," segir Ágúst, stoltur af vellinum sínum sem vakið hefur mikla athygli meðal útlendinga sem hafa komið hingað og spilað. „Þeim finnst frábært að spila í hrauninu í miðnætursólinni."



Högni Friðþjófsson, formaður golfklúbbsins Setbergs, segir klúbbinn ætla að halda áfram að vera það sem hann er þekktastur fyrir, skemmtilegur.

Í fyrra voru gerðar breytingar á 17. holunni en Águst segir að í ár séu engar slíkar breytingar á döfinni. „Við ætlum að setja upp vökvunarkerfi við flatirnar ásamt því að endurbyggja nokkra teiga." Hjá Keili er líka mjög gott æfingasvæði, auk þess sem þar er að finna níu holu æfingavöll fyrir byrjendur.

Golfklúbburinn Setberg er mun yngri klúbbur, stofnaður í nóvember 1994. „Við erum ekki með stóran klúbb en hann er mjög vinalegur og fjölskylduvænn," segir Högni Friðþjófsson, formaður golfklúbbsins. „Við höfum níu holur til umráða á velli sem reyndar liggur landfræðilega í Garðabæ, en það svífur hafnfirskur andi yfir," segir Högni og hlær. Hann segir feikilega góða stemningu í klúbbnum og yfirleitt séu árshátíðir og aðrir mannfagnaðir vel sóttir af félagsmönnum. „Því miður hefur klúbburinn ekki tök á því að stækka meira og það er ekki erfitt þessa dagana að fylla golfklúbb," segir Högni en í golfklúbbnum eru skráðir 350 manns. „Við höfum stóran 9 holu golfvöll auk þess sem við erum með 9 holu par 3 völl." Hann segir framtíðarsýn klúbbsins vera fólgna í því að bæta þann völl sem fyrir er og ekki síður að halda fast í það sem hann hefur verið þekktur fyrir, að vera skemmtilegur.



Ágúst Húbertsson, framkvæmdastjóri Keilis, segir hraunið hafa slegið í gegn og útlendingar keppist um að hrósa umhverfinu.









# Stærsti rúmaframleiðandi í heimi!



Sealy Posturepedic

Stu  ningur sem þú treystir, þægindi sem þú elskar



Hversvegna Posturepedic?

Sealy Posturepedic eru **vinsælustu** heilsurúm Bandaríkjanna sí  astli  in 30 ár. Sealy ey  ir meiri fjármunum í vöruþróun en allir a  rir dýnuframlei  endur heims.

Hversvegna Posturepedic?

Sealy Posturepedic gormurinn sem er hjarta   í heilsudýnunni, er hanna  ur í samvinnu vi   nokkra færustu bæklunarskur  lækna Bandaríkjanna. Hann bregst mismunandi vi   þyngd og því geta tveir misþungir einstaklingar nota   sömu dýnuna

Hversvegna Posturepedic?

Sérhanna  ur styrktarkantur sem tryggir hámarksnýtingu á svefnfleti, ásamt því a    kantar dýnunnar veita betri stu  ning. „Thermo Bond“ uppbyggingin dregur úr hreyfingu á milli einstaklinga í sama rúmi.



Tilboðin gilda til 4. maí.

## Einstök tilboð í tilefni sýningarinnar Sumar 2005 í Fífunni Kópavogi.



**1** 30 % AFSLÁTTUR

Rafmagnsrúm BLUCONFORT 300, 160 og 180 cm með ramma.
Verð frá. 178.000.-

**3** 25 % AFSLÁTTUR

Amerískir hvíldarstólar frá LANE. (Alaska leður).
Verð.  52.425.-





**2** 20 % AFSLÁTTUR

SEALY heilsurúm.
Tegundir Elantra, Archway og Hensen.
Verð frá. 60.640.-

**4** 25 % AFSLÁTTUR

STARLIGHT heilsurúm.
Verð frá. 35.900.-



Verið velkomin á sýningarsvæðið okkar A-22 í Fífunni um helgina.

LYSTADÚN Marco

ATH! opið í Mörkinni
sunnudaginn 17. apríl frá 13-16

**Opið virka daga: 10-18 & laug: 11-15**

Reykjavík: Mörkin 4,  sími: 533 3500 — Akureyri: Hofsbót 4,  sími: 462 3504 — Egilssta  ir: Mi  vangur 1,  sími: 471 2954




# ÍBÚÐALÁN SPH

Hvort sem þú ert að byggja, kaupa eða þig vantar endurfjármögnun þá komum við til móts við þig.

Kynntu þér möguleika SPH.

sph SPARISJÓÐURINN

*– fyrir þig og þína!*

Sími 550 2000 | www.sph.is

# Brons, gull og rústrautt

**Hönnuðir komu saman í Makedóníu í síðustu viku til að kynna haust- og vetrartískuna.**

Tískuvikan í höfuðborg Makedóníu, Skopje, hófst miðvikudaginn 6. apríl og lauk um síðustu helgi.
Það verður seint sagt að Skopje sé höfuðborg tískunnar en samt sem áður laðaði tískuvikan að góða hönnuði eins og Pierre Cardin, Slavica Blazevska og Wolford & Palmers.
Brons og gull voru í aðalhlutverki á tískusýningunum ásamt dökkbleikum og rústrauðum litum sem skapa vissa dulúð. Fötin eru ekki efnismikil fyrir haustið og veturinn í Makedóníu og virðast hönnuðir á Balkanskaganum ekki vera eins hrifnir af loðfeldinum, sem tröllríður öllu í Norður- og Mið-Evrópu sem og vestan hafs.



Slavica Blazeva sýnir hér fallegan kjól og passar litli gullvöndurinn vel við.



Bindi í hári. Sniðugt hjá Pierre Cardin.



Wolford & Palmers sýndu undirföt og sundfatnað.



Bronstoppur og flottar mynstraðar buxur við frá Ilija Kostadinov.

# Ný fataverslun á Selfossi

VERSLUNIN STRIKIÐ SELUR DANSKAR TÍSKUVÖRUR FYRIR BÆÐI KONUR OG KARLA.

Eigendur hennar eru Erna Jónsdóttir og Martin Andersen. Þau ákváðu að opna verslunina á Selfossi því þar er mikil uppbygging en líka vegna þess að þar eru þau sjálf búsett. „Það er sífellt fleira fólk að flytjast á Selfoss og því var ekki úr vegi að bæta við verslunum," segir Erna.
Í versluninni eru seldar danskar vörur fyrir bæði kynin og er verðið ákaflega hagstætt. „Í kvenfatnaði erum við með tvö merki, Support og More & More. Það fyrrnefnda er fyrir konuna sem velur stíl og gæði á skynsamlegu verði fram yfir tímabundnar tískusveiflur. More & More er með klassískara og fágaðra yfirbragði." Í herradeildinni er danska merkið Carnet fremst í flokki en það státar af öllu frá gallabuxum upp í jakkaföt.

Eigendur verslunarinnar, Erna Jónsdóttir og Martin Andersen.





Gyllta munstrið í postulínsbláa kjólnum kórónaði dressið.



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ljósi jakkinn og kjóllinn hentuðu giftingarathöfninni afar vel.

# Camilla kann sko að klæða sig

**Camilla Parker Bowles gekk í það heilaga með Karli Bretaprins um liðna helgi og er því orðin nýja hertogynjan af Cornwall eftir umdeilt samband sem hefur varað í áratugi.**

Camilla þótti einkar glæsileg á brúðkaupsdaginn en í sjálfri giftingarathöfninni klæddist hún silkijakka og siffonkjól eftir hönnuðinn Robinson Valentine. Til að kóróna dressið klæddist hún beislituðum skóm frá Lindu Bennet, var með kremaðan hatt á kollinum eftir Philip Tracey, hélt á tösku frá East – West og bar fallega nælu frá Fleur de Lys. Þessi næla var í eigu langömmu Camillu, Alice Keppel, sem hélt við Játvarð VII en hann var afi Karls Bretaprins. Sögur segja að Karl hafi borgað 15 þúsund pund, eða rúmlega 1,7 milljónir króna, fyrir næluna.
Eftir giftingu klæddist hún postulínsbláum silkikjól og jakka með bróderuðu gullmunstri sem var líka hannaður af Robinson Valentine.
Fjaðraskreytingin á höfði Camillu var hönnuð af Philip Treacy – og var úr gullfjöðrum og Swarovski-kristöllum.
Elizabeth Emmanuel, fatahönnuðurinn sem hannaði kjól Díönu prinsessu af Wales heitinnar, fyrri eiginkonu Karls, var spurð út í fataval Camillu í Sunday Mirror stuttu eftir brúðkaupið.
„Ég var mjög ánægð með fötin sem Camilla var í. Þessi kona, sem oft hefur verið hæðst að vegna útlitsins, sannaði að hún getur verið fáguð og stílhrein þegar hún vill."




DU PAREIL...au même
Laugavegi og Kringlunni



Kynning
Nº7
Lyf&heilsa Selfossi
Boots
Afsláttur allan daginn!
15. apríl
Sérfræðingur/ ráðleggingar

!
Talstöðin
FM 90,9
ÞÚ HEYRIR ÞAÐ STRAX
Talstöðin færir þér fréttir oftar á sólarhring en nokkur önnur íslensk útvarpsstöð.

SVAKA-SKÓDAGAR
skór frá kr. 990 allt að 75% afsláttur
ADIDAS - NIKE - CONVERSE - X-18 - POPLIFE - AGAIN&AGAIN
BRONX - DIESEL - SKECHERS - CAMPER - GOLA - KICKERS - BILLI BI
dæmi:



X18 990 NIKE 1.990 AGAIN 2.990 SHELLTOE 2.990 BULLBOXER 2.990



ADIDAS 4.990 DIESEL 3.990 SKECHERS 1.990 DIESEL 1.790 DIESEL 2.490



CAMPER 7.990 VAGABOND 7.990 BULLBOXER 2.990 CONVERSE 4.990 EVERY1 2.990
BOLIR FRÁ: 990 GALLABUXUR FRÁ: 2.490 PEYSUR FRÁ: 1.490 JAKKAR FRÁ: 2.490 JAKKAFÖT FRÁ: 12.500 DRAGTIR FRÁ: 7.990
opið
virka daga 11-18
laugardaga 11-16
OUTLET 10
FAXAFENI 10
S. 533 1710

# allt - sem þig vantar

**SMÁAUGLÝSINGA-SÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–22**

**TIL BIRTINGAR NÆSTA DAG ÞARF AÐ PANTA FYRIR KL. 15**

**SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**
**smaar@frettabladid.is / visir.is**

**AFGREIÐSLAN ER OPIN ALLA VIRKA DAGA KL. 8–19**

**AFGREIÐSLAN ER OPIN UM HELGAR KL. 9–17**

brimborg – Taktubíl

VW Golf, skrd. 01/1998 ek. 84.000 km, 1400cc, beinskiptur. Ásett verð 590.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Hyundai Elantra station, skrd. 08/1996, ek. 130.000 km, 1800cc, beinskiptur. Ásett verð 450.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Volvo 440 GLE, skrd. 08/1994, ek. 180.000 km, 2000cc, beinskiptur. Ásett verð 350.000 kr. Tilboð 250.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Volvo XC90, skrd. 03/2003, ek. 47.000 km, 2500cc, sjálfskiptur. Ásett verð 4.990.000 kr Einn með öllu. 100% lán. S. 515 7000.

BMW X5, skrd. 12/2003, ek. 29.000 km. 4600cc, sjálfskiptur. Ásett verð 8.200.000 kr. Einn með öllu. 100% lán. S. 515 7000.

Toyota Corolla 4x4, skrd. 05/1999, ek. 110.000 km, 1800cc, beinskiptur. Ásett verð 890.000 kr. Tilboð 690.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Toyota Rav4, Skrd. 07/2000, ek. 94.000 km. 2000cc, beinskiptur. Ásett verð 1.480.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Ford Mondeo, skrd. 05/1995, ek 123.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 430.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

brimborg – Taktubíl

Citroen Xsara SX, skrd. 07/2001, ek. 47.000 km. 1600cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.050.000 kr. Tilboð 950.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Subaru Legacy Outback H-6, skrd. 08/2002, e. 37.000 km, 3000cc, sjálfskiptur m/öllu. Ásett verð 3.150.000 kr. Tilboð 2.790.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Volvo V40 Special Edition, skrd. 12/2003, ek. 13.000 km. 2000cc, sjálfskiptur, leður og m.flr. Ásett verð 2.490.000 kr. Tilboð 2.290.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

SsangYoung Rexton, skrd. 07/2002, ek. 45.000 km, 2874cc, diesel, sjálfskiptur. Ásett verð 2.950.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Daewoo Musso Grand Lux, skrd. 10/1998, ek. 110.000 km, 2874cc, diesel, sjálfskiptur. Ásett verð 1.540.000 kr. 100% lán. S. 515 7000

Renault Clio, skrd. 06/2000, ek. 65.000 km, 1200cc, beinskiptur. Ásett verð 720.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Honda Accord station, skrd. 04/2004, ek. 36.000 km, 2400cc, sjálfskiptur m/öllu. Ásett verð 2.930.000 kr. Tilboð 2.790.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

brimborg – Taktubíl

Citroen Xsara SX station, skrd. 02/2003, e. 30.000 km, 1600cc, beinskiptur, Ásett verð 1.230.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Ford Focus H/S, skrd. 06/1999, e. 123.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 790.000 kr. Tilboð 680.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Ford Mondeo GHIA skrd. 02/2004 ek. 61.000 km, 2000 c , sjálfskiptur. Ásett verð 1.990.000 kr. Tilboð 1.790.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Ford KA skrd. 09/2000 e. 53.000 km, 1300 cc, beinskiptur. Ásett verð 590.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Volvo S60 AWD 4x4 LPT-Turbo, skr. 9/2003 ek. 18.000 km , 2500 cc, sjálfskiptur, m/öllu. Ásett verð 3.790.000 kr. 100 % lán. S. 515 7000.

Volvo S80 LPT-Turbo, skrd. 11/2002, ek. 52.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 3.090.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Ford Focus Trend station, skrd. 11/2002, ek. 90.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 1.180.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Peugeot 406 station, skrd. 10/1999, ek. 100.000 km, 1800cc, beinskiptur. Ásett verð 920.000 kr. Tilboð 699.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

brimborg – Taktubíl

Suzuki Sidekick, skrd. 01/1992, ek. 222.000 km, 1600cc, sjálfskiptur. Ásett verð 350.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Ford Focus H/S station, skrd. 10/2000, ek. 71.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 1.050.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Hyundai Elantra, skrd. 07/1996, ek. 72.000 km, 1800cc, sjálfskiptur. Ásett verð 430.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Citroen Berlingo Van, skrd. 10/2003, ek. 21.000 km, 1400cc, beinskiptur. Ásett verð 1.140.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Toyota Avensis, skrd. 03/2003, ek. 43.000 km, 1800cc, beinskiptur. Ásett verð 1.810.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Daewoo Lanos Hurricane, skrd. 09/2002, ek. 37.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 990.000 kr. Tilboð 790.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

VW Golf 4x4 station skrd. 08/1997, árgerð 1998, ek. 163.000 km, 1800cc, beinskiptur. Ásett verð 650.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Mazda Demio, skrd.06/1999, e. 131.000 km, 1300cc, beinskiptur. Ásett verð 550.000 kr. Tilboð 450.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

brimborg – Taktubíl

Ford Fiesta Trend, skrd. 01/2003, ek. 42.000 km, 1400cc, beinskiptur. Ásett verð 1.160.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Opel Astra station, skrd. 10/1999, ek. 105.000 km, 1600cc, sjálfskiptur. Ásett verð 930.000 kr. Tilboð 820.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Kia Sorento V6, skrd. 02/2003, ek. 36.000 km, 3500cc, sjálfskiptur. Ásett verð 3.140.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Citroen C3. Skrd. 10/2002, ek. 25.000 km, beinskiptur. Ásett verð 1.080.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Opel Vectra CD station skrd. 04/1998, ek. 126.000 km, 1600cc, Sjálfskiptur. Ásett verð 830.000 kr. Tilboð 650.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Ford Mondeo Ghia, skrd. 12/2002, ek. 25.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.860.000 kr. Tilboð 1.660.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Ford Mondeo Ambiente, skrd. 07/2003, ek. 30.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.870.000 kr. Tilboð 1.590.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Toyota Corolla Sol, skrd. 08/2004 e. 13.000 km, 1600cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.890.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

brimborg – Taktubíl

Citroen C2, skrd. 10/2004, ek. 4.000 km, 1360cc, beinskiptur. Ásett verð 1.320.000 kr. Tilboð 1.190.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Nissan Primera GX station, skrd. 05/1999, ek. 100.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 760.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Daihatsu Charade CX, skrd. 05/1998, ek. 83.000 km, sjálfskiptur. Ásett verð 590.000 kr. Tilboð 499.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

MMC Lancer GLXi station, árgerð 1996, skrd. 10/1995, ek. 147.000 km, beinskiptur. Ásett verð 530.000 kr. Tilboð 399.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Daewoo Lanos, skrd. 07/2000, ek. 102.000 km, 1500cc, beinskiptur. Ásett verð 540.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Ford Explorer, skrd. 07/1998, ek. 115.000 km, 4000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.490.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.

Suzuki Liana 4x4, skrd. 05/2004, ek. 13.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 1.670.000 kr. 100% lán. S. 515 7000.



17" felgur til sölu með dekkjum Goodyear Eagle F1 225/45 ZR 17, þetta eru compomotive race Felgur 5 gata. Verð 70 þús. Sími 867 4579.

Dekk til sölu 4x35" á 6 gata álfelgum, 4x33" á 5 gata stálfelgum. Uppl. í s. 898 6230.

Til sölu ónotuð sumardekk stærð 205-75-15. Uppl. í s. 552 4032.

4 ný dekk Continental, Contitrac, með hvítum stöfum, 235/70/16-104T. Staðgreidd 39 þús. Uppl. í s. 896 8527.

## Varahlutir

Bílhlutir, Drangahrauni 6, S. 555 4940. Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

Bílakjallarinn Stapahrauni 11, s. 565 5310. Sérhæfum okkur í VW, Toyota, MMC, Suzuki og fl.

Aðalpartasalan s. 565 9700, Kaplahrauni 11 HF. Eigum varahluti í Hyundai, Hondu, Peugeot, Mazda, MMC, Opel og fl. Kaupum bíla til niðurrifs.

Partar Kaplahrauni 11, s. 565 3323. Varahlutir í bíla þ.á m. Ford, Opel, Suzuki, Mazda, VW, Daewoo. Kaupum bíla til niðurrifs.

Partasalan VTS, s. 421 8090. Toyota, Nissan, Opel, Audi 100-95, Suzuki, Lancer. Opið virka daga frá 8-18, laugard. 10-15.

Vélbúnaður og bodyhlutir í VW Golf, Polo og Yaris '98 og yngri. Einnig Airbag. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

**Nýtt!!!**
Peugeot, Citroen. Er eingöngu að rífa Peugeot og Citroen. Franskir bílapartar ehf. S. 587 8200 & 694 9117.

**Alternatorar-startarar**
Viðgerðir-sala. Tökum þann gamla uppí. Vm/Rótor ehf. Helluhr. 4, s. 555 4900.

**bilapartar.is**
Bílapartar v/Rauðavatn, s. 587 7659. Erum eingöngu með Toyota. Kaupum Toyota-bíla. Opið virka daga frá 10-18. www.bilapartar.is

Partasalan Skemmuvegi 30, sími 557 7740. Eigum varahluti í Volvo, Opel, Nissan, Toyota, Renault, Honda og fleira.

Body hlutir. Eigum á lager boddy hluti í Grand Cherokee, Stratus, Caravan. Ingóbílar sími 897 0163.

**Hedd 557 7551**
Golf, Polo, Skoda Fabia, Feilicia, Neon, MMC, Nissan, Subaru, Toyota 4 runner, Applos ofl. Hedd, Skemmuvegi 16.

Partaland, Stórhöfða 18, s. 567 4100. Varahlutir í Pajero og Lancer '89-'00, Trooper '99-'03, Terrano II '00 ofl. teg.

## Viðgerðir

Ef pústið pípir og bremsurnar braka, hættu að aka og láttu okkur laga. Kvikkþjónustan, Sóltúni 3, s. 562 1075.

# KEYPT & SELT

## Til sölu




Tilbúnir stigar og hringstigar með harðviðar þrepum og handlista. Handriðaefni í tré, smíðajárni og ryðfrítt stál, á lager. Stigalagerinn, Dalbrekku 26, s. 564 1890.



Okkar árlega rýmingarsala. 50-70% afsláttur af öllu í versluninni. Nú er tækifærið, ekta pelsar á hálfvirði og margt fl. Sigurstjarnan, (bláu húsin) Fákafeni. Opið frá 11-18 virka daga og 12-16 laugardaga. S. 588 4545. Vaxtalausar léttgreiðslur

Vélaborg



**Leikföng - Leikföng !**
Landbúnaðarleikföng í úrvali. Fótstignar og rafdrifnar dráttarvélar, einnig minni leikföng bæði í settum og stök. Vélaborg Krókhálsi 5F Reykjavík(gengið inn frá Járnhálsi). Sími 414 8600 og Draupnisgötu 1, Akureyri. Sími 464 8600.



Öll sett á aðeins 1990, eitt verð. Allt Smart Laugavegi 46. Sími 551 1040.

Vaxtalaus tilboð eru miðuð við 6, 9, 12, 15 eða 18 mánaða jafnar greiðslur á Vísa eða Mastercard skuldabréf. 0,5% stimpilgjald bætist við heildarupphæðina sem dreifist jafnt yfir samningstímann.
TÖLVULISTINN
SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 11 ÁR
Nóatúni 17 • Reykjavík • Sími 562 6730
Glerárgötu 36 • Akureyri • Sími 464 7400
Hafnargötu 90 • Keflavík • Sími 534 7400



**Aðal leikur dagsins**

**Sjörnuleikur FIBA á Kýpur**

Körfuboltakappinn Jón Arnór Stefánsson, sem leikur með rússneska liðinu Dynamo St. Pétursborg, spilar með Úrvalsliði Evrópu í Stjörnuleik FIBA á Kýpur í dag. Þetta er mesti heiður sem íslensku körfuboltamanni hefur verið sýndur.

**sport**

sport@frettabladid.is

TÍMAMÓT HJÁ ÍVARI INGIMARSSYNI: SKIPT ÚT AF Í FYRSTA SINN Í VETUR MEÐ READING

# Lék rúmar 4.000 mínútur í röð

Það er óhætt að segja að Stöðfirðingurinn Ívar Ingimarsson sé búinn að vera fastamaður í liði 1. deildarliðs Reading í vetur en hann varð af sínum fyrstu mínútum á leiktíðinni um síðustu helgi er honum var skipt af velli gegn Sunderland. Fram að þessari skiptingu hafði Ívar leikið 4.195 mínútur í röð með Reading eða alla þá 46 leiki sem þeir voru búnir að leika í vetur. Hann var tekinn af velli í leik númer 47 sem er einstakt afrek í þessari sterku deild.

„Auðvitað var ég vonsvikinn en aðallega var ég svekktur út í sjálfan mig fyrir að leika ekki betur," sagði Ívar í viðtali á heimasíðu Reading en stöðu hans á vellinum tók gamli Arsenal-jálkurinn Martin Keown.

Ívari var skipt af velli á 56. mínútu en hann gaf Sunderland mark fjórum mínútum áður. Hann lék aldrei þessu vant ekki vel og því gat stjóri Reading, Steve Coppell, ekki annað en tekið hann af velli. „Ég gerði skelfileg mistök og ég tek markið algjörlega á mig. Stjórinn ákvað að taka mig af velli og ég ber virðingu fyrir þeirri ákvörðun hans. Ég mun reyna að forðast slík mistök aftur," sagði Ívar en sem betur fer fyrir hann skipti markið engu þegar upp var staðið þar sem félagar hans skoruðu tvisvar eftir að hann var farinn af velli og unnu leikinn.

Það er mikið rætt um hvort Ívar verði í liðinu um næstu helgi en hann þótti sýna vanvirðingu með því að rjúka beint inn í göngin eftir skiptinguna. Hann kom þó fljótt aftur og settist á bekkinn. „Ég þurfti aðeins að anda nokkrum sinnum áður en ég fékk mér sæti. Ég var það svekktur. Vonandi verð ég samt í liðinu um næstu helgi," sagði Ívar.



## > Við gleðjumst yfir því ...



... að frjálsíþróttakappinn Jón Arnar Magnússon skuli ætla að gefa kost á sér í landsliðið fyrir Smáþjóðaleikana í Andorra. Hann var ekki með á Möltu fyrir tveimur árum og var sárt saknað.

## > Við vonum ...



... að Eggert Magnússon og félagar hans í Framkvæmdanefnd Knattspyrnusambands Evrópu taki hart á framkomu stuðningsmanna Internazionale í leiknum gegn AC Milan í meistaradeildinni á þriðjudaginn. Þeir köstuðu blysum og öðru lauslegu inn á völlinn og ættu ekki að fá að koma nálægt knattspyrnu aftur.

Úrslitakeppni kvenna:

# Haukar og ÍBV í úrslit?

**HANDBOLTI** Undanúrslitaeinvígi DHL-deildar kvenna í handbolta halda áfram í kvöld þegar Valur og Stjarnan eru á heimavelli og reyna að tryggja sér oddaleik á laugardaginn. Haukar og ÍBV geta jafnframt tryggt sér sæti í úrslitaeinvíginu með sigri í kvöld.

Haukakonur unnu Valsstelpur mjög auðveldlega, 33–19, í fyrsta leiknum og eru líklegar til að tryggja sig áfram en baráttan ætti að verða mun meiri í leik Stjörnunnar og ÍBV í Garðabæ en ÍBV vann eins marks sigur í fyrri leiknum í Eyjum á þriðjudaginn.

## LEIKIR GÆRDAGSINS

### *Meistaradeildin í fótbolta*

JUVENTUS–LIVERPOOL 0–0

**Liverpool** fór áfram 2–1 samanlagt og mætir Chelsea í undanúrslitum keppninnar.

PSV–LYON 1–1

0–1 Sylvain Wiltord (10.), 1–1 Alex Dias da Costa (50.). PSV vann 4-2 í vítakeppni þar sem Lyon misnotaði 2 af 4 vítum sínum.

**PSV** fór áfram og mætir ítölsku meisturunum í AC Milan í undanúrslitum keppninnar fari svo að úrslitin í nágrannaslag Mílanóliðanna standi en á föstudaginn fundar aganefnd UEFA um hvaða aðgerða verði gripið til í málinu.



### *Þýski handboltinn*

ESSEN–POST SCHWERIN 33–26

**Guðjon Valur Sigurðsson** skoraði 4 mörk fyrir Essen sem er í 6. sæti deildarinnar.

LEMGO–LUBBECKE 37–32

**Logi Geirsson** skoraði 1 mark fyrir Lemgo og það kom úr vítakasti. Lemgo er eftir þennan sigur í 4. sæti deildarinnar tveimur stigum á eftir Magdeburg sem hefur leikið einum leik færra.

### *Danski handboltinn*

FREDERICA–FCK HANDBOLD 27–32

**Gísli Kristjánsson** skoraði 5 mörk fyrir Frederica sem er í 10. sæti deildarinar (af 14 liðum).



**KOMNIR Í UNDANÚRSLIT** Leikmenn Liverpool og framkvæmdastjórinn Rafael Benitez fagna hér markalausu jafntefli gegn Juventus sem tryggði liðinu sæti í undanúrslitum Meistaradeildar Evrópu þar sem það mætir Chelsea.

# Liverpool áfram

## Liverpool náði markalausu jafntefli á Ítalíu og sló Juventus út. PSV vann Lyon í vítakeppni.

**FÓTBOLTI** Enska liðið Liverpool og hollenska liðið PSV tryggðu sér sæti í undanúrslitum Meistaradeildar Evrópu í knattspyrnu þegar síðustu leikir átta liða úrslitanna fóru fram í gær. Fyrir leikinn voru bæði liðin álitin ólíklegri til þess að komast áfram í keppninni.

Liverpool tryggði sér sætið er liðið gerði markalaust jafntefli við Juventus á Delle Alpi leikvanginum í Tórínó. Liverpool vann fyrri leikinn, 2-1, og nægði því jafntefli til að komast áfram.

Þetta er í fyrsta sinn síðan 1985 sem Liverpool kemst í undanúrslit í Evrópukeppni en þá tapaði liðið 1–0 fyrir Juventus í úrslitaleik Evrópukeppni Meistaraliða. Heysel-harmleikurin varpaði miklum skugga á þann leik og ensku liðin fóru í kjölfarið í bann frá Evrópukeppnum.

„Ég er mjög stoltur af mínum leikmönnum og öllum sem tóku þátt í að ná þessum árangri. Það skipti öllu að halda einbeitingunni allan tímann. Þessi úrslit eru gríðarlega mikilvæg fyrir stuðningsmenn Liverpool," sagði Rafael Benitez og kollegi hans hjá Juventus, Fabio Capello hrósaði varnarleik liðsins. „Það var mjög erfitt að spila gegn þeim í kvöld, þeir voru mjög skipulagðir, lokuðu öllum svæðum og við náðum ekki að skora þrátt fyrir að hafa spilað góðan leik," sagði Capello við leikslok.

Leikurinn í gærkvöldi var daufur frá fyrstu mínútu til hinnar síðustu og voru heimamenn óhemju slakir, sérstaklega í ljósi þess að liðið þurfti nauðsynlega að skora til að eiga möguleika á að komast áfram. Zlatan Ibrahimovic misnotaði ágætis færi snemma í leiknum en það var hins vegar Milan Baros sem átti langbesta færið í leiknum á 50. mínútu en skaut framhjá eftir að hafa leikið á Paolo Montero.

„Í sögunni hefur Liverpool verið eitt að bestu liðum Evrópu og nú erum við loksins komnir þangað sem við eigum að vera á hverju ári," sagði Jamie Carragher leikmaður Liverpool að leik loknum en liðið mætir Chelsea í undanúrslitunum.

PSV Eindhoven vann Lyon 4–2 í vítaspyrnukeppni eftir að báðum leikjum liðanna hafði lyktað með 1–1 jafntefli og hvorugu liðinu tókst að skora í framlengingunni. Markvörður PSV, Heurelho Gomes, var hetja liðsins í lokin en hann varði tvær vítaspyrnur Lyon.

smari@frettabladid.is
ooj@frettabladid.is

Landsliðshópur í frjálsum íþróttum fyrir árið 2005:

# 50 manna hópur valinn

**FRJÁLSAR ÍÞRÓTTIR** Sigurbjörn Árni Arngrímsson hefur í samráði við Íþrótta- og afreksnefnd FRÍ valið landsliðshóp FRÍ fyrir árið 2005. 25 karlar og 25 konur skipa hópinn en stærstu verkefni landsliðsins á þessu ári eru Smáþjóðaleikar á Andorra í byrjun júní og Evrópubikarkeppni landsliða, sem fram fer í Tallinn í Eistlandi 18.-19. júní.

Flestir einstaklingar í hópnum koma úr röðum FH eða 14 talsins en þá eru 10 frá ÍR. Fjórtán af þeim sem voru valin í hópinn dvelja erlendis við æfingar, flestir í Bandaríkjunum eða sex en fjórir æfa í Svíþjóð.




## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

APRÍL

11 12 13 **14** 15 16 17

**Fimmtudagur**

### LEIKIR

- 19.00 **Breiðablik** og **Víkingur** mætast í Egilshöll í 1. riðli A-deildar deildarbikars karla í fótbolta.
- 19.00 **Fram** og **KR** mætast á Framvellinum í 2. riðli A-deildar deildarbikars karla í fótbolta.
- 19.40 **Stjarnan** og **ÍBV** mætast í Ásgarði í úrslitakeppni DHL-deildar kvenna í handbolta.
- 19.40 **Valur** og **Haukar** mætast í Valsheimilinu í úrslitakeppni DHL-deildar kvenna í handbolta.
- 21.00 **KR** og **Stjarnan** mætast í Egilshöll í A-deild deildarbikars kvenna í fótbolta.

### SJÓNVARP

- 07.00 **Olíssport** á Sýn. Endurtekinn þáttur.
- 07.30 **Olíssport** á Sýn. Endurtekinn þáttur.
- 08.00 **Olíssport** á Sýn. Endurtekinn þáttur.
- 08.30 **Olíssport** á Sýn. Endurtekinn þáttur.
- 14.15 **Olíssport** á Sýn. Endurtekinn þáttur.
- 15.30 **Stjörnuleikur FIBA** á Sýn. Bein útsending frá **Stjörnuleik FIBA** sem fram fer á Kýpur.
- 16.45 **Handboltakvöld** á RÚV. Endurtekinn þáttur.
- 18.00 **Fótbolti um víða veröld** á Sýn.
- 18.30 **UEFA-bikarinn í fótbolta** á Sýn. Bein útsending frá leik **Sporting Lissabon** og **Newcastle** í átta liða úrslitum UEFA-bikarsins í fótbolta.
- 19.40 **DHL-deildin í handbolta** á RÚV. Bein útsending frá leik **Stjörnunnar** og **ÍBV** í úrslitakeppni DHL-deildar kvenna í handbolta.
- 21.05 **Þú ert í beinni!** á Sýn.
- 22.00 **Olíssport** á Sýn.
- 23.15 **Stjörnuleikur FIBA** á Sýn. Útsending frá **Stjörnuleik FIBA** sem fram fór á Kýpur.
- 23.15 **Þú ert í beinni!** á Sýn. Endurtekinn þáttur.
- 00.15 **Boltinn með Guðna Bergs** á Sýn. Endurtekinn þáttur.

Benedikt Guðmundsson fagnaði því að Jón Arnór Stefánsson skyldi hafa verið valinn í Stjörnuleik FIBA:

# Mikil viðurkenning fyrir Jón Arnór

**KÖRFUBOLTI** Körfuknattleiksmanninum Jóni Arnóri Stefánssyni hjá Dynamo St. Petersburg í Rússlandi hlotnaðist á dögunum sá mikli heiður að vera valinn í Stjörnuleik FIBA Europe sem fram fer á Kýpur í dag.

Jón komst á spjöld sögunnar þegar hann var á mála hjá Dallas Mavericks í hinni víðfrægu NBA-deild í Bandaríkjunum fyrir tveimur árum síðan en er nú að brjóta blað í sögu íslenskra körfuknattleiksmanna, því aldrei áður hefur Íslendingur náð þeim árangri að vera valinn í Stjörnuleik FIBA Europe. Jón er einn þeirra bakvarða sem valinn var í úrval Evrópubúa en liðið mætir úrvali erlendra leikmanna í Stjörnuleiknum.

Jón Arnór er fyrrum lærisveinn Benedikts Guðmundssonar, núverandi þjálfara Fjölnis í Intersportdeildinni, en Benedikt var mjög spenntur fyrir afreki Jóns. „Hann er ekki að keppa við dónalega menn enda mikið af stórum nöfnum sem leika í Evrópu sem hafa t.d. verið að banka upp á NBA-dyrnar,“ sagði Benedikt. „Þetta er mjög mikil viðurkenning fyrir Jón og hans mesta afrek í vetur.“

Varðandi framtíð Jóns sagðist Benedikt ekki eiga von á að kappinn myndi fara í NBA á ný nema að þar biði hans hlutverk sem hann gæti sætt sig við. „Chicago Bulls sýndi honum áhuga áður en hann sagði skilið við Dallas og þá er Don Nelson ennþá áhugasamur um að fá hann til sín á nýjan leik. Jón mun þó ekki fara nema að hann fái að spila. Hann myndi eflaust sætta sig við að vera annar leikstjórnandi einhvers liðs. Hann hefur það mjög gott í St. Pétursborg og þetta snýst náttúrulega ekki bara um peninga. Menn vilja að sjálfsögðu spila,“ sagði Benedikt. Stjörnuleikur FIBA er í beinni útsendingu á Sýn.

smari@frettabladid.is



**JÓN ARNÓR STEFÁNSSON, LEIKMAÐUR DYNAMO ST. PETERSBURG** Leikur með Evrópuúrvalinu í dag í Stjörnuleik FIBA Europe.















## STUÐ MILLI STRÍÐA : Fjölgun kanína

**SVANBORG SIGMARSDÓTTIR** ER EKKI HALDIN RÓMANTÍSKUM RANGHUGMYNDUM UM GÆLUDÝR.



MYND: HELGI SIGURÐSSON

Nýlega var í Fréttablaðinu frétt um hið mikla kanínuvandamál í Vestmannaeyjum. Ef ég man rétt voru svipaðar fréttir úr Öskjuhlíðinni í fyrra eða hitteðfyrra. Vandamálið var fólk sem hélt að kanínur væru sæt gæludýr. Nennti svo ekki að eiga þær og sleppti þeim því lausum í Öskjuhlíðinni.

Þetta var örugglega svona „Free Willy“ stund, þar sem fyrrverandi eigendur héldu að þeir væru að gera þessum gæludýrum sínum eitthvað gott. Leyfa þeim að lifa frjálsum í náttúrunni, þar sem þau lifa hamingjusöm að eilífu. Eitthvert svoleiðis bull.

Við háskólann þar sem ég var við nám í Bretlandi var nokkuð stór garður. Á vorin þegar allt fór að blómstra lifnaði umhverfið við. Kanínur stökkvandi um. Og svo komu ungarnir. Undarlegt nokk, kanínurnar nefnilega fjölguðu sér eins og kanínur. Ungarnir voru ofboðslega sætir og litlir. Svona fyrst. Dóttir mín var líka ofboðslega sæt, þegar hún var á þriðja ári að hlaupa á eftir kanínuungunum og reyndi að stinga þeim í vasann. Hún náði reyndar aldrei neinum. En þetta var ofboðslega sætt.

Svo urðu kanínurnar eldri og fóru að drepast. Hin opinbera skýring var sú að þær þjáðust af einhverju sem hét myosis. Afleiðingin var að minnsta kosti sú að kanínurnar urðu blindar og drápust úr hungri. Síðan lágu hræin úti um allt. Það var reyndar sterkur orðrómur uppi um að skólayfirvöld væru að eitra fyrir kanínunum. Ekki það að nokkur myndi undrast slíkar aðgerðir (utan ein erlend kunningjakona mín sem varð fyrir sterkum áhrifum af bíómyndinni *Babe*), en skólayfirvöld þrættu fyrir þetta á hverju ári.

Eftir að hafa lifað við þessa offjölgun kanína í nokkur ár finnst mér þær ekkert rosalega sætar lengur. Því mun ekki leggja leið mína út í Eyjar til að reyna að bjarga þeim frá bæjaryfirvöldum. ■

# myndasögur

## PONDUS

Eftir Frode Överli




## GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## PÚ OG PA

Eftir SÖB




## KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell



## BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott











**EGILL OG DROTTNINGIN**
Fyrstu tónleikar Stuðmanna eftir Bretlandsför þeirra um páskana verður í Festi í Grindavík á laugardag.

# Stuðmenn í Festi

Fyrstu tónleikar Stuðmanna og Hildar Völu Idolstjörnu verða í Festi í Grindavík á laugardaginn. Egill Ólafsson, söngvari Stuðmanna, er væntanlegur til landsins aðfaranótt föstudags en hann hefur verið í spænskunámi í Madríd síðustu vikur.

Svo skemmtilega vill til að Stuðmenn komu fyrst opinberlega fram í Festi fyrir þrjátíu árum þegar Tómas Tómasson, oftast kenndur við Tommaborgara, rak staðinn. Um tólf hundruð manns mættu á ballið en þá var platan Sumar á Sýrlandi nýkomin út. Sú plata kom Stuðmönnum á kortið.

Hildur Vala kom, sá og sigraði í Idol-stjörnuleit. Henni er ætlað að fylla skarð Ragnhildar Gísladóttur sem hefur sagt skilið við Stuðmenn að sinni þar sem hún ætlar að sinna öðrum verkefnum. ■




SUBARU
MEÐ HUGANN VIÐ AKSTURINN

LEGACY
Subaru Legacy Wagon sjálfskiptur
Verð áður 2.790.000
Verð nú 2.460.000
Verð á mán 29.447,-*





FORESTER
Subaru Forester sjálfskiptur
Verð áður 2.750.000
Verð nú 2.450.000
Verð á mán 29.328,-*

IMPREZA
Subaru Impreza Sedan sjálfskiptur
Verð áður 2.250.000
Verð nú 2.065.000
Verð á mán 24.741,-*





OUTBACK
Subaru Outback 2,5 sjálfskiptur
Verð áður 3.680.000
Verð nú 3.360.000
Verð á mán 40.169,-*

Subaru Outback 3,0 sjálfskiptur
Verð nú 4.190.000

ÓTVÍRÆÐIR YFIRBURÐIR

**Gerðu fyrst gæðasamanburð.** Aldrifið er sannkallað listaverk – lárétt Boxer vél og fullkomin fjórhjóladrifstækni tryggja hámarks rásfestu og veggrip á öllum hjólum. Jafnvægið ræður ríkjum og Subaru er einfaldlega engu líkur.




**Svo skaltu gera verðsamanburð.** Athugaðu verðið á öðrum bílum í sama stærðarflokki. Berðu saman búnað, frágang, aksturseiginleika og reynslu við fjölbreytilegustu aðstæður. Og það skrítna er að það besta kostar ekki mest, heldur einna minnst!

*Bílasamningur með 20% innborgun og eftirstöðvar í 84 mánuði.

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Hrísmýri 2a**<br>800 Selfossi<br>482-3100 | **Eyrarlandi 1**<br>530 Hvammstanga<br>451-2230 | **Sæmundargötu 3**<br>550 Sauðárkróki<br>453-5141 | **Holtsgötu 52**<br>260 Njarðvík<br>421-8808 | **Dalbraut 2b**<br>300 Akranesi<br>431-1376 | **Víkurbraut 4**<br>780 Höfn í Hornafirði<br>478-1990 | **Búðareyri 33**<br>730 Reyðarfjörður<br>474-1453 | **Sindragötu 3**<br>400 Ísafjörður<br>456-4540 | **Óseyri 5**<br>603 Akureyri<br>461-2960 |

GÆÐAVARA Á BETRA VERÐI!









MICHELIN
BFGoodrich
DEKKJA LAGERINN
LEIÐANDI Í LÆGRA DEKKJAVERÐI
755 3355

| | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| DEKKJA LAGERINN | DEKKJA LAGERINN | DEKKJA LAGERINN | DEKKJA LAGERINN | DEKKJA LAGERINN | DEKKJA LAGERINN | DEKKJA LAGERINN | DEKKJA LAGERINN | DEKKJA LAGERINN | DEKKJA LAGERINN | DEKKJA LAGERINN |
| Skeifunni 3c<br>108 Reykjavík | Viðarhöfða 6<br>110 Reykjavík | Smiðjuvegur 6<br>200 Kópavogi | Melabraut 24<br>220 Hafnarfirði | Iðavöllum 8<br>230 Keflavík | Flugumýri 16<br>270 Mosfellsbæ | Sólbakka 8<br>310 Borgarnesi | Njarðarnesi 1<br>603 Akureyri | Miðási 23<br>700 Egilsstöðum | Víkurbraut 4<br>780 Höfn | Gagnheiði 13<br>800 Selfossi |

VEITINGASTAÐURINN KAFFITÁR

# Litríkur og lifandi



**Hver og hvar:** Kaffitár, Bankastræti 8, 101 Reykjavík.

**Hvernig er stemmningin:** Það er alltaf gott að koma á Kaffitár, alveg sama hvort það er klukkan átta á morgnana eða síðdegis. Á morgnana er mjög góð stemmning á Kaffitári. Sömu manneskjurnar hittast þar alla morgna vikunnar og heyra má hlátrasköll og háværar þjóðfélagsumræður af borðunum. Enn aðrir rétt skjótast inn til að taka með sér kaffi og með því. Á dögunum var Kaffitár stækkað um nánast helming. Það var þó gert án þess að breyta útlitinu á staðnum. Veggirnir eru ennþá málaðir í sömu glöðu litunum og ekkert hefur breyst nema plássið er meira. Breytingarnar eiga bara eftir að efla staðinn ef eitthvað er.

**Matseðillinn:** Kaffið spilar stærsta hlutverkið á matseðlinum og hægt er að fá allt frá „plain" uppáhellingu upp í sýrópsbætt kaffi með rjóma og öllu tilheyrandi. Einnig er boðið upp á beyglur með ýmsu meðlæti og salöt.
Miðað við hvað kaffið er frábært mætti leggja örlítið meira í meðlætið en það er ekki alveg í takt við gæði kaffisins. Þetta gerir það að verkum að margir taka kaffi með sér í götumáli og koma svo við í bakaríi á leiðinni í vinnuna.

**Vinsælast:** Kaffi Latte er ákaflega vinsæll en hann er alltaf tvöfaldur á Kaffitári. Kaffidrykkirnir Americanó, Kaffi DaVinci og Cappuccino eru líka mjög vinsælir. Hvað meðlæti varðar er ristað brauð alltaf vinsælt ásamt morgunverðarbeyglum.

**Réttur dagsins:** Það er ekki boðið upp á rétti dagsins á Kaffitári.

## ARGENTO MALBEC:
# Vonarstjarna Argentínu




Framleiðandinn Catena Zapata þykir vera ein helsta von Argentínu um að koma vínum frá þessu frábæra víngerðarlandi í fremstu röð á alþjóðavettvangi. Argentína er eitt af mestu vínframleiðslulöndum heims mælt í lítrum en hefur þó alltaf verið í skugga nágrannanna í Chile sem hafa náð meiri vinsældum alþjóðlega. Nú er trú manna að röðin sé að koma að Argentínumönnum og eru þeir nú að gera hreint út sagt mögnuð malbecvín þar sem Catena Zapata er fremst í flokki.

Catena Zapata er nú um stundir vinsælasti framleiðandi argentínskra vína á Íslandi en í Vínbúðunum selst mikið af vínunum Alamos Cabernet Sauvignon, Alamos Malbec, Alamos Chardonnay og Catena Malbec. Þau hafa fengið lofsamlega dóma í erlendum og innlendum fagtímaritum.

Nú hefur bæst nýtt vín í hóp vína frá Catena Zapata hér á landi; Argento Malbec, sem er klassískt vín úr þeirri þrúgu, vín með mikilli fyllingu og löngu unaðslegu bragði.

**Verð í Vínbúðum 1.190 kr.**



**MYNDARLEG Í ELDHÚSINU** Fjólu Maríu finnst skemmtilegast að útbúa veislumat og þá skipa borðskreytingarnar stóran sess enda er hún mikil listakona.

# Sushi-veisla á Baldursgötunni

Fjóla María Ágústsdóttir, matvælafræðingur með MBA-próf og forstöðumaður mannauðs og innra eftirlits hjá Fiskistofu, nefnir sushi þegar hún er spurð út í uppáhaldsmatinn sinn. Hún er mikill aðdáandi japanskrar menningar en hún dvaldi þar í tvær vikur í október síðastliðnum. Í þeirri ferð keypti hún sér sitthvað til japanskrar matargerðar. Sushimatargerð hentar Fjólu Maríu mjög vel því að hún er mikill fagurkeri og föndrari í eðli sínu. Skemmtilegast þykir henni að matbúa fyrir veislur og þá skipta **borðskreytingarnar** miklu máli. Hún segist nota hugmyndaflugið þegar kemur að borðskreytingum og nota allt frá **fjörusteinum** upp í glimmer. Fjóla María er þó ekki bara góð í að útbúa sushi því að vinir hennar segja hana búa til heimsins besta lambalæri. Aðspurð hvort hún sé með einhverjar sérþarfir þegar hún eldar segist hún vera að búa sér til hefð. „Síðast þegar ég eldaði sushi setti ég **japanskan disk** í spilarann sem var svo skemmtilegur. Ég á örugglega eftir að setja hann á framvegis þegar ég bý til sushi."

Til að útbúa **sushi** er nauðsynlegt að eiga smá grunn eins og góða sojasósu, wasabi, engifer, þarablöð, hrísgrjónaedik og helst hrísgrjónapott. Fjóla María segir að gott hráefni sé grundvallaratriði og að hrísgrjónin takist vel og séu bragðmikil.

**Hrísgrjón:** Best að nota ekta sushihrísgrjón og þægilegast að nota hrísgrjónapott við suðuna. Hlutfall hrísgrjóna á móti vatni ætti að vera um 3 á móti 4 og skola þarf grjónin vel áður en þau eru soðin.

Þegar hrísgrjónin eru tilbúin er best að dreifa vel úr þeim á fat og hella yfir þau legi sem gerður er úr 80 ml af **hrísgrjónaediki**, 5 tsk. af sykri, 4 tsk. sjávarsalti og smá af sake (sem má sleppa). Síðan hrært varlega saman með prjónum og viskustykki sett yfir.

Til að gæta sem mests hreinlætis þar sem unnið er með hráan fisk eru hendurnar baðaðar upp úr blöndu af hrísgrjónaediki og vatni.
Hrísgrjónin eru svo löguð í aflanga bita og/eða notuð í rúllur eða kramarhús.

Fjóla notar **laxabita** því henni finnst þeir svo góðir. Laxinn er vandlega skorinn þannig að rendurnar í fiskinum sjáist vel og biti lagður ofan á hrísgjónin. Smá af **wasabi** er sett undir laxabitann. Smálúða og túnfiskur eða rækjur eru einnig tilvalin í bita eins og laxabitana.

**Kaliforníurúlla** er einnig í uppáhaldi en þá er hrísgrjónunum þrýst á nori (þarablað) sem liggur á bambusmottu og avocado, surimi og gúrka lagðar langsum yfir. Einnig er gott að strá sesamfræjum yfir og rúllað upp og skorið í bita.

**Nigri eggjakaka** er mjög góð en þá er gott að hafa við hendina litla ferkantaða pönnu. Í hana þarf:
6 egg, 1 tsk. sojasosu, 2 msk. Mirin (hrísgrjónavín), 1 msk. sykur og smá salt. Þetta er allt þeytt saman en þó skal forðast að fá mikla froðu. Setja þarf vel af olíu á pönnuna. Eggjakakan, sem er um 8 mm að þykkt, er svo skorin í bita til að leggja ofan á hrísgrjónabitana og bundin föst með t.d. graslauk.

Bitunum er dýpt ofan í **sojasósu** sem gott er að blanda wasabi út í. Munnurinn er svo hreinsaður með að borða niðursoðið engifer á milli bita, þá nýtur maður bragðsins betur.

Með sushi er rosalega gott að drekka heitt sake eða hvítvín.




# Ruslið út á gólf

Það er ekki skylda að geyma sorp heimilisins í skápnum undir eldhúsvaskinum. Það er í raun frekar lúin hugmynd enda hvetur það hreinlega til óreglu á hlutunum. Undanfarin ár hefur borið töluvert á fallegum ruslatunnum fyrir heimilin sem eru hin mesta prýði. Verslunin Kokka selur Vipp ruslafötur sem fást í öllum heimsins litum.



Þær eru með flottri áferð og svo sannarlega prýði fyrir hvert heimili. Þar sem appelsínugulur er litur ársins væri ekki úr vegi að fjárfesta í einni slíkri inn á heimilið.

# SANTA RITA: Grösugur og góður ilmur!

Chile er elsta víngerðarland Nýja heimsins svokallaða, þ.e. víngerðarlanda utan gömlu Evrópu, en víngerð hefur verið stunduð þar frá því að Spánverjar námu þar land á 16. öld. Vín frá Chile voru einnig fyrstu Nýja heims vínin til að njóta almennra vinsælda á Íslandi. Santa Rita er einn kunnasti framleiðandi landsins og vín fyrirtækisins voru lengi meðal söluhæstu vína hérlendis en hafa verið ófáanleg í Vínbúðum um skeið. Nú hafa vínin frá Santa Rita hafið strandhögg á Íslandi að nýju og eru ellefu tegundir vínhússins fáanlegar í Vínbúðum.

Santa Rita var stofnað á 19. öld en vínkjallari hússins er sá elsti í landinu, frá 18. öld. Höfuðstöðvarnar eru í Maipodalnum, einu gjöfulasta víngerðarsvæði heims. Santa Rita er í fylkingarbrjósti í útflutningi gæðavína til Evrópu og Ameríku. Þykja vín fyrirtækisins afar hagstæð miðað við gæði og var Santa Rita m.a. útnefnt hagstæðasti vínframleiðandinn í tímaritinu Wine & Spirits árið 2002.

Santa Rita 120 vínlínan hefur sögulega tilvísun í sjálfstæðisbaráttu landsins. Snemma á 19. öld er landsmenn reyndu að komast undan ofríki spænsku krúnunnar, földu 120 hermenn uppreisnarmanna sig í kjöllurum víngerðarinnar og herjuðu þaðan á hermenn Spánarkonungs. Voru hermennirnir 120 undir stjórn hershöfðingjans Bernardo O'Higgins sem varð einn af leiðtogum landsins er það hlaut sjálfstæði.

**Santa Rita 120 Chardonnay**
Fölgult. Höfugt, þurrt, ferskt og sýruríkt með grösugum keim. Gott með fiski, hvítu kjöti, pasta og salati. Er með bestu kaupum á markaðnum að mati Morgenavisen í Danmörku. Afbragðs fordrykkur.

**Verð í Vínbúðum 1.090 kr.**



**Santa Rita 120 Merlot**
Grösugur og góður ilmur, bragðmikið, mjúkt með bökuðum sólberjakeim. 100% hreint merlot sem er gott með óformlegum mat, pasta, ostum eða eitt og sér.

**Verð í Vínbúðum 1.090 kr.**





## Skrúfutappa-byltingin

Undanfarin ár hafa skrúfutappar rutt sér til rúms í vínheiminum enda þykja þeir varðveita vínið mun betur en hinir hefðbundnu korktappar. Sumum þykir þetta þó ekki par fínt og má m.a. sjá mikið rifrildi um þetta málefni í nýjasta hefti víntímaritsins Wine Spectator. Eitt af þeim fyrirtækjum sem hafa verið áberandi í skrúfutappa-byltingunni er bandaríska vínfyrirtækið J. Lohr.



Jerry Lohr hóf vínrækt í kringum 1970 og er enn við stjórnvölinn í þessu litla fjölskyldufyrirtæki sem etur kappi við stóru risana og stendur sig bara vel í samkeppninni. Lohr er gjarnan kallaður „Eldflaugamaðurinn" hvort sem það er fyrir vínin kraftmiklu eða þá staðreynd að hann var fyrrum vísindamaður hjá NASA. Craig A. Rossier, framkvæmdastjóri hjá J. Lohr, var staddur hér á landi í vikunni en hann er mikill talsmaður skrúfutappanna.

**5-10% vína korkuð**

„Hér áður fyrr voru skrúfutapparnir merki um að vínin væru ódýr en svo er ekki lengur enda hefur þeim gæðaframleiðendum fjölgað mjög sem nota skrúfutappa í stað hefðbundnu korktappanna," segir Rossier. „Í mínum huga er það bara spurning um smekk og íhaldssemi að vilja halda í gömlu korktappana, auk þess er geysilega mikið snobb í vínheiminum og margir snobba fyrir því umstangi sem fylgir að opna flöskur með gamla laginu. En þessi þróun verður ekki stöðvuð og við munum sjá æ fleiri flöskur með skrúfutappa, það mun auðvitað enda með því að nær öll vín verða komin í þessar umbúðir. Staðreyndirnar tala sínu máli, talið er að 5 til 10% af vínflöskum séu „korkaðar", þ.e. loft hafi komist í vínið í gegnum ónýtan kork og skemmt vínið. Hvaða önnur viðskiptagrein myndi sætta sig við að 5 til 10% af vörunum væru ónýt? Það eru neytendur sem munu fella lokadóminn í þessum efnum eins og öðrum og ég held að með tímanum muni þeir sjá að skrúfutapparnir eru áreiðanlegri og veita meiri tryggingu fyrir gæðum," segir Rossier að lokum.











**Í SPILARANUM HJÁ RITSTJÓRNINNI**

**Trabant:** Emotional, **Skalpel:** Skalpel, **Gorillaz:** Demon Days, **Diplo:** Florida, **Sage Francis:** A Healthy Distrust, **Out Hud:** Let Us Never Speak of It Again

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

## Velkomin til Aberdeen!

Yfirvöld í Aberdeen í Seattle, heimabæ Kurt Cobain, rokkarans sáluga úr Nirvana, hafa bætt setningunni Come As You Are við á skilti sem býður fólk velkomið til bæjarins. Setningin er tekin úr samnefndu lagi af metsöluplötu sveitarinnar, Nevermind, sem skaut henni á stjörnuhimininn í byrjun tíunda áratugarins. Sérstök Kurt Cobain-minningarnefnd var sett á laggirnar fyrir nokkru til að heiðra minningu rokkarans víðsvegar um bæinn. Hefur hún einnig í hyggju að útbúa þar garð sem verður nefndur eftir Cobain og félagsheimili fyrir unglinga.

Að sögn Jeff Burlingame, sem situr í nefndinni, hafa fjölmargir aðdáendur Nirvana lýst yfir áhuga á að fara í pílagrímsför til Aberdeen til að skoða heimabæ goðsins. „Ég held að þetta nýja skilti verði sá staður sem verður langmest ljósmyndaður í gjörvöllum bænum," sagði Burlingame. Telur hann það vel við hæfi að skiltið skuli koma upp þegar rétt rúm tíu ár eru liðin frá sjálfsvígi Cobain, þann 5. apríl 1994.

Afi Cobains, Leland Cobain, er einnig hæstánægður með skiltið. „Mér finnst þetta góð hugmynd og það var kominn tími á þetta. Ég hef beðið lengi eftir því að sjá skiltið."



**> Plata vikunnar ...**



**NICK CAVE AND THE BAD SEEDS: B-Sides and Rarities**

*„Meistari Cave gefur út þriggja diska box, fullt af efni sem endaði ekki á þrettán breiðskífum hans af einhverjum ástæðum. Sýnir ótrúlega skarpa mynd af listamanninum og er skyldueign í safnið."* **BÖS**

**> Popptextinn ...**

*„And I don't believe in the existence of angels, but looking at you I wonder if that's true."*



-Nick Cave virðist ástfanginn upp fyrir haus í laginu Into My Arms af meistarastykkinu Boatman's Call frá 1997.

## [ SMS ]

**UM NÝJUSTU PLÖTURNAR**

**Bright Eyes: I'm Wide Awake, It's Morning**
„Undrabarnið Bright Eyes skilar af sér yndislegri plötu sem á eftir að eldast eins og vín." **BÖS**

**Queens of the Stone Age: Lullabies to Paralyze**
„Queens of the Stone Age skilar af sér stórkostlegri rokkplötu sem þeir eiga eftir að minnast á í sögubókunum. Frábær plata, frá upphafi til enda." **BÖS**

**Jennifer Lopez: Rebirth**
„Fjölmargar kynæsandi myndir á umslaginu ná því miður ekki að dreifa athyglinni frá slakri tónlistinni." **FB**

**50 Cent: The Massacre**
„50 Cent gefur aðdáendum sínum það sem þeir vilja á fylgifisk hinnar geysivinsælu Get Rich or Die Tryin'. Þetta er nánast sama kaffið, Nesquick með allt of miklum sykri. Aðdáendur verða sáttir, hinir halda áfram að hrista hausinn." **BÖS**

**Daft Punk: Human After All**
„Daft Punk náði loksins að sannfæra mig að hér séu tilfinningaríkir og skapandi menn á ferð. Bráðskemmtileg plata sem rennur þægilega í gegn frá upphafi til enda." **BÖS**

**Mercury Rev: The Secret Migration**
„The Mercury Rev hefur aldrei hljómað jafn óáhugaverð eins og á þessari nýju plötu. Það er eins og liðsmenn hafi verið knúnir áfram af einhverju allt öðru en sköpunargleði við að gera þessa plötu." **BÖS**

**Kanye West: The College Dropout**
„Frumraun Kanye West er frábær hiphop-plata. Hér er eitthvað fyrir alla. Plata sem á eftir að standast tímans tönn." **BÖS**

**Birgir Örn Steinarsson & Freyr Bjarnason**

# Kaupa glimmer í hverri borg

**Kynverurnar í hljómsveitinni Trabant senda nú frá sér nýjan disk sem ber heitið Emotional. *Borghildur Gunnarsdóttir* ræddi við Þorvald Gröndal trommuleikara um kynþokka, karlkyns aðdáendur, glimmer og gel.**

Það er eitthvað við Trabant. Þeir eru óstjórnlega kynþokkafullir á skrítinn og fyndinn hátt. Þeir fara á kostum á tónleikum, fækka fötum, spara hvorki glimmer né gel og ná að töfra stelpur jafnt sem stráka upp úr skónum. Reyndar er spurning hvort aðdáendahópinn skipi kannski aðeins fleiri strákar en stelpur. Það getur reynst erfitt að komast framarlega á Trabant tónleikum fyrir öllum strákunum sem raða sér þétt upp við sviðið, góla og emja stórhrifnir.

„Fólk er voðalega mikið að velta þessu fyrir sér núna og sérstaklega út af umslaginu. Hvort við séum að reyna eitthvað sérstaklega að höfða til homma. Við höfum reyndar tekið eftir þessu sjálfir og tölum stundum um það hvar stelpurnar séu eiginlega. Ætli þær séu ekki þarna einhvers staðar á bak við strákana. Í sambandi við umslagið höfðum við mörg af uppáhaldsumslögunum okkar til hliðsjónar og bjuggum til það sem okkur fannst henta tónlistinni," segir Þorvaldur Gröndal, trommuleikari sveitarinnar.



**TRABANT** Strákarnir halda útgáfutónleika á morgun í tilefni af útkomu disksins Emotional. Þeir eru ekki þekktir fyrir annað en stórskemmtilega tónleika með sprengjum og látum.

MYND/ARI MAGG

### Sprengjur og strípistuð

Kynþokki virðist spila mikinn þátt í tónlist sem og framkomu hljómsveitarinnar á tónleikum. Að sögn Þorvaldar gera strákarnir allt fyrir sjóið. „Það leiðinlegasta sem við getum hugsað okkur er að áhorfendur fái ekkert nema bara að hlusta á tónlistina. Við viljum gera tónleikana að meiri upplifun, vera með læti, leikrit, eitthvað til að horfa á, sprengjur og strípistuð. Raggi er líka gífurlega hugmyndaríkur strákur og mikill gjörningalistamaður og kemur með fullt af skemmtilegum hugmyndum sem við tökum fúsir þátt í. Við eigum núna ágætis poka með málningardóti og búningum. Við kaupum líka glimmer í hverri borg sem við ferðumst til," segir Þorvaldur og hlær.

### Einfaldlega poppplata

Aðspurður hvernig plata Emotional sé og hverju hlustendur megi búast við segir Þorvaldur: „Þetta er einfaldlega poppplata. Það er held ég einfaldasta lausnin. Það er náttúrlega hægt að greina alls konar áhrif í tónlistinni okkar og áhrif frá því sem við hlustum á. Tónlistin sem við hlustum á er gríðarlega mismunandi og fjölbreytt. Á plötunni má finna áhrif frá mönnum eins og Elvis, Bob Dylan, Queen og allt yfir í Prince og Michael Jackson."

Síðasta plata hljómsveitarinnar vakti mikla athygli og sérstaklega fyrir þá staðreynd að hún var tekin upp á Bessastöðum. Strákarnir völdu þó annan upptökustað í þetta sinn og að sögn Þorvaldar var það ólík upplifun. „Það að taka upp á Bessastöðum var tækifæri sem við gátum ekki sleppt. Okkur var boðið að spila þarna og ákváðum að kippa með okkur upptökutækinu. Nýju plötuna tókum við upp hér og þar. Við byrjuðum í æfingahúsnæðinu okkar í Klink og Bank, tókum svo upp í Geimsteini, komum við í Thule-stúdíóinu og fínpússuðum plötuna svo í London."

### Tónleikar á Nasa

Trabant hefur verið starfandi frá árinu 2001 en þá varð hljómsveitin til að frumkvæði Þorvaldar og Viðars Hákonar Gíslasonar bassaleikara. „Við fengum fullt af fólki með okkur og upprunalega var Úlfur Eldjárn úr Apparat með okkur. Gísli Galdur kom svo inn fyrir rúmu ári síðan og var algjör vítamínsprauta fyrir okkur. Hann er búinn að gera rosalega mikið fyrir bandið með plötuklórum, bakröddum og hljóðeffektum sínum."

Eftir útgáfutónleikana ferðast hljómsveitin til Bandaríkjanna 19. apríl þar sem þeir spila á þremur tónleikum í New York og tveimur í San Francisco. Tónleikarnir eru á morgun á Nasa og hefjast klukkan tíu. Hljómsveitin Donna Mezz hitar upp fyrir Trabant en þar er á ferðinni íslensk stúlknasveit. Aðgangseyrir er einungis 500 krónur og aldurstakmark er 20 ár. ■






## [ X-Dominoslistinn ]

*TOPP 20 LISTI X-FM - 13. APRÍL*

1. **B.Y.O.B** – System of a Down
2. **BE YOURSELF** – Audioslave
3. **BEVERLY HILLS** – Weezer
4. **THE HAND THAT FEEDS** – Nine Inch Nails
5. **DAFT PUNK IS PLAYING IN MY H..** – LCD Soundsystem
6. **LYLA** – Oasis
7. **EPRO** – Beck
8. **GOLDEN TOUCH** – Razorlight
9. **STOP THE MUSIC** – Lokbrá
10. **KING OF THE RODEO** – Kings of Leon
11. **GOODNIGHT GOODNIGHT** – Hot Hot Heat
12. **DAMN STRAIGHT** – Jan Mayen
13. **PARANOIA** – Brain Police
14. **THE WORLD AT LARGE** – Modest Mouse
15. **PROCESSED BEATS** – Kasabian
16. **C'MERE** – Interpol
17. **WORLDS APART** – And You Will Know Us b.t. Trail...
18. **WHY DO YOU LOVE ME?** – Garbage
19. **KEINE LUST** – Rammstein
20. **THE IRISH GATE KEEP CRASHING** – The Thrills

* Listanum er raðað af umsjónarmönnum stöðvarinnar



**SYSTEM OF A DOWN** Trónir á toppnum með lagið B.Y.O.B.

■ **TÓNLIST**

# Ný plata á leiðinni

Hljómsveitin Depeche Mode er byrjuð að taka upp nýja plötu, sem verður sú fyrsta með frumsömdu efni síðan Exciter kom út 2001.



**DEPECHE MODE** Hljómsveitin Depeche Mode er að vinna að nýrri plötu.

Upptökustjóri er Ben Hiller, sem nýverið tók upp plöturnar Cast of Thousands með Elbow og Some Cities með Doves. „Það er frábær tilfinning að vera komnir aftur í hljóðver og við erum mjög spenntir fyrir nýju lögunum," sagði Dave Gahan, söngvari sveitarinnar.

Nýja platan kemur í kjölfar safnplötu Depeche Mode, Remixes 81-04, sem naut töluverðra vinsælda á síðasta ári, m.a. vegna lagsins Enjoy the Silence í endurhljóðblandaðri útgáfu Mike Shinoda úr Linkin Park. ■







**Kl. 21.00**
*Djassgítarleikarinn gamalreyndi, **Jón Páll Bjarnason**, kemur fram á tónleikum djassklúbbsins Múlans á Hótel Borg í kvöld ásamt **Ástvaldi Traustasyni** píanóleikara og **Jóni Rafnssyni** bassaleikara. Þeir kalla sig Rip, Rap og Rup og flytja alþekkt úrvalslög.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Nokkuð rokkað á köflum

Saxófónleikarinn Andrew D'Angelo er kominn til landsins ásamt tríói sínu, sem heitir Morthana. Með honum spila tveir ungir Norðmenn, þeir Anders Hana á gítar og Morten Olsen á trommur.

Þeir gerðu góða lukku í gær í versluninni 12 Tónum við Skólavörðustíg, þegar þeir héldu þar stutta tónleika síðdegis. Í kvöld mæta þeir síðan á sviðinu í Pravda við Lækjartorg, og draga þá hvergi af sér.

„Þeir spila mikið impróviseraða músík. Þetta eru töluvert mikil læti og nokkuð rokkað á köflum," segir Hilmar Jensson gítarleikari, sem hefur þekkt saxófónleikarann í meira en áratug.

„Hann hefur margoft komið hingað heim að spila með mér, ýmist inn á diska eða á tónleikum."

Tríóið er að ljúka tveggja vikna tónleikaferðalagi um Evrópu og eru að fylgja eftir disk sínum, sem nefnist Morthana. Þetta er



þriðji diskurinn sem tríóið sendir frá sér, en sá fyrsti sem kemur út hjá virtu forlagi. Fyrstu tvo diskana gáfu þeir út sjálfir í minna upplagi.

## EKKI MISSA AF…

… **Kjarvalssýningunni** á Kjarvalsstöðum sem lýkur á sunnudaginn, en þá verður í fyrsta sinn um langt árabil gert nokkurra mánaða hlé á sýningu á verkum Jóhannesar Kjarvals í safninu. Næsta sýning á verkum Kjarvals verður opnuð á Kjarvalsstöðum 15. október.

… afmælissýningu Íslandsdeildar **Amnesty International** í Ráðhúsi Reykjavíkur. Deildin hefur starfað í 30 ár og átt þátt í að frelsa fjölda einstaklinga úr fangelsum víða um heim.

… tveimur fyrirlestrum franska stjórnmálaheimspekingsins **Blandine Kriegel** í dag. Klukkan 17.15 flytur hún fyrirlestur í hátíðarsal Háskóla Íslands um stefnu Frakka í trúmálum, á ráðstefnu, sem haldið er til heiðurs **Vigdísi Finnbogadóttur**. Klukkan 20.30 flytur hún síðan annan fyrirlestur um lærifóður sinn, heimspekinginn **Michel Foucault**, í húsakynnum Alliance Francaise að Tryggvagötu 8.


**KODDAMAÐURINN SAFARÍKT SAKAMÁLALEIKRIT!**

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

■ **Stóra sviðið kl. 20.00**

**MÝRARLJÓS** - *Marina Carr*
Fös. 15/4 **nokkur sæti laus**, fim. 28/4 **nokkur sæti laus**.
**Sýningum fer fækkandi.**

**EDITH PIAF** - *Sigurður Pálsson*
Lau. 16/4 **uppselt**, lau. 23/4 **uppselt**, lau. 30/4 **uppselt**, lau. 7/5 **örfá sæti laus**, fim. 12/5 **örfá sæti laus**, fös. 13/5 **örfá sæti laus**.

**KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR** - *Ævintýraheimur H.C. Andersen. Ármann Guðmundsson, Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason.*
Sun. 17/4 kl. 14:00 **örfá sæti laus** og kl. 17:00 **örfá sæti laus**, sun. 24/4 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 1/5 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 8/5 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 22/5 kl. 14:00 **nokkur sæti laus**.

■ **Smíðaverkstæðið kl. 20.00**

**GRJÓTHARÐIR** - *Hávar Sigurjónsson*
Í kvöld fim. 14/4 **uppselt**, fös. 15/4 **örfá sæti laus**, fim. 21/4 **nokkur sæti laus**, fös. 29/4. Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!

■ **Litla sviðið kl. 20.00**

**KODDAMAÐURINN** - *Martin McDonagh*
Í kvöld fim. 14/4 **uppselt**, sun. 17/4 **uppselt**, fim. 21/4 **uppselt**, fös. 22/4 **nokkur sæti laus**, fös. 29/4 **örfá sæti laus**. Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin! Sýningin hentar ekki viðkvæmu fólki og börnum.

Miðasölusími: **551 1200** Netfang: **midasala@leikhusid.is** Veffang: **www.leikhusid.is**
Opið kl. **12:30-18:00** mán.-þri. Aðra daga kl. **12:30-20:00**. Símapantanir frá kl. **10:00** virka daga.
**Þjóðleikhúsið sími 551-1200**



**BORGARLEIKHÚSIÐ**
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

***STÓRA SVIÐ***

**DRAUMLEIKUR**
*e. Strindberg. Samstarf: Leiklistardeild LHÍ.*
Í kvöld kl 20, Su 24/4 kl 20,
Fi 28/4 kl 20 - **UPPSELT,**
***Síðustu sýningar***

**HÍBÝLI VINDANNA**
*leikgerð Bjarna Jónssonar eftir vesturfarasögum Böðvars Guðmundssonar*
Lau 16/4 kl 20, Su 17/4 kl 20, Fi 21/4 kl 20,
Fö 22/4 kl 20, Lau 30/4 kl 20
- ***Fáar sýningar eftir***

**HÉRI HÉRASON**
*e. Coline Serreau*
Lau 23/4 kl 20, Fö 29/4 kl 20

**KALLI Á ÞAKINU**
*e. Astrid Lindgren*
*Í samstarfi við Á þakinu*
Aðalæfing Mi 20/4 kl 18 - **kr. 1.350,-**
Frumsýning Fi 21/4 kl 14 - **UPPSELT,**
Lau 23/4 kl 14, Su 24/4 kl 14, Su 1/5 kl 14
Su 1/5 kl 17

**Börn 12 ára og yngri fá frítt í Borgarleikhúsið í fylgd fullorðinna**
- gildir ekki á barnasýningar

***NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ/ÞRIÐJA HÆÐIN***

**TERRORISMI**
*e. Presnyakov bræður*
Aðalæfing í kvöld kl 20 - **kr. 1.000,-**
Frumsýning Fö 15/4 kl 20 - **UPPSELT,**
Mi 20/4 kl 20, Fi 28/4 kl 20

**SEGÐU MÉR ALLT**
*e. Kristínu Ómarsdóttur*
Su 17/4 kl. 20, Lau 23/4
***Síðustu sýningar***

**AUSA eftir Lee Hall**
*Í samstarfi við LA.*
Fi 21/4 kl 20 - ***Síðasta sýning***
- ***Ath: Miðaverð kr. 1.500***

**ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR**
*Einleikur Eddu Björgvinsdóttur.*
Í kvöld kl 20 - **UPPS.,** Fö 15/4 kl 20 **,**
Lau 16/4 kl 20, - **UPPS.,** Su 17/4 kl 20, - **UPPS.,**
Mi 20/4 kl. 20 - **UPPS.,** Fi 21/4 kl 20 - **UPPS.,**
Fö 22/4 kl 20 - **UPPS.,** Lau 23/4 kl 20 - **UPPS.,**
Su 24/4 kl 20 -**UPPS.,** Lau 29/4 kl 20 - **UPPS.,**
Lau 30/4 kl 20 - **UPPS.,** Su 1/5 kl 20 - **UPPS.,**

**SVIK**
*eftir Harold Pinter*
*Samstarf: Á SENUNNI,SÖGN ehf. og LA*
Su 24/4 kl 20, Fi 28/4 kl 20 - ***Aukasýningar***

**RIÐIÐ INN Í SÓLARLAGIÐ**
*e. Önnu Reynolds.*
*Í samstarfi við leikhópinn KLÁUS.*
Fö 15/4 kl 20, Lau 16/4 kl 20
Fö 22/4 kl 20, Lau 23/4 kl 20

**AUGNABLIKIÐ FANGAÐ**

**DANSLEIKHÚSIÐ**
*fjögur tímabundin dansverk*
Fi 21/4 kl 19:09 **Frumsýning**
Su 24/4 kl 19:09, Su 1/5 kl 19:09
***Aðeins þessar 3 sýningar***

**Miðasölusími 568 8000 • midasala@borgarleikhus.is**
Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is
Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:
10-18 mánudaga og þriðjudaga, 10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga
12-20 laugardaga og sunnudaga




FRÉTTABLAÐIÐ/VILLI

**DAÐI KOLBEINSSON** Spilaði óbókonsert Mozarts með Sinfóníunni fyrir fimm árum, en í kvöld er komið að öðru helsta stórvirki óbókmenntanna, sem er óbókonsert Richards Strauss.

# Má helst ekki anda

Daði Kolbeinsson óbóleikari sér engan veginn eftir því að hafa flutt til Íslands árið 1973 frá Skotlandi, þar sem hann fæddist og ólst upp. Hér hefur hann unað hag sínum vel, leikið á óbó og englahorn með Sinfóníuhljómsveit Íslands og komið fram með ýmsum tónlistarhópum, oft sem einleikari.

„Ég kom hingað daginn eftir Vestmannaeyjagosið. Það var neyðarástand, óbóleikara vantaði vegna veikinda og ég var kallaður frá London. Ég var reyndar ekki búinn í skólanum, en maður segir aldrei nei við atvinnutilboði sem hljóðfæraleikari. Svo festi ég hér einhvern veginn rætur."

Í kvöld leikur Daði einleik með Sinfóníunni á tónleikum í Háskólabíói. Fluttur verður óbókonsert eftir Richard Strauss, sem er eitt af tveimur helstu stórverkum gjörvallra tónbókmenntanna, við hliðina á Óbókonserti Mozarts sem Daði flutti einnig með Sinfóníunni fyrir fimm árum.

„Fyrir tíu árum hefði mér ekki dottið í hug að ég myndi fyrst spila Mozartkonsertinn og svo fá líka að spila Strauss. Maður er bara mjög þakklátur, því það eru ekki allir óbóleikarar sem fá tækifæri til að spila Strauss. Maður æfir þetta í skólanum en síðan yfirleitt ekki meir."

Verkið er hreint ekki auðvelt viðureignar fyrir óbóleikarann og væri vafalaust flutt oftar á tónleikum ef það gerði ekki svona miklar kröfur til einleikarans.

„Richard Strauss var mikið fyrir langar laglínur sem aldrei taka enda, og það skapar náttúrlega vandamál því maður þarf að anda stundum. Maður þarf mikið úthald til að spila þetta."

Daði hefur stundað gönguferðir grimmt síðustu vikurnar til að halda sér í formi, og brá sér í skíðagöngu upp á Kjöl í marsbyrjun.

„En þótt þetta sé erfitt er þetta alveg gullfalleg tónlist. Strauss samdi þetta rétt áður en hann dó, um svipað leyti og hann samdi síðustu fjóra söngvana sem margir telja með fegurstu sönglist sem samin hefur verið."

Á tónleikunum í kvöld flytur hljómsveitin einnig Sinfóníu nr. 1 eftir Johannes Brahms og frumflutt verður nýtt verk eftir Pál P. Pálsson. Stjórnandi verður Mathias Bamert.

Tónleikarnir hefjast klukkan 19.30, en klukkan 18 hefst samverustund Vinafélags Sinfóníuhljómsveitarinnar í Sunnusal Hótels Sögu þar sem Árni Ingólfsson tónlistarfræðingur fjallar um verkin sem leikin verða. ■

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

APRÍL

11 12 13 **14** 15 16 17

**Fimmtudagur**

### TÓNLEIKAR

☐ 19.30 **Daði Kolbeinsson** óbóleikari leikur einleik með **Sinfóníuhljómsveit Íslands** í Óbókonsert eftir Richard Strauss á tónleikum kvöldsins í Háskólabíói. Hljómsveitin frumflytur einnig nýtt verk eftir **Pál P. Pálsson** og flytur enn fremur Sinfóníu nr. 1 eftir Johannes Brahms. Stjórnandi er Mathias Bamert.

☐ 20.30 **Kammerkór Konunglega tónlistarháskólans í Stokkhólmi** kemur fram á tónleikum í Reykholtskirkju ásamt **Kammerkór Vesturlands**.

☐ 21.00 **Náttúruvaktin** efnir til tónleika á Gauki á Stöng þar sem fram koma Brylli, Jeff Who?, Lights on the Highway, Dikta, Lokbrá **og** Jan Mayen.

☐ 21.00 Tríóið **Rip, Rap og Rup** spilar djass á Múlanum, í gyllta salnum á Hótel Borg. Hljómsveitina skipa **Ástvaldur Traustason** á píanó, **Jón Páll Bjarnason** á gítar og **Jón Rafnsson** á kontrabassa.

☐ 22.00 **Sessý & Sjonni** efna til tónleika á **Lukku Láka í Grindavík** fimmtudaginn 14. apríl. Tónleikarnir hefjast klukkan 22:00 - verð kr. 700.-

☐ 22.00 **Wilma Young**, fiðluleikari frá Hjaltlandseyjum, og **Carole McCormick**, píanóleikari frá Skotlandi, ætla að trylla gesti á Café Rosenberg. Þær eru jafnvígar á klassík og djass að ógleymdri þjóðlagamúsíkinni frá þeirra heimaslóðum.

☐ 22.00 Bandaríski saxófónleikarinn **Andrew D'Angelo** lýkur tónleikaferð sinni um Evrópu með tónleikum á Pravda. Með honum leika tveir ungir Norðmenn, þeir **Anders Hana** á gítar og **Morten Olsen** á trommur. Tríóið kallar sig **Morthana**.

### OPNANIR

☐ 14.00 **Stefán T. Hjaltalín** sýnir akrílmyndir og fleiri listmuni í Menningarsalnum á fyrstu hæð Hrafnistu í Hafnarfirði.

### SKEMMTANIR

☐ 20.00 **Konukvöld** í Sjallanum á Akureyri. **Helga Braga** stjórnar kvöldinu og verður með uppistand.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.






**CHRISTOPH FIELDER OG TRYGVE SVENSSON** Norðmaður og Svíi könnuðu pólitíska afstöðu listamanna og almennings í Bandaríkjunum.

# Pólitísk list

Í dag verður opnuð í Klink og Bank sýningin America vs. America, þar sem dregin er upp svolítið önnur mynd af Bandaríkjunum en menn eiga kannski að venjast.

Sýningin samanstendur meðal annars af veggspjöldum, fánum, blöðum, teiknimyndum, vídeólist og heimildamyndum sem flokkast undir pólitíska list eða ádeilu.

Tveir norrænir listamenn, Christoph Fielder og Trygve Svensson, héldu til Bandaríkjanna síðastliðið haust og voru þar í kringum forsetakosningarnar 2004 þar sem þeir tóku viðtöl og söfnuðu að sér efni fyrir sýninguna.

Einnig á listamaðurinn Kyle Goen frá New York verk á sýningunni og sömuleiðis sýnir Marcus Hicks frá New York eins manns sýninguna „Mumia“.

Sýningin er frumsýnd í Reykjavík en verður síðar sýnd í Osló, Björgvin, Stokkhólmi, Gautaborg og víðar. ■


**Tenórinn**
Vegna fjölda áskorana verða tvær aukasýningar
Föstudaginn 15. apríl kl. 20 - Uppselt
Laugardaginn 23. apríl kl. 20 - Örfá sæti
IÐNÓ Miðasala í síma 562 9700 www.idno.is

**Milonga**
Laugardagskvöldið 16. apríl kl. 21-01
Tangótríóið Custa Arribas frá Buenos Aires leikur.
Hany og Bryndís sýna.
Tjarnarbakkinn restaurant

**KRINGLUKRÁIN UM HELGINA**
• Fjölbreyttur sérréttamatseðill öll kvöld vikunnar
• Tilboðsmatseðill fyrir Leikhúsgesti
• Hópamatseðill
• Sérsalur fyrir hópa
Borðapantanir í síma 568-0878
Hinir einu sönnu **Pónik og Einar** um helgina
www.kringlukrain.is

**Apótekarinn** eftir Haydn
Óperustúdíó Listaháskóla Íslands og Íslensku óperunnar
29. apríl kl. 20 - **Frumsýning**
1. maí kl. 20 - 2. sýn - 3. maí kl. 20 - 3. sýn
8. maí kl. 20 - 4. sýn - 10. maí kl. 20 - 5. sýn - **Lokasýning**
**Ath. Aðgangur ókeypis**
www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200** | ÍSLENSKA ÓPERAN
Íslenska óperan v/Ingólfsstræti Pósthólf 1416 - 121 Reykjavík Sími: 511 6400

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Fimmtudagur | 21. apríl | FRUMSÝNING | kl. 14.00 | |
| - Sumardagurinn fyrsti | | | | |
| Laugardagur | 23. apríl | 2. sýning | kl. 14.00 | |
| Sunnudagur | 24. apríl | 3. sýning | kl. 14.00 | |
| Sunnudagur | 1. mai | 4. sýning | kl. 17.00 | |
| Sunnudagur | 1. mai | 5. sýning | kl. 14.00 | |
| Fimmtudagur | 5. maí | 6. sýning | kl. 14.00 | |
| - Uppstigningardagur | | | | |
| Laugardagur | 7. mai | 7. sýning | kl. 14.00 | |
| Sunnudagur | 8. mai | 8. sýning | kl. 14.00 | |

Sýnt í Borgarleikhúsinu!
**MIÐASALAN** hefst **1. apríl** á **www.borgarleikhus.is** og í síma **568 8000**
Sveppi er KALLI Á ÞAKINU Eftir Astrid Lindgren










**Áhrif reykinga á tannheilsuna og úrræði tannlækna**

Grand Hótel Reykjavík, laugardaginn 16. apríl 2005

**Tannlæknafélag Íslands efnir til málþings á Grand Hótel Reykjavík, laugardaginn 16. apríl klukkan 9.30-13.00, undir yfirskriftinni „Áhrif reykinga á tannheilsuna og úrræði tannlækna".**

Dagskrá

**09.30 Morgunverður.**
**10.00 Setning.** Heimir Sindrason, formaður Tannlæknafélags Íslands.
**10.10 Hvað gerist í munnholi við reykingar?** Sigurjón Arnlaugsson, sérfræðingur í tannholdssjúkdómum og lektor við tannlæknadeild HÍ.
**10.25 Reykingar og tannheilsa – hvað segja rannsóknir?** Dr. Helga Ágústsdóttir tannlæknir.
**10.40 Það er ekkert mál að hætta!** Valgeir Skagfjörð leikari.
**11.00 Reykingar og hjartasjúkdómar.** Gunnar Sigurðsson læknir.
**11.15 Kaffihlé.**
**11.40 Reykingar og krabbamein í munni.** Hannes Hjartarson læknir.
**11.55 Að hætta að reykja – en ekki á hnefanum!** Þorsteinn Blöndal lungnasérfræðingur.
**12.15 Úrræði tannlækna vegna reykskemmda.** Ingólfur Eldjárn tannlæknir.
**12.30 Fyrirspurnir og umræður.**
**13.00 Fundarlok.**

**Fundarstjóri:** Brynja Þorgeirsdóttir fréttamaður.

Málþingið er öllum opið og er aðgangur ókeypis. Sætafjöldi er takmarkaður og því þarf að tilkynna þátttöku til Tannlæknafélags Íslands í síðasta lagi á hádegi föstudaginn 15. apríl í síma 575 0500 eða með því að senda tölvupóst á netfangið tannsi@tannsi.is. Sjá heimasíðu TFÍ, www.tannlaeknar.is.

Nicotinell Colgate Tannanna vegna
AP almannatengsl / H2 hönnun

NASA
FÖSTUD. 15. 04. '05
TRABANT
ÚTGÁFUTÓNLEIKAR
HÚSIÐ OPNAR KL. 23.00
MIÐAVERÐ 500 KR.
LAUGARD. 16. 04. '05
PAPAR
GLEÐI, GLEÐI, GLEÐI!!!
HÚSIÐ OPNAR KL. 23.00
MIÐAVERÐ 1000 KR.
GUS GUS
SÍÐASTA VETRARDAG, MIÐV.DAG 20.04.
NÁNARI UPPLÝSINGAR
NASA.IS
ÞAR SEM ÍSLENDINGUM FINNST SKEMMTILEGAST AÐ DJAMMA
PRIMUS MOTOR CO.










# Magnaðir snilldartaktar

**[ KVIKMYNDIR ]**

**UMFJÖLLUN**

Tang-veldið er að fjara út á því herrans ári 859 en valdhafarnir gera samt allt sem í þeirra valdi stendur til að halda áhrifum sínum og siga útsendurum sínum á uppreisnarhópa af mikilli hörku. Andspyrnuhreyfingin sem kennir sig við Hús hinna fljúgandi rýtinga er stjórnvöldum sérstaklega óþægur ljár í þúfu og mikið kapp er lagt á að hafa hendur í hári nýs leiðtoga hópsins.

Tveir stjórnarhermenn, Leo og hinn lífsglaði og kvensami Jin, telja víst að blinda dansmærin Mei geti vísað þeim á höfuðstöðvar fljúgandi rýtinganna og Jin frelsar stúlkuna því úr fangelsi til að vinna traust hennar í von um að hún komi honum á spor uppreisnarmannanna.

Það er hins vegar ekkert sem sýnist og varla óhætt að hafa fleiri orð um söguþráð þessarar frábæru hasarmyndar sem er fullkominn jafningi Crouching Tiger, Hidden Dragon og ber höfuð og herðar yfir allt sem maður hefur séð frá Hollywood í þessari deild.

Sagan er marglaga en flækjan, svikin og tilkomumiklir bardagarnir hverfast um firnasterka ástarsögu og átakanlegan ástarþríhyrning sem verður ekki leystur öðruvísi en með blóðsúthellingum. Það má segja að þetta sé tilbrigði við gamalkunnugt Rómeó og Júlíu-stef en dramatíkin í ástarsamböndunum er litlu minni en hjá Shakespeare og það sem gerir þetta svo enn betra í þessari mynd er að undir öllu kraumar bullandi erótík sem er útfærð ákaflega smekklega. Þá spillir ekki fyrir að hér, rétt eins og í Crouching Tiger og öðrum asískum myndum í þessum dúr, eru kvenpersónurnar firnasterkar. Þetta eru alvöru valkyrjur sem karlpeningurinn fer ekki millimetra með.

Myndin er ofboðslega falleg, frábærlega tekin og tökustaðirnir hver öðrum fallegri. Sömu sögu er að segja af kínversku leikurunum, sem eru svo fallegir að mann langar til að éta þá.

Öll þessi snilld er svo toppuð með brjáluðustu bardagaatriðum sem sést hafa á hvíta tjaldinu. Maður er hreinlega agndofa yfir snilldartöktunum sem tækni- og tökufólk sýnir í Shi mian mai fu. Það sem fyrir augu ber í sumum atriðum er töfrum líkast þannig að The Matrix fölnar í samanburðinum. Þeir kunna þetta sko í Kína og þessi mynd er í senn dásamleg og alveg gersamlega, brjálæðislega góð.

**Þórarinn Þórarinsson**



**SHI MIAN MAI FU**
**(House of Flying Daggers)**
SÝND Á IIFF 2005 KVIKMYNDAHÁTÍÐINNI
**LEIKSTJÓRI:** YIMOU ZHANG
**AÐALHLUTVERK:** TAKESHI KANESHIRO, ANDY LAU, ZIYI ZHANG

**NIÐURSTAÐA:** Það sem fyrir augu ber í sumum atriðum er töfrum líkast þannig að The Matrix fölnar í samanburðinum. Þeir kunna þetta sko í Kína og þessi mynd er í senn dásamleg og alveg gersamlega, brjálæðislega góð.







## TÓNLIST



**BRITNEY OG KEVIN** Britney Spears hefur loksins viðurkennt að hún sé ófrísk.

# Britney á von á barni

Poppprinsessan Britney Spears hefur staðfest þrálátan orðróm um að hún sé ófrísk. „Það er loksins kominn tími til að segja þær yndislegu fréttir að við eigum von á okkar fyrsta barni saman," sagði Britney á heimasíðu sinni.

Ekki kemur þar fram hversu langt hún er komin á leið en talið er að um þrjá mánuði sé að ræða. „Það hafa borist fregnir af því að ég hafi farið á sjúkrahús. Ég og Kevin viljum sannfæra fólk um að allt gangi vel hjá okkur. Takk fyrir stuðninginn," sagði Britney.

Britney, sem er 23 ára, hafði áður neitað því að vera ófrísk þrátt fyrir að ljósmyndir hafi verið teknar henni með stærra mitti en vanalega. Eiginmaður hennar Kevin, sem er 27 ára, á tvö börn með fyrrum kærustu sinni Shar Jackson. ■




## ÁLFABAKKI

| | | |
|---|---|---|
| BOOGEYMAN | KL. 6-8-10 | B.I. 16 |
| SVAMPUR SVEINSSON ísl. tal | KL. 4-6 | |
| SVAMPUR SVEINSSON enskt tal | KL. 4-6-8-10.10 | |
| THE PACIFIER | KL. 4-6-8-10.10 | |
| THE PACIFIER VIP | KL. 8-10.10 | |
| LIFE & DEATH OF PETER SELLERS | KL. 8 | |
| LIFE & DEATH OF PETER SELLERS VIP | KL. 5.30 | |
| MISS CONGENIALITY 2 | KL. 3.30-5.40-8-10.20 | |
| THE RING TWO | KL. 10.20 | B.I. 16 |
| BANGSÍMON OG FRÍLLINN ísl. tal | KL. 4 | |

## KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| THE PACIFIER | KL. 8-10 | |
| MILLION DOLLAR BABY | KL. 8-10.30 | |

## AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| BOOGEYMAN | KL. 8-10 | B.I. 16 |
| SVAMPUR SVEINSSON | KL. 8 | |
| THE PACIFIER | KL. 6-8-10 | |

## KRINGLAN

| | | |
|---|---|---|
| BOOGEYMAN | KL. 6-8.30-10.30 | B.I. 16 |
| SVAMPUR SVEINSSON ísl. tal | KL. 6 | |
| MISS GONGENIALITY 2 | KL. 8.15 | |
| THE PACIFIER | KL. 6-8-10.30 | |
| THE RING TWO | KL. 10.30 | B.I. 16 |

SAMBÍÓIN




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Napoleon Dynamite | kl. 6, 8 og 10 | | A Hole in my Heart | kl. 10.30 | b.i. 16 |
| Vera Drake | kl. 10 | | Life Aquatic with Steve Zissou | kl. 5.45 | b.i. 12 |
| The Motorcycle Diaries | kl. 10.30 | | Life and Death of Peter Sellers | kl. 8 og 10.30 | |
| Maria Full of Grace | kl. 5.50 | b.i. 14 | Million Dollar Baby | kl. 8 | b.i. 14 |
| Über Goober */** | kl. 8 | | | | |
| Garden State * | kl. 5.45 | b.i. 16 | | | |

* Enskt tal - ekki texti / ** Myndin er sýnd af skjávarpa









**Kodak** EasyShare CX7330
- 3,1 milljón pixla
- 3x optískur og 3,3 x stafrænn aðdráttur
- Kodak linsa
- 1.6" skjár
- Video með hljóði
- Auðveld í notkun
- Verð: 14.900 kr



2.980kr. á mánuði*

TILBOÐ
Myndavél og prentstöð
Verð aðeins 24.900 kr



4.980kr. á mánuði*

**Kodak** CX 7330 og prenttengistöð saman í pakka
- Prentar út myndir í 10x15 stærð
- Hleður rafhlöðuna í myndavélinni
- Hægt að prenta út án þess að tengja við tölvu
- Verð: 24.900 kr

256 mb minniskort
fæst á aðeins 1.990 kr
með þessum myndavélum

**Kodak** EasyShare LS743
- 4 milljón pixla
- 2,8x optískur og 3,6x stafrænn aðdráttur
- Schneider linsa
- 1,8" skjár
- Video með hljóði
- Lithium Ion rafhlaða og hleðslutæki
- Lítil og nett
- Verð: 29.900 kr



5.980kr. á mánuði*

SAMSUNG Digimax A-400
- 4.0 miljón pixlar
- 2,8x optískur og 4x stafrænn aðdráttur
- 2" gæða skjár
- Video með hljóði eins og kort leyfir
- 16MB innra minni
- PictBridge
- AA hleðslusett fylgir
- Verð: 19.950 kr



3.990kr. á mánuði*

www.hanspetersen.is

HANS PETERSEN

Kodak EXPRESS

* Verð miðast við léttgreiðslur Visa eða Euro til fimm mánaða

# VIÐ TÆKIÐ | Af íslenskri kvikmyndagerð

**EDDA JÓHANNSDÓTTIR** FAGNAR GÖMLUM VINUM Á STAUPASTEINI.

Frestunarárátta getur birst í ýmsum myndum og ein leið til að fresta verkefnum er að detta í gegndarlaust sjónvarpsgláp. Þrátt fyrir ótrúlega lélegar bíómyndir á öllum stöðvum um síðustu helgi horfði ég á tvær, báðar á bíórásinni. Ég hefði ekki getað nýtt tímann verr. Íslenska kvikmyndin Skammdegi, sem ég sá reyndar í bíó fyrir margt löngu, hafði ekki skánað með árunum. Og þrátt fyrir einhverja framför í íslenskri kvikmyndagerð undanfarin misseri eru íslenskar bíómyndir enn alveg ferlega illa heppnaðar. Kannski vantar bara almennilegar sögur til að kvikmynda. Myrkur, kuldi og niðurnídd hús á hjara veraldar, að ógleymdum persónum sem minna helst á úrkynjað „hill-billies“-lið, er ekki þess eðlis að vekja áhuga útlendinga á landinu. En það er jú tilgangurinn, er það ekki? Að komast á kortið. Kynna land og þjóð.

Ég hef heldur ekki fylgst með íslenska „sit cominu“ Reykjavíkurnóttum að neinu gagni, en það sem ég hef séð er svo sem allt í lagi. Það er samt ekki eins og manni sé ekki sama þó maður missi af þætti. Ég fagna hins vegar gömlum þáttum af Staupasteini og vil helst ekki missa af einni einustu uppákomu á barnum. Samt er ég búin að sjá þetta allt áður. Það er kosturinn við gott sjónvarpsefni. Maður getur horft á það aftur og aftur. Það er hinsvegar ekki sanngjarnt að kvarta yfir sjónvarpsdagskránni yfirleitt. Það líður ekki það kvöld að ekki sé eitthvað einhversstaðar



Sam og Díana á Staupasteini eldast vel, öfugt við íslenskar bíómyndir.

sem mann langar að sjá. Galdurinn er frekar að stilla sig um að leggjast flatur og kynda enn frekar undir frestunaráráttunni.



▶ 22.20 *Drama*

**Desperate Housewives. Þáttaröð um konur í úthverfi sem velta fyrir sér sjálfsmorði vinkonu sinnar.**



▶ 23.05 *Bíó*

**L.A.Law: The Movie. Sjónvarpsmynd þar sem leikarar úr vinsælli lögfræðiþáttaröð snúa aftur.**



▶ 22.00 *Raunveruleiki*

**The Swan. Hér er á ferð tvöfaldur úrslitaþáttur þar sem „Fegursti svanurinn“ verður valinn.**

## SJÓNVARPIÐ

**16.45** Handboltakvöld **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Stundin okkar
**18.30** **Spæjarar (7:26)** (Totally Spies I)

**19.00** **Fréttir, íþróttir og veður**

**19.40** **Íslandsmótið í handbolta** Bein útsending frá öðrum leik í undanúrslitum kvenna í úrslitakeppni Íslandsmótsins í handbolta.
**21.15** **Sporlaust (6:24)** (Without A Trace II) Bandarísk spennuþáttaröð um sveit innan Alríkislögreglunnar sem leitar að týndu fólki. Aðalhlutverk leika Anthony LaPaglia, Poppy Montgomery, Marianne Jean-Baptiste, Enrique Murciano og Eric Close.
**22.00** **Tíufréttir**
▶**22.20** **Aðþrengdar eiginkonur** (Desperate Housewives) Húsmóðir í úthverfi fyrirfer sér og segir síðan sögur af vinkonum sínum fjórum sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar. Aðalhlutverk leika Teri Hatcher, Felicity Huffman, Marcia Cross, Eva Longoria og Nicolette Sheridan. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**23.05** Soprano-fjölskyldan (1:13) **0.00** Dagskrárlok.

## STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Oprah Winfrey **10.20** Ísland í bítið

**12.20** Neighbours **12.45** Í fínu formi **13.00** Jag (11:24) (e) **13.45** 55 Degrees North (5:6) (e) **14.45** The Block 2 (19:26) **15.30** Punk'd 2 (e) **16.00** Kóngulóamaðurinn **16.25** Með Afa **17.20** Leirkarlarnir **17.25** Vaskir Vagnar **17.30** Litlir hnettir **17.40** Ljósvakar **18.18** Ísland í dag

**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**19.00** **Ísland í dag**
**19.35** **Simpsons** (Simpson-fjölskyldan) (Marge gets a job)
**20.00** **Strákarnir**
**20.30** **American Idol 4 (28:41)** (Aðeins átta keppendur eru eftir.)
**21.10** **American Idol 4 (29:41)** (Úrslitin – hver ætli detti út?)
**21.55** **Mile High (3:26)** (Háloftaklúbburinn 2) Áhafnarmeðlimirnir eru enn við sama heygarðshornið. Þeir kvarta ótt og títt yfir lélegum aðbúnaði og hörmulegum launum en eru samt alsælir með starfið! Bönnuð börnum.
**22.40** **Third Watch (3:22)** (Næturvaktin 6) (Last Will And Testament) Næturvaktin er framhaldsþáttur sem fjallar um hugdjarfan hóp fólks sem eyðir nóttinni í að bjarga öðrum úr vandræðum á götum New York-borgar. Bönnuð börnum.

▶ **23.25** L.A.Law: The Movie **0.50** Medium (5:16) **1.35** The New Guy **3.00** Fréttir og Ísland í dag **4.20** Ísland í bítið **6.20** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SKJÁREINN

**17.30** According to Jim (e) **8.00** America's Next Top Model (e) **8.50** Þak yfir höfuðið (e) **9.00** Óstöðvandi tónlist **17.50** Cheers – 2. þáttaröð (7/22) **18.20** Fólk – með Sirrý (e)

**19.15** **Þak yfir höfuðið** Skoðað verður íbúðarhúsnæði; bæði nýbyggingar og eldra húsnæði en einnig atvinnuhúsnæði, sumarbústaðir og fleira og boðið upp á ráðleggingar varðandi fasteignaviðskipti, fjármálin og fleira.
**19.30** **Will & Grace (e)**
**20.00** **Malcolm In the Middle** Vandamál Malcolms snúast sem fyrr um að lifa eðlilegu lífi.
**20.30** **The King of Queens** Doug eyðileggur tilraunir Carrie til að vera meira með samstarfsmönnum sínum. Spence og Danny átta sig á að konur eru hrifnar af körlum sem hugsa um eldri borgara og nota Arthur sem beitu.
**21.00** **Boston Legal**
▶**22.00** **The Swan – tvöfaldur úrslitaþáttur** Veruleikaþættir þar sem sérfræðingar breyta nokkrum ósköp venjulegum konum í sannkallaðar fegurðardísir!

**23.30** Jay Leno **0.15** America's Next Top Model (e) **1.00** The Mountain (e) **1.45** Þak yfir höfuðið (e) **2.55** Cheers – 2. þáttaröð (7/22) (e) **3.20** Óstöðvandi tónlist.

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Monty Python's The Meaning Of Life **8.00** If These Walls Could Talk II **10.00** Treasure Planet **12.00** Molly **14.00** Monty Python's The Meaning Of Life **16.00** If These Walls Could Talk II **18.00** Treasure Planet **20.00** Eight Legged Freaks (Bb) **22.00** Predator II (Strangl. bb) **0.00** Cubbyhouse (Strangl. bb) **2.00** Possessed (Strangl. bb) **4.00** Predator II (Strangl. b. b.)

## OMEGA

**8.00** Miðnæturhróp **8.30** Kvöldljós **9.30** Joyce M. **10.00** Daglegur styrkur **11.00** Ísrael í dag **12.00** Ewald F. **12.30** Freddie F. **13.00** Daglegur styrkur **14.00** Joyce M. **14.30** Mack L. **15.00** Samverustund (e) **16.00** Daglegur styrkur **17.00** Acts Full Gospel **17.30** Gunnar Þorsteinsson (e) **18.00** Joyce M. **18.30** Mack L. **19.00** Daglegur styrkur **20.00** Kvöldljós **21.00** Um trúna og tilveruna **21.30** Joyce M. **22.00** Daglegur styrkur

## AKSJÓN

**7.15** Korter **20.30** Andlit bæjarins **21.00** Andlit bæjarins. Liberty Stands Still. **23.15** Korter

## ERLENDAR STÖÐVAR

**SKY NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**CNN INTERNATIONAL**
Fréttir allan sólarhringinn.

**FOX NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**EUROSPORT**
**12.30** Boxing **14.30** Football: UEFA Cup **16.00** Tennis: WTA Tournament Charleston **17.30** FIA World Touring Car Championship By Lg: FIA WTCC Mag **18.00** Boxing **20.00** Football: Gooooal ! **20.15** News: Eurosportnews Report **20.30** Football: UEFA Cup **22.00** Football: UEFA Champions League the Game

**BBC PRIME**
**12.00** Monarch of the Glen **12.50** Teletubbies **13.15** Tweenies **13.35** Fimbles **13.55** Balamory **14.15** Binka **14.25** Bill and Ben **14.35** Intergalactic Kitchen **15.00** The Weakest Link **15.45** Bargain Hunt **16.15** Ready Steady Cook **17.00** Doctors **17.30** Eastenders **18.00** Keeping Up Appearances **18.30** Yes Minister **19.00** Clocking Off **20.00** Maria Callas: a Big Destiny **21.00** Mastermind **21.30** Happiness **22.00** Two Thousand Acres of Sky **23.00** Ray Mears' Extreme Survival **0.00** Antarctica **1.00** Secrets of the Ancients

**ANIMAL PLANET**
**12.00** A Man Called Mother Bear **13.00** The African King **14.00** Animal Cops Houston **15.00** The Planet's Funniest Animals **15.30** Amazing Animal Videos **16.00** That's My Baby **17.00** Lyndal's Lifeline **18.00** Dolphinmania **19.00** A Man Called Mother Bear **20.00** Miami Animal Police **21.00** Chimpanzee Diary **22.00** Pet Rescue **22.30** Breed All About It **23.00** Wildlife SOS **23.30** Aussie Animal Rescue **0.00** Cell Dogs

**NATIONAL GEOGRAPHIC**
**12.00** Dogs with Jobs **12.30** Totally Wild **13.00** Ultimate Survivor – The Mystery of Us **15.00** Sloth – The 7th Deadly Sin **16.00** Battlefront **16.30** Battlefront **17.00** Explorations **18.00** Dogs with Jobs **18.30** Totally Wild **19.00** Sloth – The 7th Deadly Sin **20.00** Great Bear Rainforest **21.00** Amazon Claws **22.00** Shipwreck Detectives **23.00** Wanted – Interpol Investigates **0.00** Explorations

**DISCOVERY**
**12.00** Mummy Autopsy **13.00** Flying Heavy Metal **13.30** Rivals **14.00** Extreme Machines **15.00** Rex Hunt Fishing Adventures **15.30** Hooked on Fishing **16.00** We Built This City **17.00** Wheeler Dealers **18.00** Myth Busters **19.00** Forensic Detectives **20.00** FBI Files **22.00** Forensic Detectives **23.00** Extreme Machines **0.00** Tanks

**MTV**
**13.00** SpongeBob SquarePants **13.30** Wishlist **14.00** TRL **15.00** Dismissed **15.30** Just See MTV **16.30** MTV:new **17.00** The Base Chart **18.00** Pimp My Ride **18.30** Damage Control **19.00** Punk'd **19.30** Jackass **20.00** Top 10 at Ten **21.00** Dirty Sanchez **22.00** Superock **23.00** Just See MTV

VH1
**15.00** So 80s **16.00** VH1 Viewer's Jukebox **17.00** Smells Like the 90s **18.00** VH1 Classic **18.30** Then & Now **19.00** Bands Reunited **20.00** Fabulous Life Of **20.30** Fabulous Life Of **21.00** VH1 Rocks **21.30** Flipside **22.00** VH1 Hits

**CLUB**
**12.10** Vegging Out **12.40** Other People's Houses **13.30** Hollywood One on One **14.00** Cheaters **14.45** Girls Behaving Badly **15.10** Lofty Ideas **15.35** Paradise Seekers **16.00** Yoga Zone **16.25** The Method **16.50** Other People's Houses **17.40** Paradise Seekers **18.05** Matchmaker **18.30** Hollywood One on One **19.00** Girls Behaving Badly **19.25** Cheaters **20.10** Ex-Rated **20.45** Sex and the Settee **21.10** Men on Women **21.35** Sextacy **22.25** Great Gardens **23.10** Come! See! Buy! **23.40** Cheaters

**E! ENTERTAINMENT**
**12.00** E! News **12.30** Behind the Scenes **13.00** The E! True Hollywood Story **14.00** Style Star **14.30** Love is in the Heir **15.00** 101 Biggest Celebrity Oops! **17.00** Jackie Collins Presents **18.00** E! News **18.30** Extreme Close-Up **19.00** The E! True Hollywood Story **20.00** Style Star **20.30** Fashion Police **21.00** Scream Play **22.00** 101 Juiciest Hollywood Hookups **23.00** E! News **23.30** Life is Great with Brooke Burke **0.00** The E! True Hollywood Story

**CARTOON NETWORK**
**12.20** Samurai Jack **12.45** Foster's Home for Imaginary Friends **13.10** Ed, Edd 'n' Eddy **13.35** Codename: Kids Next Door **14.00** Dexter's Laboratory **14.25** The Cramp Twins **14.50** The Powerpuff Girls **15.15** Johnny Bravo **15.40** Megas XLR **16.05** Samurai Jack **16.30** Tom and Jerry **16.55** Scooby-Doo **17.20** Looney Tunes **17.45** Ed, Edd 'n' Eddy **18.10** Codename: Kids Next Door **18.35** Dexter's Laboratory

**JETIX**
**12.10** Lizzie Mcguire **12.35** Braceface **13.00** Hamtaro **13.25** Moville Mysteries **13.50** Pokémon VI **14.15** Digimon I **14.40** Spider-Man **15.05** Sonic X **15.30** Totally Spies

**MGM**
**12.10** Star for Two, a **13.45** Island of Dr. Moreau, the **15.25** Man of Passion **17.00** Some Girls **18.35** Welcome to Woop Woop **20.10** Tale of Ruby Rose **21.50** Cool Change **23.20** Gallant Hours **1.15** Breeders

# VIÐ MÆLUM MEÐ...

## AMERICAN IDOL 4

*Stöð 2* **kl. 20.30**

***Heimasíða keppninnar er idolonfox.com.***

### *Aðeins átta eftir*

Aðeins átta keppendur eru eftir í ameríska Idolinu eftir að Nikko Smith var rekinn út í síðustu viku eftir spennandi kvöld.
Í kvöld munu keppendur syngja lög frá árunum sem þau fæddust og ætti það að verða álíka spennandi þáttur og í síðustu viku.
Í upphafi byrjuðu tólf keppendur, sex stúlkur og sex strákar, en af þessum átta sem eftir eru eru aðeins þrjár stelpur þannig að strákarnir virðast hafa yfirhöndina. En það getur allt breyst á einu kvöldi. Hver ætli detti út í kvöld? Ætli það verði Nadia Turner sem hefur verið tæp síðustu vikur eða Scott Savol, dæmdur ofbeldismaður?



Randy, Simon og Paula sjá um dómgæsluna að vanda.

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„That's it, I'm leaving the country. I'm moving to New Mexico."**

**Svar:** Rudy Zolteck úr kvikmyndinni Little Giants frá árinu 1994.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**7.03** Góðan dag með Sigurði G. Tómassyni. **9.03** Dagmál Odds Ástráðssonar og Ragnheiðar Gyðu Jónsdóttur.

**12.15** Hádegisútvarpið – Umsjón: Sigmundur Ernir Rúnarsson og Sigurjón M. Egilsson. **13.01** Hrafnaþing – Umsjón: Ingvi Hrafn Jónsson.

**14.03** Birta – Umsjón: Ritstjórn Birtu. **15.03** Allt og sumt með Hallgrími Thorsteinsson og Helgu Völu Helgadóttur.

**17.59** Á kassanum – Illugi Jökulsson.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**7.05** Árla dags **7.30** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.40** Úr ævintýrum H. C. Andersens **9.50** Morgunleikfimi **10.13** Norrænt **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.50** Auðlind **13.05** Gylltir fjötrar **14.03** Útvarpssagan: Karlotta Lövenskjöld **14.30** Seiður og hélog **15.03** Fallegast á fóninn **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá

**18.25** Spegillinn **19.00** Vitinn **19.27** Sinfóníutónleikar **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Útvarpsleikhúsið: Nóttin syngur söngva sína **23.10** Hlaupanótan

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**7.30** Morgunvaktin **8.30** Einn og hálfur með Gesti Einari Jónassyni **10.03** Brot úr degi

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Dægurmálaútvarp Rásar 2

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **20.00** Útvarp Samfés **21.00** Konsert **22.10** Óskalög sjúklinga

**0.10** Glefsur **1.03** Ljúfir næturtónar

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Halli Kristins

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**9.03** ÓLAFUR HANNIBALSSON **10.03** RÓSA INGÓLFSDÓTTIR **11.03** ARNÞRÚÐUR KARLSDÓTTIR

**12.25** Meinhornið (endurflutningur frá deginum áður) **12.40** MEINHORNIÐ **13.05** JÖRUNDUR GUÐMUNDSSON **14.03** KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR **15.03** ÓSKAR BERGSSON **16.03** VIÐSKIPTAÞÁTTURINN **17.05** GÚSTAF NÍELSSON **18.00** Meinhornið (endurfl) **19.40** Endurfl. frá liðnum degi.

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying



**18.30**

***Bílar***

**Fifth Gear. Breskur bílaþáttur þar sem fjallað er um alls konar bíla sem finnast í gervöllum heiminum.**

## SÝN

**7.00** Olíssport

**14.45** David Letterman **15.30** Stjörnuleikur FIBA. Bein útsending frá stjörnuleik alþjóða körfuknattleikssambandsins, FIBA. Leikið er á Kýpur en Jón Arnór Stefánsson er einn liðsmanna Evrópuúrvalsins.

**18.30** **Fifth Gear** (Í fimmta gír) Breskur bílaþáttur af bestu gerð. Hér er fjallað jafnt um nýja sem notaðbíla en ökutæki af nánast öllum stærðum og gerðum koma við sögu. Greint erfrá nýjustu tíðindum úr bílaiðnaðinum og víða leitað fangað.
**19.00** **UEFA Cup** (Sporting – Newcastle) Bein útsending frá síðari leik Sporting Lissabon og Newcastle United í 8 liða úrslitumí Evrópukeppni félagsliða. Newcastle vann fyrri leikinn, 1-0, með marki frá Alan Shearer. Sigurliðið mætir Villarreal eða Alkmaar í undanúrlitum.
**21.05** **Þú ert í beinni!** Beinskeyttur umræðuþáttur um allt það sem er efst á baugi í íþróttaheiminumhverju sinni.
**22.00** **Olíssport**
**22.30** **David Letterman**

**23.15** Stjörnuleikur FIBA **0.45** Þú ert í beinni! **1.40** Boltinn með Guðna Bergs

## POPP TÍVÍ

**7.00** Jing Jang **18.00** Fríða og dýrið **19.00** Íslenski popp listinn **21.30** I Bet You Will **22.03** Jing Jang **22.40** Kenny vs. Spenny **23.10** Sjáðu (e)

**TCM**

**19.00** Grand Prix **21.45** The Formula **23.40** They Died With Their Boots On **1.55** Week-end at the Waldorf

**HALLMARK**

**12.45** Erich Segal's Only Love **14.15** By Dawn's Early Light **16.00** Early Edition **16.45** Long Shot **18.30** Frankenstein **20.00** Law & Order Vi **20.45** Scarlett **22.15** Long Shot **0.00** Law & Order Vi **0.45** Scarlett **2.15** Frankenstein

**BBC FOOD**

**12.00** Rick Stein's Fruits of the Sea **12.30** Ready Steady Cook **13.00** Deck Dates **13.30** Grigson **14.00** Can't Cook Won't Cook **14.30** Friends for Dinner **15.30** Ready Steady Cook **16.00** Nigella Bites **16.30** Nigel Slater's Real Food **17.00** United States of Reza **17.30** James Martin: Yorkshire's Finest **18.30** Ready Steady Cook **19.00** Deck Dates **19.30** Galley Slaves **20.00** Can't Cook Won't Cook **20.30** Tyler's Ultimate **21.30** Ready Steady Cook

**DR1**

**12.15** Farverigt i sort og hvidt **12.50** Rabatten **13.20** Hvad er det værd? **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** Boogie **15.00** Konrad og Bernhard **15.30** Kim Possible **16.00** Fandango – med Chapper **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Nyhedsmagasinet **17.30** Lægens bord **18.00** Kender du typen? **18.30** Konsum **19.00** TV Avisen **19.25** Penge **19.50** SportNyt **20.00** Det ægte par **20.30** Dolly og Kazim **21.00** Negermagasinet **21.30** Drabsafdelingen **22.20** Boogie

**SV1**

**13.00** Wild Kids **14.00** Rapport **14.05** Djursjukhuset **14.35** Perspektiv **15.05** Anslagstavlan **15.10** Karamelli **15.45** Pi **16.00** BoliBompa **16.01** Piggley Winks äventyr **16.25** Barnen på Lilla Akademin **16.45** Lilla Aktuellt **17.00** Raggadish **17.30** Rapport **18.00** Mat/Niklas **18.30** Helt historiskt **19.00** Naturfilm – Björn och människa **20.00** Compadre **21.30** Rapport **21.40** Kulturnyheterna **21.50** Uppdrag Granskning **22.50** Orka! Orka! **23.35** Sändningar från SVT24 **4.00** Gomorron Sverige


Mikið úrval af sófum
og borðstofuhúsgögnum

opið virka daga 10-18
laugardaga 11-16
sunnudaga 13-16










mira art
HÚSGÖGN

BÆJARLIND 6
201 KÓPAVOGI
SÍMI 554 6300







KORTER.IS

## AÐ MÍNU SKAPI

**AÐALBJÖRG ARNA G. SMÁRADÓTTIR, UNGFRÚ NORÐURLAND 2005**

# Íslandsklukkan, Strikið og kjólastúss



**TÓNLISTIN** Í augnablikinu er „þægileg“ tónlist í uppáhaldi; *Emilíana Torrini, Mugison, Norah Jones, Jeff Buckley* og *Hjálmar*. Annars er ég alæta á tónlist og get hlustað á nánast hvað sem er, sé ég í rétta skapinu.

**BÓKIN** Er að lesa *Íslandsklukkuna* eftir Halldór Laxness. Hún lofar góðu þótt ég sé ekki komin langt með hana. Þá eiga skólabækurnar hug minn allan. Ég gleymi bæði stund og stað í næringar- og heilbrigðisfræði.

**BÍÓMYNDIN** Ég hef lítið farið í bíó undanfarið og sá síðast *Bridget Jones: The Edge of Reasons*. Sú var ekki alveg jafn góð og ég átti von á. Svo er *Scarface* alltaf í uppáhaldi hjá mér, einhverra hluta vegna, enda stök snilld.

**BORGIN** Af þeim borgum sem ég hef heimsótt er Kaupmannahöfn eftirlætið. Það er eitthvað við miðbæ Kaupmannahafnar sem heillar mig, og Strikið frábært heim að sækja því þar er svo mikið um að vera og margt að sjá. Annars eru New York, Mílanó og París efstar á óskalistanum akkúrat núna.

**BÚÐIN** Ég verð að nefna flestallar NTC-búðirnar. Ég versla langmest af mínum fötum þar og get endalaust fundið eitthvað fallegt þegar ég kíki í Centrum, Deres, Gallerí Sautján og Retro. Finnst líka rosalega gaman að skoða íslenska hönnun.

**VERKEFNIÐ** Ég hef nýlokið þátttöku í Fegurðarsamkeppni Norðurlands sem var virkilega gaman og í kjölfarið fullt af tækifærum fyrir mig. Ég var líka svo heppin að vera valin til að taka svo þátt í Ungfrú Ísland í maí þannig að framundan eru áframhaldandi spennandi tímar með líkamsrækt, hollum mat, kjólastússi og tilheyrandi. Þá er meira en nóg að gera í skólanum og stutt í að vorpróf hefjist.



## HRÓSIÐ

*... fá læknanemarnir Dagur Bjarnason og Brynjólfur Mogensen sem ætla að hlynna hrjáðum og sjúkum á Indlandi í sumar.*



**Lárétt:** 2 sterkur, 6 byrði, 7 heimspekistefna, 9 endir, 11 sólguð, 12 geil, 14 lokar af, 16 íþr. fél., 17 vend, 18 hvíldu, 20 bardagi, 21 snilli.

**Lóðrétt:** 1 víntegund, 3 geimvera, 4 hleðslurnar, 5 aska, 7 matreiddi, 10 ílát, 13 blóm, 15 langferðabíll, 16 grænmeti, 19 bandaríkin.

**Lausn**

**Lárétt:** 2 megn, 6 ok, 8 taó, 9 lok, 11 ra, 12 skarð, 14 króar, 16 ka, 17 snú, 18 áðu, 20 at, 21 líst.

**Lóðrétt:** 1 bols, 3 et, 4 garðana, 5 nóa, 7 kokkaði, 10 kar, 13 rós, 15 rúta, 16 kál, 19 us.

**[ VEISTU SVARIÐ ]**

Svör við spurningum á bls. 8

1 Rover.

2 Bóhem.

3 Fjölgaði.

» FASTUR
birta
» PUNKTUR



FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

**STRÁKARNIR OKKAR** Björn Hlynur Haraldsson, aðalleikari Strákanna okkar, og Róbert Douglas leikstjóri á tökustað.

**KVIKMYNDAFRAMLEIÐANDINN KISI**: ÝMISLEGT Í FARVATNINU

# Gerir íslenskan vestra

Það er ýmislegt spennandi í farvatninu hjá kvikmyndafyrirtækinu Kisa, sem að baki standa framleiðendurnir Júlíus Kemp kvikmyndagerðarmaður og Ingvar Þórðarson athafnamaður. Kisi framleiðir meðal annars bíómyndina *Strákana okkar* í leikstjórn Róberts Douglas, sem nú er farið að sýna úr svipmyndir í bíó, og næstu verkefni eru ekki neinir smámunir.

Þeir Júlíus og Ingvar vilja sem minnst segja um yfirstandandi verkefni en á heimasíðu Kisa má forvitnast um það sem er í bígerð. Þar má fyrst nefna *Kane*, sem er „íslenskur vestri“, sá fyrsti sinnar tegundar í kvikmyndaheiminum – blanda af kúrekamynd og „film noir“. Ekki minni menn en verðlaunaskáldið Sjón skrifar handritið og allsherjargoðinn Hilmar Örn Hilmarsson sér um tónsmíðar. Orðsporið segir að Kane byggi lauslega á sögunum um Morgan Kane, en í myndinni heitir söguhetjan Jefferson Kane.




**MORGAN KANE** Ofurtöffarinn og kúrekinn Morgan Kane eru uppáhaldsbókmenntir margra.

Þá er á dagskránni kvikmynd um hóp hvalaskoðunarmanna sem lenda í sjávarháska og er bjargað um borð í hvalveiðiskip. Myndin hefur vinnuheitið *Reykjavík Whale Watcher Massacre*, sem segir talsvert um blóðugan söguþráðinn, en á Kisa segir að myndin finni sig mitt á milli *Texas Chainsaw Massacre* og *Blair Witch Project*, blandað svörtum húmor *Evil Dead*.

Í burðarliðnum er einnig kvikmynd byggð á sögu Gunnars Gunnarssonar og nefnist *The Good Shepard*.

Hvenær þessar bíómyndir líta dagsins ljós er enn á huldu, en vissulega metnaðarfull og spennandi framleiðslan hans Kisa. ■

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Össur Skarphéðinsson**, formaður Samfylkingarinnar, er síður en svo af baki dottinn í formannsslagnum. Hann upplýsir það á bloggsíðu sinni að hann sé í banastuði og á þönum frá morgni til kvölds. Mikið úthald sitt rekur hann síðan til mataræðis, hreyfingar og ekki síst ísbaða. Hann fer reglulega í ræktina í Laugum en að loknum æfingum fer hann í gufu og í ískalda sturtu. Össur hefur kennt einum af þjálfurunum í Laugum þessa aðferð og sá hefur gert ísbað Össurar að manndómsvígslu skjólstæðinga sinna og manar þá til að standa jafn lengi undir ísköldu steypibaðinu og formaður Samfylkingarinnar. Össur útilokar ekki að fá kraftinn í Laugum. „En kannski er það bara vegna þess að ég finn hvað baráttan gengur miklu betur en fyrir nokkrum vikum,“ segir Össur og klykkir út með vígorðinu „You ain't seen nothing yet!“ en eins og mörgum er enn í fersku minni fer kaldur hrollur um stórlaxa á borð við yfirmenn Baugs þegar Össur notar þennan frasa. Þá er hann til alls líklegur.



**Rithöfundarnir Þráinn Bertelsson** og **Ágúst Borgþór Sverrisson** deildu hart um jólin á heimasíðu þess síðarnefnda eftir að Ágúst Borgþór fór neikvæðum orðum um bók Þráins, Dauðans óvissi tími. Þráni þótti Ágústi, sem sjálfur var með bók í jólaflóðinu, ekki sæmandi að ritdæma verk kollega sinna og vandaði honum ekki kveðjurnar. Sættir virðast hafa tekist með höfundunum ef marka má nýja færslu á bloggsíðu Ágústs sem hitti Þráin á förnum vegi í Prag á dögunum. Þar sýndi Þráinn á sér kunnuglega hlið og var Ágúst Borgþóri hinn besti félagsskapur: „Þráinn borgaði bjórinn minn og var hinn elskulegasti. Ég hef ekki hitt hann í persónu fyrr, bara séð hann í sjónvarpi, en mér fannst hann vera einstaklega ferskur og frísklegur, kannski líður honum bara svona vel í Prag...“








# Ný plata Sigur Rósar í september

Nýjasta plata hljómsveitarinnar Sigur Rósar er væntanleg í september. Platan átti upphaflega að koma út í júní en að sögn Jóns Þórs Birgissonar, söngvara sveitarinnar, ákváðu þeir að seinka útgáfunni um nokkra mánuði. Þetta eru vafalítið mikil vonbrigði fyrir hina fjölmörgu aðdáendur sveitarinnar bæði hér heima og erlendis.

Sigur Rós fer í umfangsmikla tónleikaferð í sumar til að hita upp fyrir plötuna og hefst hún í Bretlandi 8. júlí. Því næst taka við tónleikar í Frakklandi, Hollandi, Belgíu, Kaupmannahöfn, Þýskalandi og á Ítalíu. Þann 31. júlí spilar sveitin síðan á Fuji Rock-tónleikahátíðinni í Japan en þar troða einnig upp sveitir á borð við Foo Fighters, Queens of the Stone Age og The Beach Boys. Þetta verður í annað sinn sem Sigur Rós spilar í Japan en hún hefur áður spilað á Summer Sonic-hátíðinni þar í landi.

Í framhaldi af Japansreisunni fer sveitin síðan til Ástralíu og spilar þar í fyrsta sinn. Í september tekur sveitin síðan við tónleikaferð um Bandaríkin til að fylgja eftir útgáfu plötunnar. Tónleikar hér á landi hafa ekki verið ákveðnir. ■



**SIGUR RÓS** Hljómsveitin Sigur Rós er á leiðinni í tónleikaferð um heiminn.

ESTĒE LAUDER GJÖFIN ÞÍN ESTĒE LAUDER GJÖFIN ÞÍN ESTĒE LAUDER GJÖFIN ÞÍN

# ESTĒE LAUDER GJÖF

## GJÖFIN ÞÍN

Fáðu þessa fallegu tösku að gjöf* fulla af snyrtivörum. Það nýjasta úr förðunarlínunni eins og Lash XL Maximum Length mascara, nýtt varagloss og varalit. Að auki nauðsynleg krem, Advanced Night Repair viðgerðar dropa fyrir andlit og augnkrem. Allt þetta fyrir þig ef þú verslar Estée Lauder vörur fyrir 4.200 krónur eða meira í snyrtivörudeildum Hagkaupa dagana 14. – 20. apríl. (verðgildi gjafarinnar er um kr. 8900.-)

*Meðan birgðir endast





NÚ ER RÉTTI TÍMINN TIL AÐ PRÓFA

## Nýtt. Toning Bust Serum

Body Performance Toning Bust serum er sermi í gelformi sem auðvelt er að bera á og smýgur strax inn í húðina. Ný tækni sem við höfum þróað og köllum "sýndarhaldarann" felur í sér einstaka teygjufjölliðu sem stuðlar að því að lyfta brjóstunum og gera þau stinnari. Kollagen og elastín efla einnig stuðningsvef húðarinnar sjálfrar og ná fram meiri lyftingu. Nýrri sjónrænni tækni er svo beitt til að gera húðina sléttari og áferðarfallegri þannig að háls og barmur njóti sín.

Gildir til 20. apríl eða á meðan birgðir endast.

Fæst í snyrtivöruverslunum Hagkaupa.

**HAGKAUP**

*Skemmtilegast að versla*

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000



» FASTUR

birta

» PUNKTUR

ÓKEYPIS LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ

á hverju fimmtudagskvöldi kl. 19.30 til 22.00 í síma 5511012.

ORATOR, félag laganema við Háskóla Íslands.




BAKÞANKAR

JÓNS GNARR

## Unglingar

Ég las grein í einu blaðanna á dögunum. Greinin var um að skemmdarverk hefðu verið unnin á listaverkum í Hellisgerði í Hafnarfirði. Í greininni var gengið útfrá því og sagt berum orðum að þarna hefðu unglingar verið á ferð. Það kom samt ekki fram að neinir skemmdarvargar hefðu verið gripnir. En auðvitað voru þetta unglingar. Hverjir aðrir?

**ÉG MAN** eftir þessari afstöðu frá því ég var sjálfur unglingur. Að vera unglingur í Reykjavík var oft eins og að vera svertingi í Alabama. Fullorðið fólk gat verið dónalegt við mig en ef ég var dónalegur á móti þá varð allt vitlaust.

**ÉG KEYRÐI LEIGUBÍL** í Reykjavík í eitt ár, fyrir mörgum árum síðan. Ég keyrði mikið í miðbænum um helgar og keyrði fólk heim sem hafði verið að skemmta sér í bænum. Ég lenti aldrei í því að unglingar væru með neitt vesen. Þeir voru yfirleitt kurteisir og borguðu fyrir bílinn möglunarlaust og án stæla. En ég lenti oft í vandræðum með fullorðið fólk, sérstaklega eldra fólk. Oftar en ekki var það sauðdrukkið, dónalegt og með mikla stæla. Á mínum leigubílstjóraferli þurfti ég tvisvar að henda út farþegum. Í fyrra skiptið voru það vel stæð eldri hjón en í seinna skiptið eldri maður. Ég þurfti aldrei að henda út unglingum eða leita aðstoðar lögreglunnar.

**ÞETTA ERU FORDÓMAR** og sambandsleysi milli fólks. Foreldrar þekkja ekki börnin sín og eru hræddir við þau. En fullorðnir eru ekkert vandaðara fólk en unglingar. Þeir ná bara að fela sig betur. Og það er auðvelt að kenna þjóðfélagshópnum unglingum um. Það er enginn sem ver þá. Ef blöðin skrifuðu æsigreinar um hópa dauðadrukkinna ellilífeyrisþega í miðbænum þá yrðu afleiðingar. Fólk mundi skrifa lesendagreinar og mótmæla. Félag eldri borgara mundi kvarta. Sérstaklega ef verið væri að saka ellilífeyrisþega um eitthvað sem ekki væri sannað.

**UNGLINGAR** eru flestir ágætis fólk. Þeir eru misjafnir eins og aðrir. Eins og eldri borgarar. Og samkvæmt þróunarkenningu Darwins eru þeir ögn skárri en kynslóðirnar á undan. Hvað er unglingavandamál? Er það kannski bara fjölskylduvandamál? Vandræðaunglingar eiga yfirleitt vandræðaforeldra.




Ertu í stellingum fyrir bílakaup?

Við erum sérfræðingar í bílafjármögnun.

Hafðu samband í síma 440 4400 eða kynntu þér málið á glitnir.is.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 2374

Breytum hugmyndum í veruleika

Glitnir

Kirkjusandi • 155 Reykjavík • glitnir.is • sími 440 4400

FREMSTIR MEÐAL JAFNINGJA

Firestone

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu



Firestone F590 er að öllum líkindum langódýrasta ALVÖRU fólksbíladekkið sem þér stendur til boða í sumar.

SUMAR DEKKIN

VERÐDÆMI:
13" frá kr.: 4.590.-
14" frá kr.: 6.990.-
15" frá kr.: 7.990.-

BRÆÐURNIR ORMSSON

BRIDGESTONE

Bridgestone D694 eru frábær jeppa- og pallbíladekk, mjúk og gripmikil. Flott dekk sem vekja athygli. Heilsársdekk.






HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA

LÁGMÚLA 9 (ekið inn af Háaleitisbraut) · SÍMAR 530-2846 / 530-2842 / 530-2800